2022

# Bergrisi: Málefni fatlaðs fólks, greining á rekstri og stjórnsýslu og tillögur

Haraldur L. Haraldsson
hagfræðingur
hlh@hlh.is
Arnar Haraldsson
viðskiptafræðingur
arnar@hlh.is
HLH RÁÐGJÖF

Nóvember 2022

# Samantekt

**Fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og þróun framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga**

- Samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga frá árinu 2010 gerði ráð fyrir að 0,95% hækkun útsvarshlutfalls sveitarfélaga færi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Fjármagninu er síðan útdeilt til á grunni SIS matsflokka 4 og ofar.

- Til viðbótar fengu sveitarfélögin 0,25% hækkun á útsvarshlutfalli sem greiðist beint til sveitarfélaga. Þessum tekjum var ætlað að standa straum af útgjöldum vegna grunnþjónustu, t.d. vegna einstaklinga sem flokkast í SIS mati 3 og undir.

- Rekstur málaflokksins var jákvæður árin 2011 og 2012 en varð neikvæður árið 2013 og 2014. Gert var ráð fyrir að endurmat á yfirfærslu málaflokksins færi fram árið 2014 en sú vinna tafðist fram á lok árs 2015. Vegna þróunar í rekstri málaflokksins og tafa á niðurstöðum endurmatsins þá gerðu ríkið og sveitarfélög með sér tímabundið samkomulag um að hækkun útsvarsframlags sveitarfélaga um 0,04% sem færi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

- Árið 2016 var tímabundin hækkun útsvars lögfest ásamt því var ákveðið að ríkisjóður greiði 0,235% af öllum skatttekjum ríkisjóðs inn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

- Úr ríkissjóðir greiðast sérstök viðbótarframlög vegna NPA samninga sem nemur 25% af samningunum.

- Þegar lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 tóku gildi var ekki gert ráð fyrir að þau hefðu í för með sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin. Ætla má samkvæmt i úttekt Ríkisendurskoðunar á innleiðingu og framkvæmd sveitarfélaga á lögunum að meta hefði þurft kostnaðaráhrif laganna . Það var ekki gert þrátt fyrir ákvæði 129 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

- Samhliða innleiðingu laga nr. 38/2018 var gerð breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Breytingin fólst í að 7. kafla laganna fór úr því að vera félagsleg heimaþjónusta í að vera stuðningsþjónusta. Í 26. gr. er að finna skilgreiningu á hverjir eiga rétt á stuðningsþjónustu og að hún geti verið allt að 15 klukkustundir á viku, eða 65 klukkustundir á mánuði, sem jafngildir um 40% af stöðugildi. Fyrir breytingu laganna var engin kvöð á um fjölda klukkustunda sem sveitarfélög ættu að veita í stuðningsþjónustu.

- Hafa skal í huga að 0,25% útsvarshluta sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks er ætlað að standa straum af útgjöldum vegna grunnþjónustu en 0,99% er ætlað að standa undir sérhæfðri þjónustu við fatlað fólk. Þegar samið var um yfirfærsluna voru engin viðlíka ákvæði, þ.e. að félagsþjónusta skuli veita allt að 15 klst. á viku, að finna í lögunum og tóku öll kostnaðarmöt mið af þeim kröfum sem voru á sveitarfélögum á þeim tíma

- Það er mat skýrsluhöfunda að ekki hafi verið tekið tillit til þess að sveitarfélög voru almennt ekki að bókfæra kostnað á grunnþjónustu sveitarfélaga þegar kom að sólarhringsþjónustu sveitarfélaga gagnvart einstaklingum sem tilheyra hópi fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir. Það er að segja stuðningsþjónusta sveitarfélaga var og er almennt ekki að koma að þjónustu einstaklinga sem hafa langvarandi stuðningsþarfir.

- Jafnframt er rétt að komi fram að almennt voru sveitarfélög að veita mun færri klukkustundir á viku í almennri félagsþjónustu. Af þessu má ljóst vera að hér var um veruleg fjárhagslega íþyngjandi lagasetningu að ræða fyrir sveitarfélögin.

- Á árinu 2017 fékk Bergrisi 121,6 m.kr., eða sem samsvarar 11,3% af almennum framlögum frá Jöfnunarsjóði Sveitarfélaga vegna notenda í SIS mats flokki 4. Það var vegna 37 einstaklinga sem féllu undir SIS flokk 4, sem var 29,8% af heildarfjölda einstaklinga sem Bergrisi fékk greitt vegna frá Jöfnunarsjóði það árið.

- Árið 2018 og síðar hefur ekki verið greitt með notendum í SIS flokki 4 og framlögum skipt niður á SIS flokka 5 og ofar

- Hlutfall framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Bergrisa af framlögum samtals til allra sveitarfélaga fór lækkandi fram til ársins 2020 með nokkrum undantekningum. Árin 2020 og 2021 hækkuð hlutföllin á milli ára.

## SIS mat

- Tilgangur með mati á stuðningsþörf er að nýta niðurstöður til úthlutunar fjármagns frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og til að gera einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir um stuðningsþjónustu sveitarfélags og annarra aðila. Mati á stuðningsþörf er ætlað að tryggja markvissa og réttláta skiptingu þess fjármagns sem veitt er af hálfu ríkisins til þjónustu við fatlað fólk.

- Matið metur með samræmdum og hlutlægum hætti stig þess hagnýta stuðnings sem einstaklingar með fötlun þarfnast til að lifa sem eðlilegustu lífi með fullri þátttöku í samfélaginu. Matið nær yfir stuðning á heimili,  við hæfingu, vinnu og annað í lífi hvers og eins.

- Af framanrituðu má ljóst vera mikilvægi þess að þjónustuáætlun, sem gerð er vegna hvers þjónustuþega, sé gerð með hliðsjón af SIS mati eða a.m.k. hún sér borin saman við SIS matið. Leiði sá samanburður til misræmis  sé leitað skýringa á því í hverju mismunurinn liggur.

- Að mati skýrsluhöfunda kæmi til greina að í sveitarfélaginu væri starfandi sérstakur starfshópur sem metur hvort veitt sé þjónusta umfram það sem SIS matið kveður á um, ef um það er að ræða og ekki fæst leiðrétting á SIS mati.

- Á milli áranna 2018 og 2021 hækkuðu almennu framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga samtals um 13,1%.

- Blönduð vísitala launa og verðlags hækkaði um 26,4% milli áranna 2018 og 2021.

## Samantekt úr greiningarskjali starfshóps á vegum félagsmálaráðuneytisins

- Eins og fram kemur á mynd 6 var jákvæð afkoma hjá Bergrisa árið 2018 en verður neikvæð árin þar á eftir.

- Eins og fram kemur á mynd 7 voru tvö sveitarfélög/þjónustusvæði með jákvæða rekstrarniðurstöðu árið 2018.

- Af þessum sveitarfélögum/þjónustusvæðum var rekstrarniðurstaðan best hjá Bergrisa öll árin.

- Mikilvægt er að sveitarfélögin gjaldfæri kostnað vegna yfirstjórnar á samræmdan hátt þar sem greiðslur koma til sveitarfélaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
- Eins og kemur fram í töflu 6 þá eru sveitarfélög að gjaldfæra allt að 11% af tekjum vegna málaflokksins sem kostnað við yfirstjórn, sem verður að teljast mikill kostnaður og óeðlilegt að stjórnunarkostnaður sé svo hár.
- Samkvæmt því sem fram kemur í töflu 6 þá var hlutfall stjórnunarkostnaðar af tekjum hjá Bergrisa um 1,2%.

### Gjaldfærsla undir málaflokki fatlaðs fólks samkvæmt lögum nr. 38/2018

- Við gjaldfærslu á kostnaði undir málaflokk fatlaðs fólks þarf að taka tillit til nokkurra útgjaldaliða sem falla til við þjónustu við fatlað fólk, sem kveðið er sérstaklega á um í öðrum lögum og/eða reglugerðum. Sá kostnaður á ekki að gjaldfærast sem þjónusta við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skv. lögum nr. 38/2018.
- Sveitarfélögunum ber að fjármagna akstursþjónustu áfram eins og hafði verið fyrir yfirfærsluna, þ.e. af almennum tekjum sveitarfélaga.
- „Þá er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir akstursþjónustu samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórnir skulu setja og skal gjaldið vera sambærilegt gjaldi fyrir almenningssamgöngur á viðkomandi svæði.“[1]
- Ef leigutekjur standa ekki undir rekstrarkostnaði þess hluta sem íbúi leigir þá á að gjaldfæra mismuninn á félagsþjónustu sveitarfélaga, ekki sem kostnað við þjónustu fatlaðs fólks skv. lögum nr. 38/2018.
- Kostnaður við rekstur þess hluta húsnæðis, sem ætlað er fyrir starfsmenn og til að veita sérhæfða þjónustu við íbúa, á að gjaldfærast á málaflokkinn sem hluti af kostnaði við að veita þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skv. lögum nr. 38/2018.
- Með vísan til 6. gr. reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016 skal öll endurnýjun á húsgögnum og búnaði, sem ekki telst hluti af fasteigninni sjálfri og ætluð er til sameiginlegra nota íbúa, greiðast af íbúunum sjálfum, enda greiði þeir ekki fyrir sambærilegan búnað eða tæki í sínu einkarými.
- Íbúar greiða hlutdeild í öðrum rekstrarkostnaði svo sem vegna rafmagns og hita þannig að þeir greiða í hlutfalli við stærð einkarýmis af heildarrými húsnæðis og af rými sem notast sameiginlega af íbúum í hlutfalli við fjölda íbúa og starfsmanna, þar sem það á við svo sem ef starfsmannarými er hluti af sameiginlegu rými íbúa.
- Greiðslum vegna fæðiskostnaðar starfsfólks er mismunandi háttað eftir sveitarfélögum, kjarasamningum og búsetuformi þeirra einstaklinga sem starfsfólkið þjónustar. Á flestum stöðum er greiddur fæðispeningur skv. kjarasamningum, um 650 kr., til notanda eða í íbúasjóð og er þá greitt eftir stöðugildum. Ekki er víst að fæðispeningurinn dugi fyrir efniskostnaði matarins og fæst ekki annað séð en að notandinn þurfi þá sjálfur að greiða það sem upp á vantar.
- Engar samræmdar reglur eru til um hver greiði kostnað fyrir starfsmann þegar starfsmaður fer

[1] Tekið úr 29. gr. laga nr. 40/1991.

með notanda á viðburði eða út að borða. Þekkt er að í einhverjum tilfellum greiði notandi sjálfur kostnað starfsmanns í þessum tilvikum. Fyrirkomulagið er mismunandi á milli sveitarfélaga.

- Kostnaður sem fellur til vegna reksturs málaflokksins, svo sem bótagreiðslur, sem rekja má til stjórnsýslu viðkomandi sveitarfélags, á ekki að falla sem kostnaður á málaflokk fatlaðs fólks. Hins vegar má ætla að mál geti komið upp þar sem álitamál getur verið hvernig eigi að gjaldfæra. Fjalla þarf sérstaklega um þau mál.

## Fjárheimild

- Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er fjallað um tilgang fjárhagsáætlana. Fjárhagsáætlun er ekki eingöngu áætlun sem slík heldur eru lögin alveg skýr um að fjárhagsáætlun segir til um fjárheimildir og kemur það skýrt fram í 63. gr. sveitarstjórnarlaga.

- „Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina.“[2]

- Af þessu ákvæði er ljóst að liggi fyrir að útgjaldaliðir stefni í að fara fram úr fjárhagsáætlun (fjárheimild) skal leggja fram viðauka sem sveitarstjórn tekur síðan afstöðu til.

- Sá möguleiki er alltaf fyrir hendi að sveitarstjórn samþykki ekki viðaukann og því ljóst að grípa þarf til viðhlítandi ráðstafana.

- Samkvæmt framanrituðu er það brot á sveitarstjórnarlögum ef farið er fram úr fjárheimildum samkvæmt fjárhagsáætlun án þess að viðauki liggi fyrir.

- Það sjónarmið hefur komið fram í umræðunni að þau réttindaákvæði sem koma fram í lögum nr. 38/2018 vegi þyngra en sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 varðandi fjárheimildir. Þar af leiðandi eru dæmi um það hjá sveitarfélögum að farið hafi verið fram úr fjárheimildum vegna þjónustu við fatlað fólk.

- Það er mat skýrsluhöfunda að hér vegi sveitarstjórnarlögin þyngra, þ.e. ef ekki liggur fyrir fjárheimild vegna tiltekinnar þjónustu þarf að fá viðauka samþykktan áður en til útgjalda er stofnað og það er þá sveitarstjórn sem tekur ákvörðunina en ekki starfsmenn sveitarfélagsins.

## Bergrisinn

- Með aðild sinni að Bergrisanum bs. fela aðildarsveitarfélögin Bergrisanum bs. skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir með lögheimili í aðildarsveitarfélögunum.

- Grunnþjónustu við fatlað fólk, sem veitt er skv. lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, annast sveitarfélögin sjálf, þ.e. sú þjónusta fellur ekki að verkefnum Bergrisans.

- Í 6. grein samþykktanna segir m.a.: „Stjórn byggðasamlagsins getur ekki skuldbundið aðildarsveitarfélögin umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins, gildandi þjónustusamning sveitarfélaganna um málefni fatlaðs fólks, erindisbréfi þjónusturáðs eða í samþykktum Bergrisans bs.“

---

[2] 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

- Í c lið 3. gr. samþykkta Bergrisans er kveðið á um að erindisbréf fyrir þjónusturáð eigi að vera fylgiskjal nr. 3 með samþykktunum.

- Þrátt fyrir ítarlega leit hefur þetta fylgiskjal ekki fundist.

- Samkvæmt upplýsingum frá verkefnastjóra Bergrisans hefur þjónusturáðið stuðst við starfsreglur þjónusturáðs sem virðast hafa verið gerðar á grundvelli gr. 3.1. í samningi um sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlað fólk, sem var starfrækt fyrir stofnun Bergrisans bs.

- Starfandi er fagteymi, sem starfar eftir starfsreglum fagteymisins. Í 9. gr. starfsreglnanna er kveðið á um að þær skuli endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Starfsreglurnar voru endurskoðaðar síðast 5. júní 2019.

- Ekki fundust þjónustusamningar sveitarfélaga, skv. a lið, þegar skýrsluhöfundar óskuðum eftir þeim. Hins vegar var sendur samningur á aðildarsveitarfélögin til samþykktar á árinu 2019. Samningurinn hefur ekki verið undirritaður, sjá fylgiskjal 1. Ekki lágu fyrir upplýsingar um hvort samningar skv. a lið hafi verið gerðir við stofnun Bergrisans eins og kveðið er á um í 3. gr.

- Ekki lá fyrir hvort samningur samkvæmt b lið hafi legið fyrir þegar samþykktirnar voru samþykktar. Hins vegar liggur fyrir undirritaður samningur á milli Bergrisans og Sveitarfélagsins Árborgar skv. b. lið, dagsettur 21. mars 2016, sjá fylgiskjal 2. Fyrir liggja ný drög að samningi á milli Bergrisans og Sveitarfélagsins Árborgar, dags. 2019. Samningsdrögin hafa ekki verið undirrituð, sjá fylgiskjal 3.

### Stjórnskipulag Bergrisans

- Samkvæmt upplýsingum frá Bergrisanum bs. er stjórnskipulag Bergrisans þannig að starfandi er verkefnastjóri hjá Bergrisanum, sem er starfsmaður stjórnar.

- Ekki er kveðið á um verkefnastjóra í samþykktum Bergrisans. Ekki liggur fyrir erindisbréf fyrir verkefnastjórann.

- Hjá Árborg er það þannig að bæði fagleg og rekstrarleg ábyrgð þjónustunnar heyrir undir deildarstjóra félagsþjónustu Árborgar.

- Varðandi VISS á Hvolsvelli, Flúðum og Árborg, þá heyrir rekstur þessara eininga undir sveitarstjóra Rangárþings eystra vegna VISS, Hvolsvelli, sveitarstjóra Hrunamannahrepps vegna VISS á Flúðum og bæjarritara Ölfus vegna VISS á Þorlákshöfn.

- Faglega heyra þessar einingar undir forstöðumann VISS á Selfossi.

- Faglega heyra Birkimörk og Selvogsbraut undir forstöðumann Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings en rekstrarlega annars vegar undir bæjarstjórann í Hveragerði vegna Birkimarkar og hins vegar undir bæjarritarann í Sveitarfélaginu Ölfusi.

### Bergrisinn, rekstur samantekinn

- Tekjur Bergrisans samtals aukast um 19% á milli áranna 2018 og 2021. Á sama tíma aukast gjöldin um 51%.

- Afgangur varð af rekstinum árið 2018, sem nam 128 milljónum króna. Hins vegar var halli árin 2019 til og með 2021. Árið 2021 var hallinn 335 milljónir króna. Samanlögð rekstrarafkoma áranna 2018 til 2021 var var neikvæð um 434,5 milljónir króna.
- Eins og fram kemr í töflu 11 hækka launagjöld á milli áranna 2018 til 2021 um 70% á verðlagi hvors árs vegna þeirra rekstrareininga sem sveitarfélögin reka. Á sama tíma hækkaði meðallaunavísitala opinberra starfsmanna hjá sveitarfélögum um 28,1%.
- Vörukaup hækka um 77,8%. Á sama tíma hækkaði meðatals neysluvísitala um 10,7%.
- Það vekur athygli að öll árin fara rekstrareiningarnar samtals umfram fjárheimildir. Þrátt fyrir að fjárhagsáætlun með viðauka hafi hækkað um 50,1% á tímabilinu. Mest var umframkeyrslan árið 2019, eða sem nam 81 milljón króna.
- Samtals fór reksturinn þessi ár, þ.e. árin 2018 til 2021, 216 milljónir króna umfram fjárheimildir, sem lætur nærri að vera helmingur af hallarekstri Bergrsins samtals árin 2018 til 2021 áður en viðbótarframlög komu frá sveitarfélögunum.
- Yfirvinna var um 20% af mánaðarlaunum þessi ár. Álagsvinna var á bilinu 24 til 27% af mánaðarlaunum. Veikindalaun voru um 7% öll árin nema árið 2021 þegar þau voru 5,6%.
- Stöðugildum fjölgar um 24,03 á tímabilinu, eða um 43%, á sama tíma fjölgar notendum um 2.
- Meðallaunagjöld á hvert stöðugildi árið 2021 voru 12.854 þúsund krónur. Miðað við það var kostnaður árið 2021 vegna fjölgunar stöðugilda á tímabilunu um 24,03 stöðugildi samtals 309 millj. krónur. Samanborið við að afkoma ársins var neikvæð um 335 milljónir króna.
- Á tímabilinu hækka launagjöld vegna þjónustu við notendur sértæks húsnæðis um 48%.
- Öll árin fara þessar rekstrareiningar fram úr fjárheimildum. Mest árin 2020 og 2021 eða 44.597 og 44.330 þúsund krónur hvort ár. Samtals var umfram keyrslan 144 milljónir króna árin 2018 til 2021.
- Launagjöld sem hutfall af gjöldum samtals voru rúm 90% öll árin. Árið 2021 var hutfallið 94,4%.
- Stöðugildum fjölagði um 8,54 á tímabilinu. Notendur voru 20 árin 2018 til 2020 en 19 árið 2021.
- Á milli áranna 2018 og 2021 hækka launagjöld hjá VISS samtals um 45,9%, vörukaup um 51,8% og þjónustugjöld um 47,5%.
- Farið er fram úr fjárheimildum árin 2019 til og með 2021. Árið 2018 var rekstrarniðurstaðan nokkurn vegin á jöfnu við fjárheimildir. Umframkeyrslan var um og innan við 2% af fjárheimildum hin árin.
- Launagjöld voru um 80% af gjöldum samtals. Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum var um 10%. Stöðugildum fjölgaði um 1,69 á tímabilinu.
- Eins og fram kemur á töflu 15 hefur stöðugildum fjölgað um 26,24 á milli áranna 2018 og 2022. Á sama tíma fjölgaði notendum sem eru í þjónustu hjá aðildarsveitarfélögnum um tvo.

- Á milli áranna 2021 og 2022 fjölgaði stöðugildum um 2,21. Stöðugildum fjölgar á milli ára öll árin. Mest var fjölgunin á milli áranna 2018 og 2019, eða um 12,4 og síðan 7,39 á milli áranna 2020 og 2021.

- Framlög vegna notenda á Sólheimum, Skaftholti og Breiðabólstað voru sem hlutfall af almennum framlögum samtals til Bergrisans 38% til 45% árin 2018 til 2020.

- Árið 2020 var rekstri Breiðabólstaðar hætt. Árið 2021 námu almenn framlög vegna Sólheima og Skaftholts 41% af almennum framlögum samtals til Bergrisans.

- Svo virðist sem ekki sé verið að færa kostnað vegna þátttöku í rekstri skrifstofu á sambærilegan hátt hjá sveitarfélögunum.

### Þjónustumiðstöðin Álftarima 2

- Þjónustumiðstöð Álftarima 2 er með tvíþætta þjónustu. Annars vegar skammtímadvöl, sem er þjónusta við fötluð börn og ungmenni með langvarandi stuðningsþarfir og hins vegar sértækur stuðningur (sjálfstæð búseta) sem gerir einstaklingum kleift að búa á eigin heimili, stunda vinnu og njóta menningar og félagslífs.

- Fellur rekstur (laun og launatengd gjöld) sértæks stuðnings alfarið á Sveitarfélagið Árborg. Um er að ræða félagsþjónustu sem fellur undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

- Heimilt er að veita fullorðnu fötluðu fólki, sem býr í foreldrahúsum, skammtímadvöl meðan beðið er eftir annarri þjónustu.

- Þjónustan er veitt yfir vetrartímann (lok ágúst til fyrstu viku í júní) frá kl.13:00 til 08:00 á virkum dögum.

- Þriðju hverja helgi er helgardvöl frá kl. 13:00 á föstudegi til kl. 08:00 á mánudagsmorgun. Um er að ræða helgi með hópi fullorðinna.

- Í skammtímadvöl eru sex rými en fer eftir einstaklingum hvað eru margir hverju sinni.

- Við skammtímadvölina starfa 12 starfsmenn í 7,2 stöðugildum, þar af er forstöðumaður í 50% stöðu.

- Önnur húsaleiga er greiðsla frá leigjendum að Eyrarvegi 46 og Birkihólum 16-18, sem eru þjónustumiðstöðinni óviðkomandi. Á móti er gjaldfærð leiga til Brynju, hússjóðs.

- Jafnframt ber að leggja áherslu á að leigutakar að Eyrarvegi 46 og Birkihólma 16 -18 eru ekki að fá þjónustu skv. lögum nr. 38/2018. Af því verður að ætla að þessi leigugjöld og -tekjur eigi ekki að færast á málaflokk fatlaðs fólk skv. lögum nr. 38/2018 og er þeim rekstri óviðkomandi.

### Frístundaklúbburinn Kópurinn

- Kópurinn er frístundaklúbbur fyrir nemendur á sérnámsbraut Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi. Notendur eru á framhaldsskólaaldri, 16-20 ára, og þurfa sértækan stuðning.

- Kópurinn er þriðja stigs þjónusta, einstaklingsbundin og sérhæfð.

- Notendur eru að mæta eftir skólatíma og varir þjónustan frá kl. 12:45 til 16:30. Stöðugildi eru

3,35. Deildarstjóri er í 0,85 stöðugildi og fimm frístundaleiðbeinendur (ófaglærðir) í 2,5 stöðugildum.

- Þjónustan er veitt í Félagsmiðstöðinni Zelsíuz á Selfossi. Þar var útbúið rými árið 2020 sérstaklega hannað fyrir Kópinn.
- Eins og fram kemur í töflunni og á mynd 14 voru frá 0 upp í 2 notendur á hvern leiðbeinanda (starfsmann). Eingöngu frá kl. 16:00 til 16:30 eru tveir notendur á einn starfsmann. Þar sem kemur fram 0 í töflunni er einn starfsmaður, deildarstjóri, að störfum, en enginn notandi.
- Á milli kl. 12:30 og 14:00 er vel innan við einn notandi á hvern starfsmann, þetta er einnig svona svo til allan þriðjudaginn. Enginn notandi er á fjóra starfsmenn á milli kl. 12:00 og 12:30.
- Leigan var 2.227 þúsund krónur árið 2020 en 3.193 þúsund krónur árið 2021.
- Einnig er rétt að vekja athygli á mikilli hækkun á fjárheimildum á milli áranna 2020 og 2021 eða um 39%. Raunhækkun gjalda var síðan ekki nema 1%. Vara ber við að gerð sé áætlun sem heimilar svo mikla aukningu sem er síðan ekki notuð. Slík áætlunargerð getur leitt til aukinna útgjalda.

**VISS, vinnu og hæfingarstöð Selfossi**

- VISS ,vinnu- og hæfingarstöð, er atvinnutengt úrræði fyrir fólk með skerta starfsgetu og langvarandi stuðningsþarfir.
- Húsið (vinnustaðurinn) er um 750 fermetrar sem skiptist í fjórar starfstöðvar, bast og leir, teloft og sölvapökkun.
- Forstöðumaður VISS á Selfossi er þroskaþjálfi. Hann er jafnframt miðlægur forstöðumaður VISS Þorlákshöfn, Flúðum og Hvolsvelli
- Fatlaðir starfsmenn eru fyrir eða eftir hádegi með undantekningum.
- Að jafnaði eru notendur þjónustunnar frá tveimur klukkustundum á dag í fjórar til fimm klukkustundir.
- Á VISS Selfossi er framreiddur hádegismatur þar sem fatlaðir starfsmenn geta borðað áður en þeir fara heim eða þegar þeir koma sem eru eftir hádegi.
- Fyrir fimm árum var gjaldið fyrir máltíðina ákveðið 350 kr. en var hækkað í 360 kr. um s.l. áramót (2021/2022).
- Laun og launatengd gjöld hækka um 29% á milli áranna 2018 og 2021 á verðlagi hvors árs.
- Húsaleiga er að hækka nokkuð mikið á milli áranna 2020 og 2021. Fer úr 5.412 þúsund krónum í 7.155 þúsund krónur.
- Hér er gjaldfærður kostnaður vegna tölvumála fyrir 1.240 þúsund krónur sem vart getur talist eðlilegur kostnaður fyrir ekki umfangsmeiri rekstur en hér er um að ræða.

## VISS, vinnu og hæfingarstöð Hvolsvelli

- Við VISS á Hvolsvelli eru tveir starfsmenn í 55% og 52% starfshlutfalli, deildarstjóri og þroskaþjálfi/leiðbeinandi, eða samtals 1,07 stöðugildi.
- Notendur sem sækja þjónustuna eru sex. Þjónustan fer fram frá kl. 8:00 til 12:00 á virkum dögum.
- Nú eru 2,5 notendur á hvern leiðbeinanda alla daga vikunnar nema miðvikudaga, þá eru þeir þrír.

### VISS, vinnu og hæfingarstöð Þorlákshöfn

- Við VISS á Þorlákshöfn eru þrír leiðbeinendur að meðtöldum deildarstjóra.
- Launagjöld hækka nokkuð á milli áranna 2019 og 2020, en hækka samtals um 20% á tímabilinu frá 2018 til 2021. Vörukaup hækka um 19% á tímabilinu og þjónustukaup um 18%.
- Húsaleiga var 4.461 þúsund krónur árið 2021, eða að meðaltali 371.715 krónur á mánuði. Miðað við uppgefna stærð húsnæðisins sem er 145 $m^2$ gerir þetta 2.564 krónur á hvern fermetra, sem verður að teljast nokkuð há húsaleiga.

### VISS, vinnu og hæfingarstöð Flúðum

- VISS á Flúðum er með starfsemi í Heimalandi, sem er húsnæði eldri borgara í Hrunamannahreppi og er staðsett á Vesturbrún 20. Húsnæðið er í eigu Hrunamannahrepps og er 192,3 $m^2$ að stærð.
- Opnunartíminn er mánudagar og miðvikudagar frá kl. 8:00 – 15:30 og föstudagar frá kl. 8:00 – 13:30.
- Á VISS á Flúðum vinna tveir leiðbeinendur og fimm notendur. Deildarstjóri vinnur á mánudögum og miðvikudögum frá 8-15 en hinn leiðbeinandinn frá kl. 8:30 -15:30.
- Launagjöld hækka nokkuð mikið á milli ára, hækkuðu samtals um 133% á tímabilinu frá 2018 til 2021.

### Biðlisti eftir búsetu í sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk

- Vallholt 9 er herbergjasambýli og búa þar fimm notendur. Á biðlista eftir sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk (og eru með almenn framlög) eru 13 notendur (september 2022). Jafnframt eru þrír sem eru í búsetu en óska eftir milliflutningi.
- Stefna stjórnvalda er að leggja niður herbergjasambýli. Að teknu tilliti til þess er samtals 21 notandi í bið eftir einstaklingsíbúð í sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk.
- Ef gert er ráð fyrir að byggja íbúðakjarna með 6 til 7 íbúðum er um að ræða 3 til 4 íbúðakjarna sem þarf að byggja til að eyða biðlista notenda sem fylgja almenn framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

# Efnisyfirlit

Samantekt ........ 1

Efnisyfirlit ........ 10

Töfluyfirlit ........ 13

Myndayfirlit ........ 14

Inngangur ........ 15

Almennt ........ 16

**Fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og þróun framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ........ 16**

**SIS mat ........ 25**

**Samantekt úr greiningarskjali starfshóps á vegum félagsmálaráðuneytisins ........ 28**

**Gjaldfærsla undir málaflokk fatlaðs fólks samkvæmt lögum nr. 38/2018 ........ 33**

*Akstursþjónusta við fatlað fólk ........ 33*

*Húsnæðiskostnaður er varðar búsetu fatlaðs fólks ........ 34*

*Húsgögn og búnaður ........ 34*

*Annar rekstrarkostnaður húsnæðis ........ 35*

*Fæðiskostnaður ........ 35*

*Kostnaður vegna viðburða ........ 37*

*Óregluleg útgjöld, óvenjuleg útgjöld ........ 39*

*Íbúasjóður ........ 39*

**Fjárheimild ........ 39**

Greining á rekstri og stjórnsýslu ........ 41

**Bergrisinn ........ 41**

*Þjónustusamningar sveitarfélaga um málefni fatlaðs fólks ........ 42*

*Deildarstjóri félagsþjónustu Sveitarfélagsins Árborgar ........ 44*

*Félagsmálastjóri félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu ........ 45*

*Forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings ........ 45*

*Samningur um sameiginleg verkefni þjónustusvæðisins sem Sveitarfélagið Árborg annast ........ 46*

**Stjórnskipulag Bergrisans ........ 49**

*Verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks hjá Bergrisanum ........ 49*

*Skipurit fyrir stjórnskipan Bergrisans ........ 50*

**Bergrisinn bs., rekstur samantekinn ........ 51**

**Sólheimar ........ 58**

**Skipulag þjónustu** .......... 60

*Rekstur Sólheima* .......... 60

**Þjónustumiðstöðin Álftarima 2, Selfossi** .......... 63

**Frístundaklúbburinn Kópurinn** .......... 70

**VISS, vinnu og hæfingarstöð Selfossi** .......... 74

**VISS, vinnu og hæfingarstöð Hvolsvelli** .......... 78

**VISS, vinnu og hæfingarstöð Þorlákshöfn** .......... 81

**VISS, vinnu og hæfingarstöð Flúðum** .......... 83

**Biðlisti eftir búsetu í sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk** .......... 85

Tillögur .......... 87

**1. Stuðningsþjónusta** .......... 87

**2. Fjármögnun stuðningsþjónustu** .......... 87

**3. Þjónustuáætlanir** .......... 87

**4. Matsnefnd** .......... 88

**5. Skipulag þjónustu** .......... 88

**6. Húsaleiga** .......... 88

**7. Leiga og endurleiga á íbúðum/herbergjum** .......... 89

**8. Húsaleigusamningar** .......... 89

**9. Húsgögn og búnaður** .......... 90

**10. Annar rekstrarkostnaður húsnæðis** .......... 90

**11. Fæðiskostnaður** .......... 90

**12. Kostnaður vegna viðburða** .......... 91

**13. Óregluleg útgjöld, óvenjuleg útgjöld** .......... 91

**14. Íbúasjóður** .......... 91

**15. Fjárheimild** .......... 92

**16. Skjalavarsla** .......... 92

**17. Bókhaldsgögn** .......... 92

**18. Rafrænir reikningar** .......... 92

**19. Stöðugildi** .......... 93

**20. Fjölgun stöðugilda** .......... 93

**21. Samþykktir Bergrisans** .......... 93

**22. Erindisbréf Þjónusturáðs** .......... 93

**23. Þjónustusamningar sveitarfélaga um málefni fatlaðs fólks** .......... 94

**24. Framkvæmdir** .......... 94

**25. Stjórn Bergrisans** .......... 94

26. **Stjórnskipurit Bergrisans** .... 94
27. **Þjónusturáð** .... 95
28. **Samráðshópar** .... 95
29. **Ársreikningur Bergrisans** .... 96
30. **Vöru- og þjónustukaup** .... 96
31. **Gjaldfærsla á þátttöku í rekstri skrifstofu** .... 96
32. **Yfirvinna, gjaldfærsla** .... 96
33. **Veikindi** .... 96
34. **Beingreiðslu- og NPA samningar** .... 97
35. **Sólheimar og Skaftholt** .... 97
36. **Rekstur þjónustumiðstöðvarinnar Álftarima** .... 97
37. **Hæfing** .... 98
38. **Húsnæði VISS, Selfossi** .... 98
39. **Húsaleiga** .... 99
40. **Uppbygging þjónustu** .... 99
41. **Sjálfseignastofnun um byggingu og rekstur íbúðakjarna fyrir fatlað fólk** .... 99

Lokaorð .... 100

# Töfluyfirlit

Tafla 1: Framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir í þúsundum króna ..... 21
Tafla 2: Hlutdeild þeirra fjögurra sveitarfélaga/landshluta sem fengið hafa hlutfallslega hæstu framlögin samtals frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir ..... 22
Tafla 3: Fjöldi SIS mata og almenn framlög, í þúsundum króna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Bergrisa 2017 til 2021 ..... 28
Tafla 4: Skipting SIS mats flokka árið 2018 og 2021 ..... 28
Tafla 5: Rekstrartekjur og -gjöld hjá sveitarfélögum/þjónustusvæðum með fleiri en 15.000 íbúa árið 2020 í þúsund krónum. ..... 31
Tafla 6: Sameiginlegir liðir, stjórnunarkostnaður, sveitarfélögum/þjónustusvæðum sem gjaldfærðir voru á þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir árið 2020 í þúsundum króna ..... 32
Tafla 7: Rekstur sameiginlegra verkefna sem Árborg annast fyrir Bergrisann samkvæmt samningi ..... 47
Tafla 8: Hlutdeild í rekstri skrifstofu ..... 48
Tafla 9: Rekstrarreikningar Bergrisans árin 2018 til 2021 í þúsundum króna ..... 51
Tafla 10: Skipting framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Bergrisans vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir ..... 52
Tafla 11: Samantekið yfirlit yfir rekstrareiningar sem aðildarsveitarfélögin reka varðandi þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir ..... 53
Tafla 12 Samantekið yfirlit yfir rekstur þjónustu við notendur í sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk ..... 54
Tafla 13: Almenn framlög og rekstrargjöld vegna þjónustu í sértæku húsnæði árið 2021 ..... 55
Tafla 14: Yfirlit yfir rekstur VISS, vinnu- og hæfingarstöðvar ..... 56
Tafla 15: Fjöldi stöðugilda í þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir hjá aðildarsveitarfélögunum og Bergrisanum og fjöldi notenda þjónustunnar ..... 57
Tafla 16: Samantekið yfirlit yfir stjórnunarkostnað hjá Bergrisanum í þúsundum króna ..... 58
Tafla 17: Rekstrarreikningur Sólheima sjálfseignastofnunar árin 2018 til 2021 í þúsundum króna ..... 61
Tafla 18: Skipting á greiðslum til Sólheima ses. árin 2018 til 2021 í þúsundum króna samkvæmt útreikningum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ..... 62
Tafla 19: Fjöldi stöðugilda og notenda hjá Sólheimum ses ..... 63
Tafla 20: Rekstrartekjur og -gjöld þjónustumiðstöðvarinnar Álftarima 2, Selfossi, árin 2018 til 2021 í þúsundum króna ..... 68
Tafla 21: Leigutekjur og leigugjöld vegna Eyrarvegar 46 og Birkihólma 16 – 18 ..... 69
Tafla 22: Rekstrargjöld Skammtímavistunar í þjónustumiðstöðinni Álftarima ..... 70
Tafla 23: Rekstrargjöld og -tekjur Frístundaklúbbsins Kópsins árin 2018 til 2021 í þúsundum króna ..... 73
Tafla 24: Kostnaður við kaup á matvælum og greiðslur frá notendum hjá VISS Selfossi í þús. króna ..... 75
Tafla 25: Rekstrargjöld og -tekjur VISS, Selfossi, árin 2018 til 2021 í þúsundum króna ..... 77
Tafla 26: Launagjöld og tekjur vegna atvinnu með stuðningi í þúsundum króna ..... 78
Tafla 27: Rekstrargjöld og -tekjur VISS, Hvolsvelli, árið 2021 í þúsundum króna ..... 80
Tafla 28: Rekstrargjöld og -tekjur VISS, Þorlákshöfn, árin 2018 til 2021 í þúsundum króna ..... 82
Tafla 29: Rekstrargjöld VISS, Flúðum, árin 2018 til 2021 í þúsundum króna ..... 84
Tafla 30: Staðan í búsetumálum fatlaðs fólks á landsvísu ..... 85

# Myndayfirlit

Mynd 1: Greining – Fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og lagasetningar ........................................ 16
Mynd 2: Almenn framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir til þeirra fjögurra sveitarfélaga/landshluta sem fengu hæstu framlögin árið 2019 í milljónum króna árin 2011 til 2021 .......................................................................................... 23
Mynd 3: Hlutfallsleg hækkun almennra framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir samtals fyrir öll sveitarfélög og til þeirra fjögurra sveitarfélaga/þjónustusvæða sem fengu hæstu framlögin árið 2011 til 2021 .................................. 24
Mynd 4: Hlutfallsleg hækkun framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir samtals fyrir öll sveitarfélög og til þeirra fjögurra sveitarfélaga/þjónustusvæða sem fengu hæstu framlög ................................................................... 25
Mynd 5: Hlutfallsleg breyting á fjölda notenda sem greitt var með skv. almennum framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir................ 27
Mynd 6: Þróun rekstarniðurstöðu Bergrisa (vinstri) annars vegar og samtals þjónustusvæða með íbúafjölda á bilinu frá 15.000 til 36.000 (til hægri) hins vegar í þúsundum króna............................... 29
Mynd 7: Rekstrarniðurstaða sveitarfélaga/þjónustusvæða einstakra sveitarfélaga með íbúa á bilinu 15.000 til 36.000 árin 2018, 2019 og 2020 í milljónum króna ........................................................... 30
Mynd 8: Rekstarniðurstaða allra sveitarfélaga/þjónustusvæða nema Reykjavíkurborgar vegna þjónustu við fatlað fólk árin 2018 og 2020 í milljónum króna ........................................................... 31
Mynd 9: Kostnaður við búsetu á hvern íbúa í sértæku húsnæði ........................................................ 32
Mynd 10: Stjórnskipurit fyrir Bergrisann ......................................................................................... 50
Mynd 11: Fjöldi starfsmanna á vakt á hverjum tíma ......................................................................... 66
Mynd 12: Fjöldi notenda í skammtímadvöl á hverjum tíma.............................................................. 66
Mynd 13: Fjöldi notenda á hvert stöðugildi á vakt á hverjum tíma að meðtöldum forstöðumanni .... 67
Mynd 14: Fjöldi notenda á hvern leiðbeinanda ................................................................................. 72
Mynd 15: Fjöldi notenda og leiðbeinenda á hverjum tíma ................................................................ 75
Mynd 16: Fjöldi notenda á hvern leiðbeinanda ................................................................................. 76
Mynd 17: Fjöldi notenda á hvern leiðbeinanda ................................................................................. 79
Mynd 18: Fjöldi notenda á hvern leiðbeinanda fram til 1. apríl 2022 ................................................ 81
Mynd 19: Fjöldi notenda á hvern leiðbeinanda frá og með 1. apríl 2022 ........................................... 82
Mynd 20: Fjöldi notenda á hvern leiðbeinanda ................................................................................. 84

# Inngangur

Að beiðni verkefnastjóra í málefnum fatlaðs fólks hjá Bergrisanum tók HLH ráðgjöf ehf. að sér að gera úttekt á stjórnsýslu og rekstri málaflokks fatlaðs fólks hjá Bergrisanum með það að markmiði að koma fram með tillögur að hagræðingu í stjórnsýslu og rekstri, þannig að reksturinn skili meiri framlegð og bættri þjónustu.

Vinnsla verkefnisins fólst m.a. í að eiga samtöl við forstöðumenn í þjónustu við fatlað fólk, skoðun bókhaldsgagna og önnur gögn er varðar rekstur þjónustunnar. Stuðst var einnig við upplýsingar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins, lög og reglugerðir er varða málefni fatlaðs fólks.

Einnig áttu skýrsluhöfundar fundi með verkefnastjóra og fjármálastjóra Bergrisans, þar sem farið var yfir ýmis málefni tengd verkefninu.

Skýrsluhöfundur gerði úttekt á Skaftholti árið 2020, með vísan til þess er ekki fjallað um rekstur Skaftholts.

Öllum framangreindum aðilum eru þökkuð hreinskiptin og opin svör við öllu sem varðar greiðan framgang verkefnisins. Tekið skal skýrt fram að þeir aðilar, sem leitað var til, bera enga ábyrgð á því sem fram kemur í skýrslunni. Allt sem þar stendur er á ábyrgð skýrsluhöfunda.

# Almennt

Í þessum hluta skýrslunnar verður almennt farið yfir þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langavarandi stuðningsþarfir.

## Fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og þróun framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Sveitarfélögin sömdu við ríkið um að taka yfir  þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir frá og með 1. janúar 2011. Í samningnum fólst meðal annars að útsvarshlutfall sveitarfélaga hækkaði um 1,2% en tekjuskattshlutfall ríkisins lækkaði um sama hlutfall á móti.

Samkvæmt samkomulaginu var gert ráð fyrir að 0,95% útsvarshlutfallsins færi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem útdeilir fjármagninu til sveitarfélaga m.a. eftir þjónustuþörfum einstaklinga og tók útdeiling fjármuna mið af SIS matsflokki 4 og ofar. 0,25% útsvarshlutfallsins var ætlað að standa straum af útgjöldum sveitarfélaga vegna almennrar þjónustu, t.d. við einstaklinga sem flokkast í SIS mat 3 og undir, sem skilgreina má sem grunnþjónustu sveitarfélaga, þessar tekjur renna beint til sveitarfélaganna. (Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða, 2011).

Mynd 1: Greining – Fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og lagasetningar




Heimild:  Tekið saman af skýrsluhöfundum

Mynd 1 sýnir hvernig fjármögnun málaflokks fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir hefur þróast ásamt þeim helstu breytingum sem hafa verið gerðar á þjónustunni frá því að sveitarfélögin tóku málaflokkinn yfir.

Í skýrslu verkefnastjórnar um „Endurmat á yfirfærslu málefna fatlaðs fólks“ frá árinu 2015 kom fram að þjónustuþegum með SIS mat í flokki 4 eða ofar hafði fjölgað um 25% á tímabilinu. Framlög frá ríkinu tóku ekki mið af svo mikilli fjölgun þjónustuþega sem meðal annars leiddi til lækkunar framlaga á hvern einstakling með SIS mat og þar með  myndaðist hallarekstur í málaflokknum í heild sinni.

Halli var kominn á rekstri málaflokksins árin á undan 2015 og var búist við að skýrsla verkefnastjórna kæmi út árið 2014. Í ljósi þeirra aðstæðna gerðu ríkið og sveitarfélögin með sér nýt tímabundið samkomulag árið 2014 um fjárhagsramma lögbundinnar þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Útsvarshlutfall sveitarfélaga var hækkað í 1,24%, eða hækkun um 0,04% sem færi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og yrði þá sá hluti útsvarsins 0,99% í stað 0,95%. Útsvarshlutdeild sveitarfélaga er enn óbreytt í 0,25%.

Árið 2016 var þessi ákvörðun endanlega lögfest. Ljóst var að þessi hækkun myndi ekki duga til að mæta auknum útgjöldum, einkum vegna fjölgunar þjónustuþega. Því var ákveðið að lögfesta að ríkið greiði einnig framlag úr ríkissjóði vegna þjónustu við fatlað fólk sem nemur 0,235% af öllum skatttekjum ríkisjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem útdeilir svo til sveitarfélaga. Að auki greiðir ríkið viðbótarframlag vegna NPA samninga.

Í endurmatsskýrslunni komu fram ábendingar til velferðarráðuneytis um að samræma viðmið um heildartíma í almennri félagsþjónustu. Á þeim tíma var sveitarfélögum skylt að veita félagslega heimaþjónustu, þjónustu við börn, unglinga, fatlað fólk og aldraða samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það var ekkert fjallað um í lögunum hversu mikil þjónustan ætti að vera, t.d. mæld í tíma. Sveitarfélög höfðu sjálfsákvörðunarrétt varðandi heildartíma í almennri þjónustu og var nokkur munur á heildartíma þjónustu milli sveitarfélaga.

Árið 2018 tóku gildi ný lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Með lögnum voru gerðar umtalsverðar breytingar á réttindum fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir frá því sem var í eldri lögum.

Að beiðni starfshóps fyrrverandi félags- og barnamálaráðherra um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir vann Ríkisendurskoðun stjórnsýsluúttekt sem fjallaði m.a. um innleiðingu laganna og framkvæmd sveitarfélaga. Á blaðsíðu 7 í úttektinni[3] segir m.a.:

> Samningur Sameinuðu þjóðanna og lög nr. 38/2018 hafa í för með sér aðra nálgun og annað þjónustustig en verið hefur í þessum efnum, sem óhjákvæmilega kallar á ákveðnar kerfis- og hugarfarsbreytingar hjá þjónustuveitendum.

Þegar lögin nr. 38/2018 tóku gildi var ekki gert ráð fyrir að þau hefðu í för með sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin. Ætla má samkvæmt framangreindri niðurstöðu Ríkisendurskoðunar að meta hefði þurft kostnaðaráhrif laganna fyrir sveitarfélögin. Það var ekki gert þrátt fyrir ákvæði 129 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Með lögum nr. 37/2018 var gerð breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Breyting var gerð á 7. kafla laganna og hann nefndur stuðningsþjónusta. Í 26. gr. er að finna skilgreiningu á hverjir eiga rétt á stuðningsþjónustu og að hún geti verið allt að 15 klukkustundir á viku, eða 65 klukkustundir á mánuði. Með innleiðingu þessa lagaákvæðis hefur félagsþjónusta sveitarfélaga verið samræmd.

Eins og fram kemur getur stuðningsþjónusta við einstakling numið allt að 65 klukkustundum á mánuði sem jafngildir um 40% af stöðugildi þar sem það á við.

Hafa skal í huga að 0,25% útsvarshluta sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks er ætlað að standa straum af útgjöldum vegna almennrar þjónustu en 0,99% er ætlað að standa undir sérhæfðri

[3] https://www.rikisend.is/reskjol/files/Skyrslur/2021-thjonusta-fatlad-folk-log-nr-38-2018.pdf

þjónustu við fatlað fólk. Þegar samið var um yfirfærsluna var engin viðlíka ákvæði, þ.e. að félagsþjónustu skuli veita allt að 15 klst. á viku, að finna í lögunum og tóku öll kostnaðarmöt mið af þeim kröfum sem voru á sveitarfélögum á þeim tíma.

Við vinnslu þessara lagabreytinga var leitað eftir umsögnum hjá sveitarfélögum um breytinguna á lögunum og þá sérstaklega fjárhagsleg áhrif þessa lagaákvæðis. Í umsögn velferðarráðuneytis um kostnaðaráhrif frumvarps til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir kom eftirfarandi fram:

> Með heiti laganna er undirstrikað annars vegar, að um þjónustulög er að ræða og hins vegar, að þeim er ætlað að mæta einstaklingum sem eru með meiri þjónustuþarfir en svo að þeim verði mætt með almennum hætti. Með endurskoðun á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, samhliða frumvarpi þessu, er lagt til að almenn þjónusta við fatlað fólk verði veitt samkvæmt ákvæðum þeirra laga. Almennri stoðþjónustu er þannig gert hærra undir höfði og lagt til að mörkin liggi um það bil við 10-15 klst. þjónustuþörf á viku. Þjónusta umfram það verði veitt samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps.

Markmið ráðuneytisins var að gera almennri stoðþjónustu hærra undir höfði og lagt til að mörkin lægju á bilinu 10-15 klukkustundir á viku. Öll þjónusta við fatlaða umfram það, þar sem það á við, yrði veitt samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Í umsögn velferðarráðuneytis um kostnaðaráhrif frumvarps til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum kom eftirfarandi fram:

> Víðari skilgreining á stuðningsþjónustu. Í frumvarpinu er lagt til að fallið er frá því að nota hugtakið félagsleg heimaþjónusta og tekið upp hugtakið stuðningsþjónusta skv. breytingum á 25. og 26. gr. frumvarpsins. Breytingin felur í sér að stuðningsþjónustan sem hér er lögð til er ekki bundin við heimili eða heimilishald heldur hvers konar aðstoð sem einstaklingar þurfa til að geta lifað sjálfstæðu lífi. Sveitarfélög hafa verið að breyta þjónustunni yfir í meiri alhliða þjónustu og tekið þar, meðal annars, mið af ákvæðum í sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Það má því segja að með frumvarpinu sé verið að aðlaga lögin að þjónustunni eins og hún hefur verið að þróast hjá sveitarfélögum. Það er því mat skrifstofu hagmála og fjárlaga að breytingin muni ekki hafa þau áhrif á fjárhag sveitarfélaga að leiði til fjárframlags af hálfu ríkisins.

Ráðuneytið komst sum sé að þeirri niðurstöðu að þarna sé einungis verið að aðlaga lögin að þjónustu sem sveitarfélög voru að veita á þessum tíma. Niðurstaðan er því sú að skrifstofa hagmála og fjárlaga telur að breytingin muni ekki hafa áhrif á fjárhag sveitarfélaga þannig að sveitarfélögin þurfi ekki viðbótarfjárframlag frá ríkinu vegna þessara breytinga á lögunum. Einnig kemur fram í umsögninni að frumvarpið „hafi óverulegan kostnaðarauka í för með sér.“ Síðar í umsögninni kemur fram að haft hafi verið samband við Samband íslenskra sveitarfélaga sem gerði enga athugasemd við kostnaðarmat ráðuneytisins. Til vara lagði Sambandið áherslu á að ákveðin óvissa væri um útgjaldaþróun stuðningsþjónustu og skipuð yrði samráðsnefnd sem hefði það hlutverk að fylgjast með þróun kostnaðar við þjónustuna.

Það er mat skýrsluhöfunda að ekki hafi verið tekið tillit til þess að sveitarfélög voru almennt ekki að bókfæra kostnað á grunnþjónustu sveitarfélaga þegar kom að sólarhringsþjónustu sveitarfélaga

gagnvart einstaklingum sem tilheyra hópi fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir. Það er að segja stuðningsþjónusta sveitarfélaga kom og kemur almennt ekki að þjónustu við einstaklinga sem hafa langvarandi stuðningsþarfir. Í þessu tilfelli ættu sveitarfélögin að beita sér fyrir samþættingu þjónustu og gæta þess að flækja þjónustustigið ekki um of. Þrátt fyrir það eiga framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að standa undir fjármögnun á þjónustu við einstaklinga sem hafa langvarandi stuðningsþarfir og þá er átt við þjónustu umfram grunnþjónustu sveitarfélaga, fram til þessa hafði sú krafa ekki verið gerð til sveitarfélaganna.

Eftir því sem skýrsluhöfundar komast næst voru sveitarfélög almennt ekki að veita þjónustu inn á búsetukjarna og sambýli fyrir fatlað fólk samkvæmt félagsþjónustulögum. Þar af leiðandi má m.a. spyrja hvort sú niðurstaða skrifstofu hagmála og fjárlaga hafi verið rétt, að breytingin á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga hefði óveruleg fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin? Jafnframt er rétt að komi fram að almennt voru sveitarfélög að veita mun færri klukkustundir á viku í almennri félagsþjónustu. Af þessu má ljóst vera að hér var um veruleg fjárhagslega íþyngjandi lagasetningu að ræða fyrir sveitarfélögin.

**Reglugerð um úthlutanir almennra framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**

Árið 2018 var gerð breyting á reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk frá árinu 2017. A-lið II. hluta 3. gr. reglugerðarinnar, nr. 320/2018, var breytt á þann veg að reiknuð útgjaldaþörf á grundvelli viðmiðunarfjárhæða fyrir hvern flokk stuðningsþarfar miðast við 5. flokk SIS mats og ofar. Áður var miðað við 4. flokk og ofar sbr. hér að framan. Á árinu 2017 fékk Bergrisi 121.576 þúsund krónur, eða sem samsvarar 11,3% af almennum framlögum til Bergrisa það ár, vegna 37 notenda sem féllu undir SIS flokk 4, eða 29,8% af fjölda notenda í SIS flokki 4 og ofar hjá Bergrisa. Eftir það hafa almenn framlög frá Jöfnunarsjóði miðast við SIS flokk 5 og ofar.

Í reglugerðinni er að finna heimild til að reikna framlög vegna einstaklinga sem falla í 4. flokk en með því skilyrði að viðkomandi búi í stórum rekstrareiningum sem voru starfandi fyrir tilfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga t.d. Sólheima.

Árið 2017, samkvæmt upplýsingum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, voru 1.502 einstaklingar með SIS mat á Íslandi, af þeim voru 310 einstaklingar í SIS mats flokki 4, eða 21% af heildarfjöldanum. Samtals voru greiðslur það ár vegna einstaklinga í 4. flokki SIS mats 1.249 m.kr., sem var 8,5% af almennum framlögum.

Reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatað fólk á árinu 2022 hefur ekki enn verið gefin út (september 2022). Vegna þess hefur verið stuðst við reglugerð vegna ársins 2021.

Í 3. gr. reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2021, nr. 1291/2021, var fjallað um almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk.

Áætluðum ráðstöfunartekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2021, að frádregnu framlagi í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, framlögum vegna NPA, sérstökum viðbótarframlögum og öðrum framlögum, sbr. b-d-lið 1. mgr. og 2. mgr. 2. gr., skal skipta milli sveitarfélaga sem mynda þjónustusvæði með eftirfarandi hætti:

a. 88% skiptast hlutfallslega miðað við niðurstöðu mælinga, sbr. II. hluta þessarar greinar.
b. 10,75% skiptast hlutfallslega miðað við áætlaðan útsvarsstofn sveitarfélaga 2020.

c. 1,25% skiptast hlutfallslega miðað við fjarlægð innan þjónustusvæða og að teknu tilliti til fjölda sveitarfélaga innan svæða.

Framlög fyrir árið 2021 voru áætluð á grundvelli framlaga ársins 2020 og álagningarstofns útsvars frá árinu 2019. Áætlanirnar á að endurskoða með hliðsjón af þróun útsvarstekna sveitarfélaga. Í reglugerðinni segir að framlögin eigi að endurreikna:

1. Í maí 2021 á grundvelli viðbótarupplýsinga frá þjónustusvæðum/sveitarfélögum, sbr. 1. tölul. 6. mgr. II. hluta.
2. Í nóvember 2021 sbr. 2., 3. mgr. 4. tölul. mg. 6. mgr. II. hluta.
3. Við greiðslu framlaga á árinu 2021 fer jafnframt fram leiðrétting framlaga ársins 2019 á grundvelli endanlegs álagningarstofns útsvars 2019.

Þessi aðferðafræði gerir allar fjárhagsáætlanir málaflokksins flóknari. Við gerð fjárhagsáætlana er stuðst við upplýsingar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem gerir tvær uppfærslur á áætlunum á árinu sem á að enda með lokauppgjöri í lok árs.

Í II. hluta 3. gr. reglugerðarinnar er fjallað um mælingu á útgjaldaþörf. Mæling á útgjaldaþörf segir til um hvernig sjóðurinn reiknar út framlög til þjónustusvæða eða sveitarfélaga og er eftirfarandi:

> Útgjaldaþörf þjónustusvæðis er fundin út frá samanlagðri þjónustuþörf íbúa þess. Þjónustuþörf einstaklings er ákvörðuð út frá stuðningsflokki viðkomandi, sbr. 6. gr. Allir fullorðnir einstaklingar sem falla í 5. flokk samræmds mats á þjónustuþörf eða ofar telja til útgjaldaþarfar þjónustusvæða. Enn fremur er heimilt að reikna álag vegna einstaklinga með óvenjulega samsetningu stuðningsþarfar. Ef ekki liggur fyrir mat á stuðningsþörf fyrir fullorðna er heimilt að ákvarða útgjaldaþörf einstaklings út frá raunkostnaði. Heildarframlög vegna einstaklinga á grunni raunkostnaðar geta þó aldrei numið stærri hluta framlaga en fjöldi þeirra segir til um.

Framlög greiðast eftir stuðningsflokki (SIS mat) viðkomandi, með álagi þar sem það á við. Ef enginn stuðningsflokkur er til að styðjast við er heimild fyrir að framlög greiðist eftir raunkostnaði, en framlögin geta verið lægri en raunkostnaðurinn.

Í ljósi þessa er mikilvægt að þjónusta taki mið af mati á stuðningsþörfum (SIS mat) viðkomandi. Til að styðja við slíka þróun á þjónustu ættu allir þjónustuþegar að vera með þjónustuáætlun sem tekur mið af mati á stuðningsþörfum samkvæmt SIS mati. Leiði þjónustuáætlunin í ljós að viðkomandi þarfnist meiri stuðningsúrræða en SIS matið segir til um er mælst til þess að þjónustuáætlunin sé endurskoðuð. Leiði endurskoðun til óbreyttrar þjónustuáætlunar ætti að óska eftir endurskoðun á mati á stuðningsþörfum viðkomandi. Hafa verður í huga að mat á stuðningsþörfum er að hluta huglægt og er því gott að bera saman þjónustu þeirra sem hafa svipaða fötlun innan þjónustusvæðis.

Í 4. tölul. II. hluta 3. gr., reglugerðar nr. 1291/2021, er fjallað um samræmt mat á stuðningsþörfum fatlaðra barna á aldrinum 6-18 ára. Ákvæðið hljóðar sem hér segir:

> Framkvæma skal á árinu samræmt mat á stuðningsþörf fatlaðra barna á aldrinum 6-18 ára ásamt mati á stuðningsþörf fullorðinna vegna nýliðunar, sbr. 6. gr.

Þar sem þetta mat liggur ekki enn fyrir (júlí 2022) eru framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna fatlaðra barna greidd eftir raunkostnaði, þó með takmörkunum. Eftir því sem höfundar komast næst

er verulegur fjöldi barna, sem greitt er með frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á aldrinum 6-18 ára, ekki með samræmt mat á stuðningsþörfum og miðast almenn framlög vegna fatlaðra barna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga við raunkostnað.

Mat á stuðningsþörfum gefur sveitarfélögum skýrari mynd af því hvenær einstaklingur fellur undir lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Af því leiðir að sveitarfélög þurfa að marka stefnu um hvenær þjónusta við fötluð börn fellur undir lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir þegar þjónusta fer ekki eftir samræmdu mati á stuðningsþörfum. Engar leiðbeiningar koma fram í reglugerðinni um það, hvenær Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur greiðslu framlaga vegna fatlaðra barna. Það virðist þó sem svo að framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna fatlaðra barna hefjist þegar samanlagður kostnaður þjónustuþega yngri en 18 ára fer yfir 4 m.kr.

**Þróun framlaga í málefnum fatlaðs fólks**

Hér verður fjallað um þróun framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til sveitarfélaga. M.a. er skoðað hvernig framlögin hafa verið að þróast til Bergrisans í samanburði við önnur sveitarfélög o.s.frv.

Tafla 1: Framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir í þúsundum króna

| | Bergrisi | | Öll sveitarfélög | | Hlutfall Bergrisa af samtals framlögum | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Ár** | **Almenn framlög** | **Samtals framlög** | **Almenn framlög** | **Samtals framlög** | **Almenn framlög** | **Samtals framlög** |
| 2011 | 698.476 | 723.073 | 8.064.823 | 8.335.323 | 8,66% | 8,67% |
| 2012 | 844.225 | 850.387 | 9.642.374 | 9.731.374 | 8,76% | 8,74% |
| 2013 | 852.103 | 859.090 | 10.054.000 | 10.243.820 | 8,48% | 8,39% |
| 2014 | 800.993 | 820.724 | 10.250.458 | 10.630.007 | 7,81% | 7,72% |
| 2015 | 915.963 | 956.794 | 12.078.758 | 12.500.716 | 7,58% | 7,65% |
| 2016 | 1.013.504 | 1.055.021 | 13.238.921 | 13.911.704 | 7,66% | 7,58% |
| 2017 | 1.075.743 | 1.093.516 | 14.722.193 | 15.297.927 | 7,31% | 7,15% |
| 2018 | 1.330.203 | 1.411.651 | 16.205.471 | 17.183.132 | 8,21% | 8,22% |
| 2019 | 1.295.909 | 1.382.804 | 16.434.954 | 17.791.275 | 7,89% | 7,77% |
| 2020 | 1.422.906 | 1.498.544 | 17.673.462 | 18.966.962 | 8,05% | 7,90% |
| 2021 | 1.524.209 | 1.590.591 | 18.218.237 | 19.496.923 | 8,37% | 8,16% |

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Tafla 1 sýnir framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir til Bergrisa árin 2011 til 2021. Skipt annars vegar í almenn framlög og hins vegar samtals framlög. Einnig koma fram í töflunni heildarframlög til allra sveitarfélaga á þessu tímabili.

Eins og fram kemur í töflunni fór hlutfall framlaga til Bergrisa af framlögum samtals til allra sveitarfélaga lækkandi fram til ársins 2020 með nokkrum undantekningum. Árin 2020 og 2021 hækkuðu hlutföllin á milli ára.

Tafla 2: Hlutdeild þeirra fjögurra sveitarfélaga/landshluta sem fengið hafa hlutfallslega hæstu framlögin samtals frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir

| | **Reykjavíkurborg** | | **Eyjafjörður** | | **Hafnarfjarðarkaupstaður** | | **Suðurland** | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Ár** | Almenn framlög | Samtals framlög | Almenn framlög | Samtals framlög | Almenn framlög | Samtals framlög | Almenn framlög | Samtals framlög |
| **2011** | 39,79% | 39,30% | 11,37% | 11,16% | 7,80% | 7,72% | 8,66% | 8,67% |
| **2012** | 39,08% | 39,06% | 10,99% | 10,93% | 7,75% | 7,73% | 8,76% | 8,74% |
| **2013** | 38,46% | 38,33% | 11,01% | 10,91% | 8,23% | 8,39% | 8,48% | 8,39% |
| **2014** | 37,95% | 37,97% | 11,03% | 10,83% | 9,31% | 9,15% | 7,81% | 7,72% |
| **2015** | 38,10% | 37,56% | 11,32% | 11,06% | 8,65% | 8,67% | 7,61% | 7,65% |
| **2016** | 38,09% | 37,57% | 11,24% | 11,18% | 8,38% | 8,65% | 7,66% | 7,58% |
| **2017** | 37,32% | 37,32% | 10,96% | 10,69% | 8,92% | 9,10% | 7,31% | 7,15% |
| **2018** | 36,09% | 35,89% | 10,67% | 10,20% | 8,86% | 8,80% | 8,21% | 8,22% |
| **2019** | 34,65% | 35,73% | 11,37% | 10,74% | 8,85% | 9,48% | 7,89% | 7,77% |
| **2020** | 34,59% | 34,85% | 11,75% | 11,42% | 8,20% | 8,66% | 8,05% | 7,90% |
| **2021** | 35,90% | 36,73% | 10,82% | 10,42% | 7,62% | 7,99% | 8,37% | 8,16% |

Heimild: Jöfnunarsjóðir sveitarfélaga

Tafla 2 sýnir hlutdeild þeirra fjögurra sveitarfélaga/landshluta sem fengið hafa hæstu framlögin frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir.

Eins og fram kemur í töflunni hefur hlutdeild Reykjavíkurborgar lækkað nokkuð en er að hækka árið 2021. Var 39,3% af heildarframlögunum árið 2011, en 36,7% árið 2021. Eyjafjörður hefur nokkurn veginn haldið hlutdeild sinni en lækkar árið 2021. Hlutdeild Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur aukist fram til ársins 2019 en hefur lækkað eftir það. Var 7,7% af heildarframlaginu árið 2011 en 7,99% árið 2021. Hins vegar lækkaði hlutdeild Suðurlands fram til ársins 2019 en hefur síðan hækkað og var komið í 8,16% árið 2021 samanborið við 8,7% af heildarframlaginu 2011.

Árið 2021 var hlutdeild Suðurlands, Bergrisa, orðið hærra en Hafnarfjarðarkaupstaðar bæði hvað varðar framlög samtals og almenn framlög. Þannig var Suðurland, Bergrisi, komið í þriðja sæti hvað varðar hæstu framlög vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Mynd 2: Almenn framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir til þeirra fjögurra sveitarfélaga/landshluta sem fengu hæstu framlögin árið 2019 í milljónum króna árin 2011 til 2021




Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Mynd 2 sýnir almenn framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir til þeirra fjögurra sveitarfélaga/þjónustusvæða sem fengu hæstu framlögin árin 2011 til 2021.

Mynd 3: Hlutfallsleg hækkun almennra framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir samtals fyrir öll sveitarfélög og til þeirra fjögurra sveitarfélaga/þjónustusvæða sem fengu hæstu framlögin árið 2011 til 2021




Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Mynd 3 sýnir hlutfallslega hækkun almennra framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir frá árinu 2011 til ársins 2021 til sveitarfélaga/þjónustusvæða samtals og þeirra fjögurra sveitarfélaga/þjónustusvæða sem fengu hæstu úthlutanirnar.

Eins og myndin sýnir hafa almennu framlögin til allra sveitarfélaga hækkað um 126% frá árinu 2011 til ársins 2021. Hækkunin á milli ára er nokkuð mismunandi. Þannig var framlagið nánast óbreytt árin 2013 og 2014.

Af þessum sveitarfélögum hefur framlagið hækkað mest til Hafnarfjarðarkaupstaðar eða um 121%. Athyglisvert er að framlagið er nánast óbreytt á milli áranna 2019 og 2020 þegar það var 131%, síðan lækkar það árið 2021 og fer niður í 121%. Næst mesta hlutfallslega hækkunin er til Bergrisa/Suðurlands, eða 118%. Það vekur athygli hvernig hlutfallið hefur verið að þróast hjá Bergrisa/Suðurlandi. Frá og með árinu 2014 og alveg fram til ársins 2017 var hlutfallsleg hækkun á framlagi til Bergrisa/Suðurlands lægst af þessum þjónustusvæðum og einnig undir hlutfallslegri hækkun til allra sveitarfélaga. Hækkar nokkuð á milli áranna 2018 og 2019. Lækkar svo á milli áranna 2018 og 2019 en fer síðan hækkandi á milli áranna 2019 og 2021.

Á tímabilinu hækkuðu almennu framlögin til Reykjavíkurborgar um 104%. Hlutfallið lækkaði á milli áranna 2018 og 2019, en hefur síðan hækkað á milli ára. Hlutfallsleg hækkun almennra framlaga hjá Reykjavíkurborg er lægst af þessum sveitarfélögum og er munurinn nokkur og enn meiri ef

hlutfallsleg hækkun hjá Reykjavíkurborg er borin saman við hlutfallslega hækkun hjá samtals öllum sveitarfélögum/þjónustusvæðum.

Mynd 4: Hlutfallsleg hækkun framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir samtals fyrir öll sveitarfélög og til þeirra fjögurra sveitarfélaga/þjónustusvæða sem fengu hæstu framlög




Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Mynd 4 sýnir það sama og mynd 3 hér að framan en nú vegna heildarframlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir.

Hlutföllin hafa breyst nokkuð frá því sem þau voru í mynd 3. Heildarframlag til allra sveitarfélaga hækkaði um 134% samanborið við almennu framlögin sem hækkuðu um 126%. Þegar framlögin samtals eru skoðuðu hafa þau hækkað hlutfallslega svipað hjá Bergrisa/Suðurlandi, Reykjavíkurborg og þjónustusvæði Akureyrarbæjar, eða á bilinu 118 til 120%. Hækkunin hjá þessum þremur þjónustusvæðum var undir meðaltalinu fyrir öll sveitarfélög. Hins vegar var hlutfallsleg hækkun framlaga til Hafnarfjarðarkaupstaðar yfir meðalinu til allra sveitarfélaga. Hlutfallsleg lækkun hjá Hafnarfjarðarkaupstað eftir árið 2019 vekur athygli og hjá Akureyrarkaupstað (Eyjarfirði) eftir árið 2020.

## SIS mat

Í þessu kafla er fjallað um SIS mat. Samantekt í þessum kafla byggir að mestu á gögnum og upplýsingum, sem fengnar voru á vef Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR) annast framkvæmd mats á stuðningsþörf fyrir fatlað fólk, SIS mat.

> Markmið með mati á stuðningsþörf er að nýta niðurstöður til úthlutunar fjármagns frá Jöfnunarsjóði og til **að gera einstaklingsbundnar áætlanir um stuðning til fatlaðrar manneskju frá sveitarfélagi**. Mati á stuðningsþörf er ætlað að tryggja markvissa og réttláta skiptingu þess fjármagns sem veitt er af hálfu ríkisins til þjónustu við fatlað fólk.
>
> Matið metur með samræmdum og hlutlægum hætti stig þess hagnýta stuðnings sem einstaklingar með fötlun þarfnast til að lifa sem eðlilegustu lífi með fullri þátttöku í samfélaginu. Matið nær yfir stuðning á heimili, við hæfingu, vinnu og annað í lífi hvers og eins.

Hér ber að leggja áherslu á síðara markmiðið með matinu, þ.e. „að gera einstaklingsbundnar áætlanir um stuðning til fatlaðrar manneskju frá sveitarfélagi." Reynsla skýrsluhöfunda er að oftar en ekki er þjónusta við fatlað fólk hjá sveitarfélögum byggð upp án skoðunar né tengingar við áætlaða þjónustuþörf viðkomandi einstaklings skv. SIS mati.

Leggja ber áherslu á að þjónustuáætlun sem unnin er hjá viðkomandi sveitarfélagi sé borin saman við og/eða unnin útfrá þjónustuáætlun skv. SIS mati og ef misræmi er þar á milli sé leitað skýringa, sem gæti verið t.d. annað hvort að SIS matið nær ekki yfir þjónustuþörf viðkomandi, sem kallar þá á ósk um endurmat, eða þjónustuáætlun sveitarfélagsins megi samræma við þjónustuáætlun skv. SIS mati. Jafnframt ef þessi vinnutilhögun er viðhöfð og fjármagnið, sem fæst greitt skv. SIS mati, dugar ekki til má ætla að það mynda bæti stöðu sveitarfélaga til að rökstyðja beiðni um aukin framlög vegna málefna fatlaðs fólks.

> Matið fer þannig fram að sérþjálfaður SIS-matsmaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar kemur í heimabyggð þjónustunotanda og framkvæmir matið þar.
>
> Matsmaður hittir þjónustunotanda, starfsmann og aðra þá sem notandi velur að hafa með sér í viðtalið. Starfsmaður/viðmælandi þarf að þekkja notandann vel, hafa umgengist hann og sinnt þjónustu í a.m.k. þrjá mánuði. Starfsmaður/viðmælandi þarf að hafa tekið beinan þátt í daglegum viðfangsefnum. Lögð er áhersla á að notendur komi að matinu með starfsmönnum þ.e. séu með í viðtölum þar sem því verður við komið.

Eins og komið hefur fram hér að framan byggir framlag tengt viðkomandi þjónustuþega á þessu mati, því verður að telja eðlilegt að það sé lagt til grundvallar þegar þjónustuáætlun sveitarfélags er unnin vegna viðkomandi.

Hægt er að sækja um endurmat á stuðningsþörf ef fyrir liggur rökstuðningur um umtalsverðar breytingar á stuðningsþörf þjónustunotanda sbr. hér að framan.

> Mælt er með að þjónustuveitendur fylgist vel með breytingum sem kunna að verða á stuðningsþörfum. Huga þarf sérstaklega að hugsanlegum breytingum hjá þeim sem eru eldri en 55 ára og þeim sem eru yngri en 25. Samkvæmt skýrslu „Endurmat á stuðningsþörf" (okt. 2015), er gert ráð fyrir að endurmat á stuðningsþörf einstaklings verði ekki sjaldnar en á 8–12 ára fresti.

Af framanrituðu má ljóst vera mikilvægi þess að þjónustuáætlun sem gerð er vegna hvers þjónustuþega sé gerð með hliðsjón af SIS mati eða a.m.k. hún sér borin saman við SIS matið. Leiði sá

samanburður til misræmis sé leitað skýringa á því í hverju mismunurinn liggur. Að mati skýrsluhöfunda kæmi til greina að í sveitarfélaginu væri starfandi sérstakur starfshópur sem metur hvort veitt sé þjónusta umfram það sem SIS matið kveður á um, ef um það er að ræða og ekki fæst leiðrétting á SIS mati.

Mynd 5: Hlutfallsleg breyting á fjölda notenda sem greitt var með skv. almennum framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir




Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Mynd 5 sýnir hlutfallega breytingu á fjölda þeirra sem greitt var með skv. SIS mötum. Árin 2011 og 2012 var ekki greitt skv. SIS mötum, þar af leiðandi liggja ekki fyrir áreiðanlegar tölur fyrir hvert einstakt sveitarfélag vegna áranna 2011 og 2012. Hins vegar eru til aðgengilegar upplýsingar um samtölu fyrir öll sveitarfélög fyrir hvort ár.

Varðandi upphafsstöðu (árið 2011) einstakra sveitarfélaga/þjónustusvæða er stuðst við upplýsingar sem koma fram í greinargerðinni „Upplýsingar um þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk árið 2011“. Upplýsingarnar eru fengnar úr töflu 4.

Af þessum sveitarfélögum var hlutfallsleg fjölgun SIS mata mest hjá Hafnarfjarðarkaupstað.

Hlutfallsleg fjölgun SIS mata hjá Bergrisa (Suðurlandi) helst nokkuð í hendur við fjölgunina á landinu öllu með nokkrum undantekningum.

Það vekur athygli hvað Hafnarfjarðarkaupstaður sker sig úr með mun meiri hlutfallslega fjölgun og Reykjavíkurborg með hlutfallslega minni fjölgun en á landinu öllu og hin tvö þjónustusvæðin.

Ástæðan fyrir lækkuninni eftir árið 2017 er vegna þess að 4 flokkur SIS mats hefur verið tekinn út, þ.e.a.s. það er ekki lengur greitt með þeim flokki.

Tafla 3: Fjöldi SIS mata og almenn framlög, í þúsundum króna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Bergrisa 2017 til 2021

| | 2017 | | 2018 | | 2019 | | 2020 | | 2021 | | Breyting 2018 til 2021 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SIS flokkur | **Fjöldi** | **Almenn framlög** | **Fjöldi** | **Almenn framlög** | **Fjöldi** | **Almenn framlög** | **Fjöldi** | **Almenn framlög** | **Fjöldi** | **Almenn framlög** | **Fjöldi** | **Almenn framlög** |
| **Samtals** | **124** | **1.075.743** | **102** | **1.330.203** | **108** | **1.295.909** | **100** | **1.422.906** | **108** | **1.530.072** | **6** | 15,03% |
| **Breyting frá fyrra ári** | | | | 23,65% | | -2,58% | | 9,80% | | 7,53% | | |
| **Samtals án 4 flokks** | **87** | **954.166** | **102** | **1.330.203** | **108** | **1.295.909** | **100** | **1.422.906** | **108** | **1.530.072** | **24,14%** | **60,36%** |
| **Breyting frá fyrra ári** | | | 17,24% | 39,41% | 5,88% | -2,58% | -7,41% | 9,80% | 8,00% | 7,53% | | |

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Tafla 3 sýnir fjölda SIS mata sem greitt var samkvæmt til Bergrisans og almenn framlög þeim tengdum árin 2017 til 2021.

Eins og taflan sýnir fækkaði SIS mötum sem greitt var með á milli áranna 2017 og 2018 um 22 notendur. Skýringin á því er að árið 2017 var síðasta árið sem greitt var með vegna 4 flokks SIS mats, sbr. hér að framan. Það ár var greitt með 37 notendum sem voru með mat í 4 flokki SIS mats, eða samtals 121,6 milljónir króna. Um var að ræða 30% af heildarfjölda SIS mata árið 2017 og 11% af samtölu almennra framlaga til Bergrisans það ár.

Á milli áranna 2018 og 2021 hækkuðu almennu framlög samtals um 13,1%.

Samkvæmt því sem fram kemur hér síðar var hlutfall launa og launatengdra gjalda vegna þeirrar þjónustu sem sveitarfélögin sinna fyrir Bergrisann 90,3% árið 2021 af heildarútgjöldum þeirra rekstrareininga. Af því leiðir að útgjöld vegna vöru- og þjónustukaupa voru 9,7%. Samkvæmt því áætlast að blönduð vísitala launa og verðlags hafi hækkað um 26,4% skv. framangreindri skiptingu á milli áranna 2018 og 2021. Á sama tíma fjölgaði SIS mötum án 4 flokks um 5. Hafa ber í huga að vægi SIS mata er mismunandi.

Tafla 4: Skipting SIS mats flokka árið 2018 og 2021

| SIS flokkar | 2018 | 2021 | Breyting |
|---|---|---|---|
| 0 til 5 | 38 | 16 | -22 |
| 6 til 9 | 38 | 55 | 17 |
| 10 til 19 | 26 | 37 | 11 |
| **Samtals** | **102** | **108** | **6** |

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Tafla 4 sýnir fjölda SIS mata fyrir flokka 0 til 5, 6 til 9 og 10 til 19.

Eins og fram kemur í töflunni fækkar SIS mötum í flokki 0 til 5 um 22 en fjölgar um 17 í flokki 6 til 9 og um 11 í flokki 10 til 19. Þetta ætti að hafa áhrif til hækkunar á almennum framlögunum þar sem greiðslur með hærri flokkum eru hærri en með lægri flokkum.

## Samantekt úr greiningarskjali starfshóps á vegum félagsmálaráðuneytisins

Í byrjun árs 2021 skipaði þáverandi félags- og barnamálaráðherra starfshóp um greiningu á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk. Í verkefninu fólst m.a. að vinna að samantekt um

raunkostnað áranna 2018, 2019 og 2020 og kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk hjá sveitarfélögum.[4]

Í upphafi vinnunnar var starfshópnum ljóst að ekki lægju fyrir aðgengilegar upplýsingar hjá sveitarfélögum um þessa þróun. Því var ákveðið að kalla eftir þessum upplýsingum frá sveitarfélögunum á samræmdan hátt. Þegar því var lokið var hannað sérstakt greiningarskjal þar sem upplýsingunum var safnað saman í eitt skjal. Úr skjalinu er hægt að draga fram mikið af upplýsingum varðandi rekstur málaflokksins hjá sveitarfélögum sem ekki hafa verið aðgengilegar áður. Leggja ber áherslu á að sveitarfélögin nýti sér þessar upplýsingar.

Mynd 6: Þróun rekstarniðurstöðu Bergrisa (vinstri) annars vegar og samtals þjónustusvæða með íbúafjölda á bilinu frá 15.000 til 36.000 (til hægri) hins vegar í þúsundum króna




Heimild: Greiningarskjal starfshóps skipuðum af fyrrverandi félags- og barnamálaráðherra

Mynd 6 sýnir rekstrarniðurstöðu hjá Bergrisa annars vegar og hjá sveitarfélögum samtals með íbúafjölda frá 15.000 til 36.000.

Eins og fram kemur á myndinni var jákvæð afkoma hjá Bergrisa árið 2018 en verður svo neikvæð árin þar á eftir.  Hallarekstur var samtals hjá þjónustusvæðum með íbúa á bilinu frá 15.000 til 36.000 öll árin.

[4] https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/Sk%C3%BDrsla%20starfsh%C3%B3ps%20um%20heildarendursko%C3%B0un%2038-2018.pdf

Mynd 7: Rekstrarniðurstaða sveitarfélaga/þjónustusvæða einstakra sveitarfélaga með íbúa á bilinu 15.000 til 36.000 árin 2018, 2019 og 2020 í milljónum króna




Heimild: Greiningarskjal starfshóps skipuðum af fyrrverandi félags- og barnamálaráðherra

Mynd 7 sýnir rekstrarniðurstöðu sveitarfélaga/þjónustusvæða með íbúa á bilinu 15.000 til 36.000 árin 2018 til 2020 í milljónum króna.

Eins og fram kemur á myndinni voru tvö sveitarfélög/þjónustusvæði með jákvæða rekstrarniðurstöðu á árinu 2018. Annað þeirra var Bergrisinn. Af þessum sveitarfélögum/þjónustusvæðum var rekstrarniðurstaðan best hjá Bergrisa öll árin. Hafa ber í huga að líklega er rekstur Sólheima að hafa jákvæði áhrif í þessum samanburði fyrir Bergrisann. Hins vegar vekur athygli hversu mismunandi rekstarniðurstaðan er á milli þessara sveitarfélaga/þjónustusvæða og þá sérstaklega árið 2020.

Mynd 8: Rekstarniðurstaða allra sveitarfélaga/þjónustusvæða nema Reykjavíkurborgar vegna þjónustu við fatlað fólk árin 2018 og 2020 í milljónum króna





Heimild: Greiningarskjal starfshóps skipuðum af fyrrverandi félags- og barnamálaráðherra

Mynd 8 sýnir rekstrarniðurstöðu allra sveitarfélaga/þjónustusvæða nema Reykjavíkurborgar árin 2018 og 2020.

Rekstrarniðurstaða Reykjavíkurborgar var neikvæð um 2.664 milljónir króna árið 2018 og 5.694 milljónir króna árið 2020.

Rétt er að benda á að það fækkar verulega í hópi þeirra sveitarfélaga sem skiluðu jákvæðri afkomu á milli áranna 2018 og 2020.

Tafla 5: Rekstrartekjur og -gjöld hjá sveitarfélögum/þjónustusvæðum með fleiri en 15.000 íbúa árið 2020 í þúsund krónum.

| | **Reykjavíkur-borg** | **Kópavogur** | **Hafnarfjarðar-kaupstaður** | **Suðurland-Bergrisinn** | **Akureyrar-bær** | **Reykjanes-bær** | **Garðabær** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi íbúa | 131.136 | 37.959 | 29.971 | 24.044 | 21.578 | 19.421 | 16.924 |
| Fjöldi notenda | 448 | 71 | 107 | 100 | 126 | 33 | 46 |
| Útsvar, framlög og aðrar tekjur | 7.973.692 | 1.336.916 | 1.850.255 | 1.707.898 | 2.353.183 | 787.196 | 806.297 |
| Sameiginlegir liðir | ( 356.094 ) | ( 153.071 ) | ( 106.842 ) | ( 30.016 ) | ( 69.484 ) | ( 33.730 ) | ( 36.259 ) |
| Stoðþjónusta (frekari liðveisla) | ( 227.556 ) | ( 115.859 ) | ( 98.375 ) | 0 | ( 208.037 ) | 0 | ( 80.731 ) |
| Búseta | ( 8.476.154 ) | ( 1.061.524 ) | ( 1.221.037 ) | ( 477.957 ) | ( 1.568.172 ) | ( 620.959 ) | ( 551.116 ) |
| Skammtímadvöl | ( 952.057 ) | ( 109.887 ) | ( 126.303 ) | ( 65.352 ) | ( 175.064 ) | ( 59.729 ) | ( 200.472 ) |
| Stuðnings- fjölskyldur | ( 173.446 ) | ( 50.910 ) | ( 99.033 ) | ( 23.321 ) | ( 22.449 ) | 0 | ( 33.799 ) |
| Frístundaþjónusta (lengri viðvera) | ( 568.582 ) | ( 13.707 ) | 18.210 | ( 76.598 ) | ( 44.851 ) | 1.419 | ( 30.266 ) |
| Börn með þroska- og geðraskanir | ( 1.156.288 ) | ( 14.485 ) | ( 239.975 ) | ( 85.988 ) | ( 108.756 ) | 0 | ( 227.156 ) |
| Vinnumiðuð stoðþjónusta | ( 1.119.111 ) | ( 71.665 ) | ( 356.958 ) | ( 128.503 ) | ( 251.089 ) | ( 67.784 ) | 0 |
| Notendasamningar og NPA | ( 638.020 ) | ( 179.763 ) | ( 363.709 ) | ( 154.984 ) | ( 123.959 ) | ( 449.934 ) | ( 113.534 ) |
| Önnur þjónusta | 0 | 0 | ( 10.941 ) | ( 876.569 ) | ( 27.400 ) | ( 27.534 ) | ( 31.320 ) |
| **Rekstrarniðurstaða** | **( 5.693.616 )** | **( 433.957 )** | **( 754.707 )** | **( 211.389 )** | **( 246.079 )** | **( 471.054 )** | **( 498.358 )** |

Heimild: Greiningarskjal starfshóps skipuðum af fyrrverandi félags- og barnamálaráðherra

Tafla 5 sýnir rekstrartekjur og rekstrargjöld þar sem gjöldunum hefur verið skipt upp eftir þjónustuþáttum samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Vakin er athygli á útgjaldaliðnum „önnur þjónusta“ hjá Bergrisanum sem er nokkuð hár í samanburði við hin sveitarfélög/þjónustusvæði. Er þetta að mestu vegna greiðslna til Sólheima vegna rekstursins þar. Þarna er ein samtala fyrir alla þætti þjónustunnar sem veitt er á Sólheimum sem skiptist niður á einstaka þjónustuþætti hjá hinum sveitarfélögnum/þjónustusvæðum.

## Mynd 9: Kostnaður við búsetu á hvern íbúa í sértæku húsnæði




Heimild: Greiningarskjal starfshóps skipuðum af fyrrverandi félags- og barnamálaráðherra

Mynd 9 sýnir kostnað við búsetu á hvern íbúa í sértæku húsnæði.

Hafa ber fyrirvara þar sem mögulegt er að kostnaður við að þjónustu íbúa sem ekki eru í sértæku húsnæði gæti hafa verið gjaldfærður hjá viðkomandi sveitarfélagi/þjónustuvæði. Engu að síður ættu upplýsingarnar að gefa ákveðnar vísbendingar.

Bergrisinn skipar sér á bekk með nokkrum sveitarfélögum/þjónustusvæðum sem eru í kringum meðaltalskostnað hjá öllum sveitarfélögunum/þjónustusvæðum. Bergrisi er með ívið lægri kostnað en meðaltalið segir til um.

## Tafla 6: Sameiginlegir liðir, stjórnunarkostnaður, sveitarfélögum/þjónustusvæðum sem gjaldfærðir voru á þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir árið 2020 í þúsundum króna

| Lykiltölur | Akranes-kaupstaður | Akureyrarbær | Austurland | Borgarbyggð | Fjallabyggð | Garðabær | Grindavíkur-bær | Hafnarfjarðar-kaupstaður | Kópavogur | Mosfellsbær |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi** | | | | | | | | | | |
| Íbúar | 8.159 | 21.578 | 10.739 | 4.556 | 3.909 | 16.924 | 3.512 | 29.971 | 37.959 | 12.318 |
| Notendur *** | 37 | 126 | 31 | 10 | 26 | 46 | 9 | 107 | 71 | 77 |
| Íbúar í sértæku húsnæði **** | 19 | 71 | 23 | 10 | 26 | 21 | 4 | 58 | 53 | 57 |
| **Tekjur** | | | | | | | | | | |
| Útsvar - 0,25% | 99.060 | 248.575 | 132.264 | 47.823 | 46.509 | 240.660 | 39.962 | 360.628 | 487.701 | 151.733 |
| Framlög frá Jöfnunarsjóði | 510.621 | 2.166.834 | 417.475 | 102.812 | 327.179 | 607.959 | 86.256 | 1.636.222 | 865.142 | 1.112.003 |
| Samtals | 609.682 | 2.415.408 | 549.739 | 150.635 | 373.688 | 848.619 | 126.217 | 1.996.850 | 1.352.844 | 1.263.736 |
| **Sameiginlegir liðir** | | | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 0 | 3.311 | 39.630 | 0 | 16.848 | 606 | 0 | 38.917 | 40.897 | 47.599 |
| Reiknuð þátttaka í yfirstjórn félagsmála | 0 | 29.221 | 3.716 | 0 | 16.406 | 35.653 | 0 | 0 | 45.000 | 0 |
| Reiknuð þátttaka í yfirstjórn sveitarfélags | 32.337 | 13.718 | 10.406 | 0 | 5.161 | 0 | 0 | 0 | 18.601 | 0 |
| Samtals | 32.337 | 46.250 | 53.752 | 0 | 38.414 | 36.259 | 0 | 38.917 | 104.499 | 47.599 |
| % af tekjum þjónustuaðila ***** | 5,3% | 1,9% | 9,8% | 0,0% | 10,3% | 4,3% | 0,0% | 1,9% | 7,7% | 3,8% |

| Lykiltölur | Norðurþing | Reykjanes-bær | Reykjavíkur-borg | Seltjarnarne sbær | Snæfellsnes | Suðurland-Bergrisinn | Suðurnesja-bær | Sveitarfélagið Hornafjörður | Sveitarfélagið Skagafjörður | Vestfirðir | Vestmannaeyja-bær | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi** | | | | | | | | | | | | |
| Íbúar | 5.113 | 19.421 | 131.136 | 4.726 | 3.947 | 24.044 | 4.896 | 2.434 | 7.322 | 7.115 | 4.355 | **364.134** |
| Notendur *** | 28 | 33 | 448 | 10 | 7 | 100 | 14 | 11 | 42 | 30 | 12 | **1.275** |
| Íbúar í sértæku húsnæði **** | 11 | 19 | 459 | 6 | 0 | 26 | 6 | 8 | 23 | 11 | 5 | **916** |
| **Tekjur** | | | | | | | | | | | | |
| Útsvar - 0,25% | 58.504 | 210.768 | 1.620.395 | 66.101 | 46.221 | 266.826 | 53.241 | 28.730 | 81.641 | 84.702 | 55.630 | 4.427.673 |
| Framlög frá Jöfnunarsjóði | 384.360 | 585.962 | 6.610.810 | 174.693 | 104.682 | 1.498.544 | 188.076 | 140.698 | 671.899 | 554.690 | 130.207 | 18.877.125 |
| Samtals | 442.863 | 796.730 | 8.231.205 | 240.794 | 150.903 | 1.765.370 | 241.316 | 169.429 | 753.540 | 639.392 | 185.837 | 23.304.798 |
| **Sameiginlegir liðir** | | | | | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 1.256 | 25.182 | 89.131 | 0 | 12.349 | 19.046 | 6.655 | 17.436 | 15.103 | 55.933 | 5.094 | 434.994 |
| Reiknuð þátttaka í yfirstjórn félagsmála | 0 | 0 | 0 | 14.200 | 0 | 0 | 0 | 1.260 | 0 | 14.558 | 0 | 160.014 |
| Reiknuð þátttaka í yfirstjórn sveitarfélags | 0 | 0 | 0 | 1.000 | 0 | 2.227 | 0 | 0 | 4.254 | 0 | 3.708 | 91.412 |
| Samtals | 1.256 | 25.182 | 89.131 | 15.200 | 12.349 | 21.272 | 6.655 | 18.696 | 19.358 | 70.491 | 8.802 | 686.419 |
| % af tekjum þjónustuaðila ***** | 0,3% | 3,2% | 1,1% | 6,3% | 8,2% | 1,2% | 2,8% | 11,0% | 2,6% | 11,0% | 4,7% | 2,9% |

Heimild: Greiningarskjal starfshóps skipuðum af fyrrverandi félags- og barnamálaráðherra

Tafla 6 sýnir stjórnunarkostnað hjá sveitarfélögum/þjónustusvæðum sem gjaldfærður var vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Einnig kemur fram íbúafjöldi, fjöldi notenda og fjöldi í sértæku húsnæði fyrir hvert sveitarfélag/þjónustusvæði. Upplýsingarnar voru fengnar frá sveitarfélögunum/þjónustusvæðum.

Mikilvægt er að sveitarfélögin gjaldfæri kostnað vegna yfirstjórnar á samræmdan hátt þar sem greiðslur koma til þeirra frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Eins og kemur fram í töflunni eru sveitarfélög að gjaldfæra allt að 11% af tekjum vegna málaflokksins sem kostnað við yfirstjórn í málaflokkunum, sem verður að teljast mikill kostnaður og óeðlilegt að stjórnunarkostnaður sé svo hár. Samkvæmt því sem fram kemur í töflunni gjaldfærði Bergrisi stjórnunarkostnað sem hlutfall af tekjum í málaflokknum um 1,2%.

## Gjaldfærsla undir málaflokk fatlaðs fólks samkvæmt lögum nr. 38/2018

Við gjaldfærslu á kostnaði undir málaflokk fatlaðs fólks þarf að taka tillit til nokkurra útgjaldaliða sem falla til vegna þjónustu við fatlað fólk, sem kveðið er sérstaklega á um í öðrum lögum og/eða reglugerðum auk þess sem að framan greinir. Sá kostnaður á ekki að gjaldfærast sem þjónusta við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skv. lögum nr. 38/2018.

### Akstursþjónusta við fatlað fólk

Í 20. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kemur fram að aðildarríkin skuli gera árangursríkar ráðstafanir til þess að tryggja að einstaklingum sé gert kleift að fara allra sinna ferða. Stjórnvöldum ber þannig að greiða fyrir því að fatlað fólk geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem það kýs, þegar því hentar og gegn viðráðanlegu gjaldi. Sveitarfélögum hefur um langt árabil verið skylt – lögum samkvæmt – að skipuleggja akstursþjónustu við fatlað fólk. Um þennan þjónustuþátt var fjallað í 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks með síðari breytingum, sem nú eru fallin úr gildi.

Fyrir yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks til sveitarfélaga sáu sveitarfélögin um þennan þátt þjónustunnar og því var sá þáttur ekki hluti af yfirfærslunni og átti ekki að fjármagnast skv. lögum um málefni fatlaðs fólks. Sveitarfélögunum ber að fjármagna þjónustuna áfram eins og hafði verið fyrir yfirfærsluna, þ.e. af almennum tekjum sveitarfélaga.

Fram kemur í 29. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga varðandi akstursþjónustu:

> Fatlað fólk skal eiga kost á akstursþjónustu sem miðar að því að það geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem það kýs og á þeim tíma sem það velur gegn viðráðanlegu gjaldi. Markmið akstursþjónustu er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómstunda. Jafnframt skal fatlað fólk eiga rétt á akstursþjónustu á vegum sveitarfélaga vegna aksturs á þjónustustofnanir og vegna annarrar þjónustu sem það nýtur samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Ráðherra setur nánari leiðbeiningar um akstursþjónustu í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtök fatlaðs fólks þar sem m.a. skal kveðið á um tilhögun á akstri utan sveitarfélags og kostnaðarskiptingu vegna akstursþjónustu í dreifbýli. Sveitarstjórnum er jafnframt heimilt að setja reglur um þjónustuna á grundvelli ákvæðisins og leiðbeinandi reglna ráðherra. Þá er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir akstursþjónustu samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórnir skulu setja og skal gjaldið vera sambærilegt gjaldi fyrir almenningssamgöngur á viðkomandi svæði.

Af þessu má ljóst vera að ekki má gjaldfæra kostnað vegna akstursþjónustu við fatlað fólk sem hluta af kostnaði vegna þjónustu við fatlað fólks með langvarandi stuðningsþarfir skv. lögum nr. 38/2018.

## Húsnæðiskostnaður er varðar búsetu fatlaðs fólks

Með vísan til 5. gr. A og B liðar reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016 með síðari breytingum, er gert ráð fyrir að leigjandi í búsetukjarna greiði leigu fyrir sitt sérrými og að auki hlutdeild í leigu fyrir sameiginlegt rými. Ef leigutekjur standa ekki undir rekstrarkostnaði þess hluta sem íbúi leigir þá á að gjaldfæra mismuninn á félagsþjónustu sveitarfélaga, en ekki sem kostnað við þjónustu fatlaðs fólks skv. lögum nr. 38/2018.

Leggja ber áherslu á að ekki sé verið að færa leigugjöld (innri leigu) vegna sérrýmis notenda sem útgjöld á málaflokkinn og tekjur frá notendum. Leigugjöld og leigutekjur skal færa eins og um félagslegt húsnæði sé að ræða hjá viðkomandi sveitarfélagi.

Kostnaður við rekstur þess hluta húsnæðis, sem ætlað er fyrir starfsmenn og til að veita sérhæfða þjónustu við íbúa, á að gjaldfærast á málaflokkinn sem hluti af kostnaði við að veita þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skv. lögum nr. 38/2018.

Í A og B lið í 5. gr. reglugerðar varðandi húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016 segir m.a. eftirfarandi:

> Kostnaðarhlutdeild þjónustuaðila og íbúa vegna húsaleigu skiptist með eftirfarandi hætti:
>
> a. Sú leiga sem íbúi greiðir er fyrir afnot af einkarými og hlutdeild í sameiginlegu rými í hlutfalli við fjölda íbúa. Teljist starfsmannaaðstaða jafnframt til sameiginlegs rýmis skal leggja þann fjölda starfsmanna sem eru venjulega á vakt hverju sinni við fjölda íbúa þegar hlutfall er reiknað.
> b. Aukarými vegna fötlunar, svo sem starfsmannaaðstaða, og önnur aukin þörf á rými vegna sérstaks húsnæðisúrræðis, greiðist af þjónustuaðila, eftir atvikum samkvæmt sérstökum samningi við umráðaaðila húsnæðis.

### Húsaleiga

Varðandi húsaleigu og gerð húsaleigusamnings á að styðjast við ákvæði 5. gr. reglugerðar varðandi húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016 með síðari breytingum, en þar segir m.a. eftirfarandi:

> Þegar þjónustuaðili tryggir fötluðu fólki húsnæðisúrræði skal gerður húsaleigusamningur um afnotin. Húsaleigulög gilda um form og efni samningsins. Húsaleigusamningur skal jafnframt staðfestur af þjónustuaðila.
>
> Þegar húsaleigusamningur er gerður eða endurskoðaður skal fjárhæð leigu ákveðin í samræmi við reglur um félagslegt leiguhúsnæði í viðkomandi sveitarfélagi. Um breytingar á leigufjárhæð fer einnig samkvæmt þeim reglum nema sérstaklega sé kveðið á um aðra skipan í samningnum sjálfum eða í reglugerð þessari.

Af þessu má ljóst vera að ef kostnaður fellur til umfram þá leigu sem innheimt er af þjónustuþega skv. framanrituðu á sá kostnaður ekki að falla til sem kostnaður vegna málefna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir.

## Húsgögn og búnaður

Með vísan til 6. gr. reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016 skal öll endurnýjun á húsgögnum og búnaði, sem ekki telst hluti af fasteigninni sjálfri og ætluð er til sameiginlegra nota

íbúa, greiðast af íbúunum sjálfum, enda greiði þeir ekki fyrir sambærilegan búnað eða tæki í sínu einkarými.   Þetta á m.a. við húsgögn og búnað í sameiginlegu rými.  Sem dæmi má nefna að ef íbúar nýta saman þvottavél og þurrkara þá deili þeir með sér kostnaði við endurnýjun slíkra tækja.

6. gr. reglugerðar nr. 370/2016 varðandi framanritað hljóðar sem hér segir:

> Stofnkostnaður vegna húsbúnaðar í sameiginlegu rými, þar sem við á, skal greiddur af þjónustuaðila svo og eðlilegt viðhald búnaðar í starfsmannaaðstöðu.
>
> Leigjandi skal greiða sinn hluta í endurnýjun húsbúnaðar og heimilistækja í sameiginlegu rými enda greiði hann ekki fyrir sambærilegan búnað eða tæki í sínu einkarými.

Af þessu má ljóst vera að ef sveitarfélag tekur ákvörðun um að innheimta ekki vegna endurnýjunar á búnaði skv. framanrituðu skal sá kostnaður ekki falla á málaflokk fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir skv. lögum nr. 38/2018.  A.m.k. skulu þau útgjöld dregin frá þegar málflokkurinn er gerður upp.

## Annar rekstrarkostnaður húsnæðis

Íbúar greiða hlutdeild í öðrum rekstrarkostnaði svo sem vegna rafmagns og hita þannig að þeir greiða í hlutfalli við stærð einkarýmis af heildarrými húsnæðis og af rými sem notast sameiginlega af íbúum í hlutfalli við fjölda íbúa og starfsmanna, þar sem það á við svo sem ef starfsmannarými er hluti af sameiginlegu rými íbúa.  Á málaflokkinn falli kostnaður vegna starfsmannaaðstöðu og sérhæfðs þjónusturýmis í hlutfalli við heildarrými húsnæðis.  Að auki falli kostnaður vegna aðstöðu fyrir starfsmenn á málaflokkinn.  Ef aðstaðan er einnig sameiginlegt rými fyrir íbúa þá í hlutfalli við fjölda starfsmanna við vinnu af samanlögðum fjölda starfsmanna við vinnu og fjölda íbúa.

Varðandi viðhald hins leigða húsæðis gilda ákvæði húsnæðislaga.

Framanritað byggir á 6. gr. reglugerðar nr. 370/2016.

## Fæðiskostnaður

Í skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018[5], dags. 2022, bls. 36 og 37 segir eftirfarandi um fæðiskostnað starfsmanna þegar þeir matast með notendum:

> Þann 2. apríl 2019 úrskurðaði úrskurðarnefnd velferðarmála í máli A gegn Akraneskaupstað, nr. 87/2019 en ágreiningur málsins snerist um synjun bæjarins á beiðni um að hækka viðmið endurgreiðslu vegna fæðiskostnaðar til kæranda sem var fatlaður einstaklingur í sjálfstæðri búsetu með sólarhringsþjónustu frá sveitarfélaginu.
>
> Úrskurðarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið lagaheimild fyrir greiðsluþátttöku fatlaða einstaklingsins í fæðiskostnaði starfsmanna sveitarfélagsins sem veittu þjónustu. Var því synjun sveitarfélagsins á beiðni einstaklingsins um að hækka viðmið vegna endurgreiðslu fæðiskostnaðar felld úr gildi og málinu vísað til nýrrar meðferðar sveitarfélagsins.

[5] https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/Sk%C3%BDrsla%20starfsh%C3%B3ps%20um%20heildarendursko%C3%B0un%2038-2018.pdf

Úrskurður þessi beindi ljósi á gallað fyrirkomulag er varðar kostnað sem fellur til þegar starfsmenn þjónustuveitenda borða með notendum þjónustunnar og þau álitamál sem upp koma þegar rætt er um fyrirkomulag slíkrar þjónustu og þátttöku aðila í þeim kostnaði.

Í reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 1054/2010 er ákvæði í 12. gr. um rekstrarkostnað. Í 1. mgr. ákvæðisins segir að rekstrarkostnaður vegna þjónustu sem veitt er greiðist af þjónustuaðila og að þar sé meðal annars um að ræða fæði og annan kostnað sem fellur til við starfsmannahald. Þá segir í 2. mgr. ákvæðisins: „Beri einstaklingur kostnað af fæði starfsmanns skal þjónustuaðili endurgreiða þann kostnað. Miðað skal við kostnað sem almennt er greiddur vegna fæðis aðstoðarfólks, þ.e. fæðispeningar samkvæmt kjarasamningum.“

Í flestum kjarasamningum eru ákvæði um að starfsfólk eigi að hafa aðgang að matstofu, en að öðrum kosti fái það fæðispening. Fjárhæðin sem greidd er í fæðispening er í dag í kringum 650 kr., en greiðslur eru mismunandi eftir kjarasamningum.

Einnig eru ákvæði í mörgum kjarasamningum um að sé starfsfólki gert skylt að matast með þeim sem það þjónustar skuli það ekki greiða fyrir þann mat, nema það fái greitt fyrir með öðrum hætti, t.d. með greiðslu eða styttri vinnutíma.

Sambærilegt ákvæði er hins vegar ekki að finna í öllum kjarasamningum, t.d. er slíkt ákvæði ekki í kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Þroskaþjálfafélags Íslands.[6]

Þá er þessu öðruvísi háttað í kjarasamningum NPA-miðstöðvarinnar og annars vegar Eflingar og hins vegar Starfsgreinasambandsins. Þar er ákvæði um neysluhlé svohljóðandi:

> „Aðstoðarfólk í vaktavinnu hefur ekki sérstaka matar- og kaffitíma. Aðstoðarfólki er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni, þegar því verður við komið starfsins vegna. Vegna takmörkunar þeirrar, sem að ofan greinir á matar- og kaffitímum skal greiða 5 mínútur á yfirvinnukaupi fyrir hvern unninn klukkutíma.“[7]

Þar sem starfsfólk þjónustar notendur í búsetukjarna eða á sambýli eða öðru slíku þar sem eru íbúasjóðir er framkvæmdin hjá sveitarfélögum almennt með þeim hætti að sveitarfélagið greiðir í íbúasjóðinn matarkostnað starfsmanna. Greiðslan tekur mið af fjárhæð fæðispeninga starfsmanna sem njóta ekki mataraðstöðu skv. kjarasamningi og fylgir stöðugildafjölda á starfsstöð. Notendur greiða einnig í sjóðinn fyrir sinn mat.

Kostnaður þriggja stærstu sveitarfélaganna vegna fæðiskostnaðar starfsfólks árin 2018, 2019, 2020 má sjá í eftirfarandi töflu:

| **Sveitarfélag** | **2018** | **2019** | **2020** |
|---|---|---|---|
| Hafnarfjörður | 7.129.184 | 7.805.150 | 8.478.014 |
| Reykjavík | 36.993.606 | 37.082.798 | 40.529.059 |
| Akureyri | 16.043.962 | 16.820.954 | 16.468.742 |
| Samtals | 60.166.752 | 61.708.902 | 65.475.815 |

Í NPA samningum er gert ráð fyrir að 5% hvers samnings fari í kostnað vegna starfsfólks. Ekki er ætlast til að það sé notað í mat dags daglega heldur sér starfsfólk sjálft um að verða sér út

[6] Kjarasamningur Reykjavíkurborgar og Þroskaþjálfafélags Íslands.
[7] Kjarasamningur Eflingar og NPA-miðstöðvarinnar, 3.11.

um mat. Hins vegar má nota 5% ef farið er út að borða. Nánari umfjöllun um það er í næsta kafla, um kostnað vegna viðburða.

Eins og að framan greinir er greiðslum vegna fæðiskostnaðar starfsfólks mismunandi háttað eftir sveitarfélögum, kjarasamningum og búsetuformi þeirra einstaklinga sem starfsfólkið þjónustar. Á flestum stöðum er greiddur fæðispeningur skv. kjarasamningum, um 650 kr., til notanda eða í íbúasjóð og er þá greitt eftir stöðugildum. Ekki er víst að fæðispeningurinn dugi fyrir efniskostnaði matarins og fæst ekki annað séð en að notandinn þurfi þá sjálfur að greiða það sem upp á vantar.

**Tillögur**:

- Starfshópurinn leggur til að kveðið verði á um fæðiskostnað starfsfólks í reglugerð þar sem það sama eigi við um alla, óháð búsetuformi og óháð kjarasamningum þeirra starfsmanna sem þjónusta þann einstakling sem í hlut á hverju sinni.

- Hópurinn leggur einnig til að skýrt verði kveðið á um í reglugerð að notandi skuli ekki bera kostnað af fæði starfsmanns sem veitir honum þjónustu lögum samkvæmt. Almenna reglan verði sú að starfsmaður borði ekki með notanda og komi sjálfur með nesti með sér í vinnuna. Vinnuveitandinn geti þá greitt starfsmanninum fæðispening samkvæmt kjarasamningi eða hagað fæðismálum á annan hátt eftir því sem hentar og vilji er til.

Fyrir suma notendur er það að elda og borða með einhverjum mikilvægur þáttur í þeirri þjónustu sem hann fær.

- Starfshópurinn leggur því til að það skuli þá vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi hvort starfsmaður matist með notanda og þá hve oft á dag. Er almenna reglan hugsuð til þess að notandi sé spurður hvort hann vilji þetta fyrirkomulag og metið sé hverjir séu í þörf fyrir það.
- Þá leggur starfshópurinn til að fundin verði raunhæf fjárhæð sem getur staðið undir venjulegum kostnaði efnisverðs matar sem þjónustuveitandi greiðir í íbúasjóð viðkomandi notanda fyrir hvern starfsmann, sem matast með notanda. Fjárhæðin taki reglulega breytingum miðað við vísitölu neysluverðs. Framangreint verði reglugerðarákvæði og fjárhæðin tilgreind í reglugerðinni.

### Kostnaður vegna viðburða

Í sömu skýrslu og getið er um hér að framan segir eftirfarandi varðandi kostnað vegna starfsmanna þegar þeir fara með notenda á viðburði eða borða með þeim á veitingarstað o.s.frv., sjá bls. 38 og 39:

> Engar samræmdar reglur eru til um hver greiði kostnað fyrir starfsmann þegar starfsmaður fer með notanda á viðburði eða út að borða. Þekkt er að í einhverjum tilfellum greiði notandi sjálfur kostnað starfsmanns í þessum tilvikum. Fyrirkomulagið er mismunandi á milli sveitarfélaga.
>
> Einnig eru vísbendingar um að munur sé á fyrirkomulagi vegna þessa innan sveitarfélags eftir þjónustuformi. Í stuðnings- og stoðþjónustu er þak á því sem sveitarfélagið greiðir í kostnað fyrir starfsfólk á mánuði. Þá er allur gangur á því hvernig þessu er háttað í búsetukjörnum og getur það verið ólíkt á milli kjarna.

Í NPA samningum eru 5% samnings sérstaklega hugsuð til að dekka kostnað vegna starfsfólks. Í NPA handbók er kostnaður vegna ferðalaga og samgangna, aðgöngumiði fyrir starfsmann á söfn, tónleika, íþróttaviðburði o.þ.h. tekinn sem dæmi um kostnað sem starfsmannakostnaðurinn tekur til.[8] Ekki er að finna slíkt viðmið þegar um starfsmenn sveitarfélaga er að ræða.

Á Norðurlöndum gefa ríki út aðstoðarmannakort sem notandinn á og geymir, og veitir aðstoðarmanni viðkomandi ókeypis aðgang hjá hinu opinbera og einkaaðilar eru hvattir til að gera slíkt hið sama. Fellur þannig enginn viðbótarkostnaður vegna aðstoðarfólks á notandann þegar hann fer á safn eða annað slíkt.

Af þeim upplýsingum sem hópurinn hefur aflað má ráða að mikill munur er á hvernig farið er með kostnað vegna starfsfólks sem fer með notendum á viðburð og/eða út að borða. Bæði er það ólíkt eftir sveitarfélögum en einnig þjónustuformi hjá sveitarfélögum. Í mörgum tilfella eru engar ákveðnar reglur fyrir starfsmenn til að fara eftir.

**Tillögur**:

- Starfshópurinn leggur til að gefið verði út sambærilegt aðstoðarmannakort og fjallað var um hér að framan að gefin eru út á hinum Norðurlöndunum. Myndi það leysa a.m.k. hluta þessa vanda. Þegar farið er á staði eða viðburði sem eru ekki hluti af aðstoðarmannakorti verði sett viðmið í reglugerð um hvernig fara skuli með það. Hægt væri t.d. að kveða á um endurgreiðslu á útlögðum kostnaði til starfsmanns eins og gert er í liðveislu hjá Reykjavíkurborg, með mánaðarþaki greiðslna sem ákveðið væri með sanngjörnum hætti, reglulega uppfært skv. vísitölu neysluverðs. Einnig væri hægt að búa til sjóð sem þeir sem vilja geta sótt í.
- Starfshópurinn leggur til að sett verði í reglugerð að gefið verði út samræmt, staðlað fylgdarkort fyrir fatlað fólk þar sem frítt verði inn á alla viðburði, hverju nafni sem þeir nefnast á vegum ríkis og sveitarfélaga fyrir fylgdarmann. Fylgdarkortið gildi einungis fyrir starfsmenn sem vinna við umönnun við fatlað fólk. Sveitarfélögin gefi kortin út fyrir sína notendur sem eru með fötlun sem kallar á ákveðna þjónustuþörf eða er þess eðlis að þeir þurfi aðstoðarmann til að fara á viðburð eða annað. Það verði þannig metið hvort viðkomandi þurfi á kortinu að halda. Þannig gæti notandi fengið slíkt kort óháð því hvers konar þjónustu viðkomandi fær, sé það metið sem svo að hann þurfi aðstoðarmann til að fara á viðburði. Þannig gætu notendur með NPA einnig fengið slíkt kort. Rétt er að árétta að aðstoðarmannakortið kæmi þá til viðbótar við þá þjónustu sem NPA notendur hafa, og skal ekki notað til að taka önnur réttindi af þeim. Mat á því hvort notandi þurfi á aðstoðarmannakorti að halda komi inn í einstaklingsbundna þjónustuáætlun viðkomandi.
- Starfshópurinn leggur til að fylgdarkortið verði í vörslu þess fatlaða. Við framvísun þess á viðburði, söfn o.s.frv. á vegum ríkisins, sveitarfélaga og opinberrar stofnunar skal vera frítt fyrir fylgdarmann. Sá fatlaði skal greiða fullt gjald fyrir sig. Sem dæmi má nefna að ef fatlaður einstaklingur með fylgdarkort pantar tvo miða í Þjóðleikhúsið, þá greiðir hann fyrir sig og fær frían miða fyrir fylgdarmanninn. Annað dæmi er að fatlaður einstaklingur fer í sund með aðstoðarmanni. Hann

[8] Handbók um NPA: https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/NPA_handbok_29_04_2019_loka_.pdf

greiðir þá aðeins fyrir sig en aðstoðarmaðurinn fær frítt. Þetta gildi sama hvar á landinu viðkomandi fer í sund. Sami háttur verður á hvað aðra viðburði varðar á vegum sveitarfélaga og ríkisins. Þannig fær fylgdarmaður einnig frítt á viðburði í öðrum sveitarfélögum en lögheimilissveitarfélagi notandans, sé um það að ræða. Starfshópurinn telur rétt að Samband íslenskra sveitarfélaga hlutist til um að koma á samkomulagi á milli sveitarfélaga um þátttöku í þessu verkefni.

- Einnig er lagt til að farið verði í átak í samvinnu við samtök atvinnulífsins til að fá fyrirtæki til að taka þátt í þessu verkefni. Þetta sé samfélagslegt verkefni sem fyrirtæki geti verið stolt af því að taka þátt í og notað í auglýsingaskyni. Reglulega verði birtur listi yfir þau fyrirtæki sem taka þátt. Sem dæmi má nefna veitingastað. Þar greiðir sá fatlaði að fullu fyrir sig en fylgdarmaður fær frítt. Í slíku tilfelli væri réttur dagsins gjaldfrjáls fyrir fylgdarmanninn. Ef hann vill borða annað, þarf hann að greiða mismuninn og einnig ef hann velur gos í stað vatns o.s.frv.
- Leitað verði eftir samstarfi um að slík fylgdarkort gildi einnig á hinum Norðurlöndunum.
- Einnig setur starfshópurinn hér fram þá tillögu að stofnaður verði ferðasjóður fyrir fatlað fólk vegna kostunar aðstoðarfólks.

### Óregluleg útgjöld, óvenjuleg útgjöld

Kostnaður sem fellur til vegna reksturs málaflokksins, svo sem bótagreiðslur, sem rekja má til stjórnsýslu viðkomandi sveitarfélags, á ekki að falla sem kostnaður á málaflokk fatlaðs fólks. Hins vegar má ætla að mál geti komið upp þar sem álitamál getur verið hvernig eigi að gjaldfæra. Fjalla þarf sérstaklega um þau mál.

### Íbúasjóður

Lögð er áhersla á að ákvæðum 7. gr. reglugerðar nr. 370/2016 varðandi íbúasjóð verði fylgt eftir. Þar segir m.a. um uppgjör á íbúasjóði:

> Íbúasjóður skal gerður upp um hver áramót og íbúum endurgreitt sé rekstrarafgangur umfram 3% af þeirri heildarfjárhæð sem lögð hefur verið í sjóðinn á árinu. Framlög í íbúasjóð skulu endurskoðuð árlega með hliðsjón af rekstri sjóðsins. Þjónustuaðili ber ábyrgð á að haldið sé yfirlit yfir rekstur sjóðsins og ársreikningum skilað. Þjónustuaðili skal að minnsta kosti einu sinni á ári boða íbúa eða talsmenn þeirra til fundar til að gera grein fyrir stöðu sjóðsins og ákvörðunum sem taka þarf um sameiginlegan rekstur.
>
> Íbúar eða umboðsmenn þeirra skulu hafa eftirlit með rekstri sjóðsins og taka ákvörðun um framlög í sjóðinn ásamt þeim starfsmanni þjónustuaðila sem veitt hefur verið umboð við rekstur íbúasjóðsins.

## Fjárheimild

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 eru alveg skýr varðandi gildi og tilgang fjárhagsáætlana. Fjárhagsáætlun er ekki eingöngu áætlun sem slík heldur eru lögin alveg skýr um að fjárhagsáætlun segir til um fjárheimildir og kemur það skýrt fram í 63. gr. sveitarstjórnarlaga. Greinin hljóðar sem hér segir:

> **63. gr.** Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.
> Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 1. mgr. 62. gr. um fjárhagsáætlun

næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.

**Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun.** Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

Í reglugerð sem sett er á grundvelli 75. gr. er heimilt að skilgreina þau tilvik þar sem tilfærslur innan málaflokka eru heimilaðar án þess að fyrir liggi samþykktur viðauki, sbr. 1. málsl. 2. mgr. Þó skulu allar slíkar breytingar færðar í viðauka við fyrsta tækifæri.

Önnur málsgrein greinarinnar er alveg skýr hvað þetta varðar en þar segir m.a. „Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina.“ Af þessu ákvæði er ljóst að liggi fyrir að útgjaldaliðir stefni í að fara fram úr fjárhagsáætlun (fjárheimild) skal leggja fram viðauka sem sveitarstjórn tekur síðan afstöðu til. Sá möguleiki er alltaf fyrir hendi að sveitarstjórn samþykki ekki viðaukann og því ljóst að grípa þarf til viðhlítandi ráðstafana. Samkvæmt þessu er það brot á sveitarstjórnarlögum ef farið er fram úr fjárheimildum samkvæmt fjárhagsáætlun án þess að viðauki liggi fyrir.

Af þessu má ætla að sveitarstjórnarlög stangist á við lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir varðandi ýmis réttindaákvæði sem koma fram í þeim lögum.

Það sjónarmið hefur komið fram í umræðunni að þau réttindaákvæði sem koma fram í lögum nr. 38/2018 vegi þyngra en sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 varðandi fjárheimildir. Þar af leiðandi eru dæmi um það hjá sveitarfélögum að farið hafi verið fram úr fjárheimildum vegna þjónustu við fatlað fólk.

Það er mat skýrsluhöfunda að hér vegi sveitarstjórnarlögin þyngra, þ.e. ef ekki liggur fyrir fjárheimild vegna tiltekinnar þjónustu þarf að fá viðauka samþykktan áður en til útgjalda er stofnað og það er þá sveitarstjórn sem tekur ákvörðunin en ekki starfsmenn sveitarfélagsins.

Leggja ber áherslu á að þessari vinnutilhögun verði fylgt í hvívetna.

# Greining á rekstri og stjórnsýslu

Í þessum hluta skýrslunnar verður farið yfir þá þætti sem hafa áhrif á rekstur, fjárhag og stjórnsýslu Bergrisans.

## Bergrisinn

Í október árið 2014 stofnuð sveitarfélögin á Suðurlandi byggðasamlagið Bergrisann bs. Fram að þeim tíma höfðu sveitarfélögin haft samstarf um þjónustuna og annaðist hvert sveitarfélag þjónustuna á sínu svæði. Sveitarfélagið Árborg tók við framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna þjónustunnar og deildi þeim út til sveitarfélaganna.

Stofnendur Bergrisans bs. voru Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Grímsnes- og Grafningshreppur, Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur.

Með aðild sinni að Bergrisanum bs. fela aðildarsveitarfélögin Bergrisanum bs. skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir með lögheimili í aðildarsveitarfélögunum. Um er að ræða þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skv. lögum nr. 38/2018. Grunnþjónustu við fatlað fólk, sem veitt er skv. lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, annast sveitarfélögin sjálf, þ.e. sú þjónusta fellur ekki að verkefnum Bergrisans.

Starfsvæði Bergrisans bs. samkvæmt samþykktunum skiptist í þrjú félagsþjónustusvæði. Þau eru Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings, félagsþjónusta Sveitarfélagsins Árborgar og félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellsýslu.

Bergrisinn bs. gerir samninga, samanber a lið í 3. gr. samþykktanna, við aðildarsveitarfélögin um framkvæmd þjónustunnar á viðkomandi félagsþjónustusvæði/sveitarfélagi. Í samkomulaginu eru tilgreindir þeir þjónustuþættir sem viðkomandi félagsþjónustusvæði/ sveitarfélag framkvæmir.

Í þjónustusamningnum skal gera grein fyrir fjárstreymi, annars vegar frá sveitarfélögunum til byggðasamlagsins og hins vegar frá Bergrisanum bs. til félagsþjónustusvæðanna/ sveitarfélaganna.

Stjórn Bergrisans bs. er skipuð þremur stjórnarmönnum og jafnmörgum til vara. Varamenn í stjórn eru jafnframt þrír. Stjórnin er kjörinn á aðalfundi til eins árs í senn.

Í 6. grein samþykktanna segir m.a.: „Stjórn byggðasamlagsins getur ekki skuldbundið aðildarsveitarfélögin umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins, gildandi þjónustusamning sveitarfélaganna um málefni fatlaðs fólks, erindisbréfi þjónusturáðs eða í samþykktum Bergrisans bs.“ Er þetta í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga varðandi fjárhagsáætlun (fjárheimild) sbr. hér að framan.

Tekjur Bergrisans eru framlög frá aðildarsveitarfélögunum sem er m.a. 0,25% hlutdeild í álagningarprósentu útsvars sem ætlað er til þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Frekari útfærsla á greiðslum frá aðildarsveitarfélögunum kemur fram í

þjónustusamningi sveitarfélaganna. Auk þess eru framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir.

Byggðasamlagið greiðir síðan til sveitarfélaganna og sjálfstæðra þjónustuaðila í samræmi við samninga sem gerðir eru við viðkomandi um þjónustu við fatlað fólk. Jafnframt greiðir Bergrisinn fyrir sameiginlegan kostnað samkvæmt samningi við Sveitarfélagið Árborg þar um, sbr. 3. gr. b. í samþykktum Bergrisans.

Í c lið 3. gr. samþykkta Bergrisans er kveðið á um að erindisbréf fyrir þjónusturáð eigi að vera fylgiskjal nr. 3 með samþykktunum. Þrátt fyrir ítarlega leit hefur þetta fylgiskjal ekki fundist. Samkvæmt upplýsingum frá verkefnastjóra Bergrisans hefur þjónusturáðið stuðst við starfsreglur þjónusturáðs sem virðast hafa verið gerðar á grundvelli gr. 3.1. í samningi um sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlað fólk, sem var starfrækt fyrir stofnun Bergrisans bs. Starfsreglurnar sem skýrsluhöfundar hafa fengið eru hvorki undirritaðar né dagsettar.

Starfandi er fagteymi, sem starfar eftir starfsreglum fagteymisins. Í 9. gr. starfsreglnanna er kveðið á um að þær skuli endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Starfsreglurnar voru endurskoðaðar síðast 5. júní 2019.

Samkvæmt 5. gr. framangreindra starfsreglna þjónusturáðs skipar þjónusturáð fagteymið. Í fagteyminu eru fagaðilar, einn frá hverju svæði, eða samtals þrír.

Samkvæmt 3. gr. samþykkta Bergrisans bs. er hlutverk byggðasamlagsins að útfæra þjónustuna. Eins og fram kemur í 3. greininni er faglegri og fjárhagslegri umgjörð þjónustunnar nánar lýst í þremur fylgiskjölum með samþykktum Bergrisans. En þau eru:

a) Þjónustusamningar sveitarfélaga um málefni fatlaðs fólks.
b) Samningur um sameiginleg verkefni þjónustusvæðisins sem Sveitarfélagið Árborg annast.
c) Erindisbréf þjónusturáðs.

## Þjónustusamningar sveitarfélaga um málefni fatlaðs fólks

Ekki fundust þjónustusamningar sveitarfélaga, skv. a lið, þegar skýrsluhöfundar óskuðu eftir þeim. Hins vegar var sendur samningur á aðildarsveitarfélögin til samþykktar á árinu 2019. Samningurinn hefur ekki verið undirritaður, sjá fylgiskjal 1. Ekki lágu fyrir upplýsingar um hvort samningar skv. a lið hafi verið gerðir við stofnun Bergrisans eins og kveðið er á um í 3. gr.

Eftir því sem skýrsluhöfundar komast næst er framkvæmd þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sem heyrir undir Bergrisann í samræmi við það sem kemur fram í óundirrituðum samningi frá árinu 2019.

Í 5. gr. „samningsins“ er fjallað um þjónusturáð. Þar segir m.a.:

> 5.1. Framkvæmd samningsins er í höndum félagsþjónustu sveitarfélaganna:
> 5.1.1. Félagsþjónustu Sveitarfélagsins Árborgar.
> 5.1.2. Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellsýslu.
> 5,1.3. Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.
> 5.2. Dagleg stjórnun og samhæfing vegna samningsins er í höndum þjónusturáðs sem starfar á grundvelli erindisbréfs sem stjórn byggðasamlagsins setur og gerir tillögur um stærri ákvarðanir og stefnumörkun til stjórnar byggðasamlagsins.

5.3. Þjónusturáð er skipað einum fulltrúa frá hverri félagsþjónustu og kýs ráðið sjálft formann.

5.4. Þjónusturáð setur sér starfsreglur sem stjórn byggðasamlagsins staðfestir.

5.5. Haft skal virkt samráð við fatlaða, aðstandendur og samtök þeirra við stefnumótun og framkvæmd þjónustu.

5.6. Verkefni þjónusturáðs eru:

- 5.6.1. Umsjón með daglegri stjórnun þjónustusamningsins. Í þessu felst meðal annars:
  - a. umsjón og forgangsröðun innan ramma þjónustusamnings við Sveitarfélagið Árborg.
  - b. samráð vegna samninga við sjálfstæða þjónustuaðila og
  - c. stefnumótun í samvinnu við sveitarfélög, notendur og hagmunaaðila.
  - d. gerð tillagna til stjórnar byggðasamlagsins um viðbrögð við ófyrirséðum útgjöldum.
- 5.6.2. Samhæfing þjónustu innan þjónustusvæðis. Í þessu felst meðal annars:
  - a. samhæfing um hlutverk, verkaskiptingu og nýtingu þjónustueininga.
  - b. umfjöllun um málefni þjónustuþega, sérstaklega þeirra sem þurfa þjónustu úr fyrir eigið félagsþjónustusvæði.
  - c. umsjón og samhæfing þjónustumats og
  - d. samráð vegna biðlista á þjónustusvæðinu.
- 5.6.3. Verkefni á sviði árangurstjórnunar og eftirlits. Í þessu felst meðal annars:
  - a. samhæfing árangursmats,
  - b. samhæfing gæðastjórnunar,
  - c. samhæfing innra eftirlits,
  - d. upplýsingaöflun og skýrslugerð,
  - e. faglegt eftirlit með framkvæmd samninga við sjálfstæða þjónustuaðila

Samkvæmt gr. 5.1 er framkvæmd samningsins í höndum félagsþjónustu sveitarfélaganna sem eru þrjár, þ.e. félagsþjónusta Sveitarfélagsins Árborgar, félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellsýslu og skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Daglegs stjórnun og samhæfing vegna samningsins er í höndum þjónusturáðs sem starfar skv. erindisbréfi.

Ætla verður skv. þessari skilgreiningu að rekstrar- og fagleg stjórnun heyri sameiginlega undir þjónusturáð og að félagsþjónustan á hverju svæði fari með daglegan rekstur og faglega stjórnun. Þar með talið mannahald o.s.frv.

Í 6. Grein er fjallað um verkefni og rekstrareiningar en þar segir:

6. Verkefni og rekstrareiningar

- 6.1. Félagsþjónustur annast almenna þjónustu við fatlaða, hver á sínu starfssvæði:
  - 6.1.1. Ráðgjöf og aðra stuðningsþjónustu við fatlaða og fjölskyldur þeirra.
  - 6.1.2. Rekstur heimila með sólarhringsþjónustu, þjónustu- og íbúðakjarna.
  - 6.1.3. Þjónustu til stuðnings sjálfstæðri búsetu.
  - 6.1.4. Stuðningsfjölskyldur.
  - 6.1.5. Heimili fyrir börn með sólarhringsþjónustu.
- 6.2. Félagsþjónusta Árborgar annast rekstur sérhæfðra þjónustueininga fyrir allt þjónustusvæðið:
  - 6.2.1. Skammtímadvöl og VISS, vinnu- og hæfingarstöð með útibú í Þorlákshöfn

og á Flúðum með samningum þar um.[9]

6.3. Félagsþjónusta Sveitarfélagsins Árborgar annast sameiginleg verkefni þjónustusvæðisins samkvæmt þjónustusamningi við það:

6.3.1. Sérhæfð ráðgjöf, samkvæmt nánari skilgreiningu þjónustusamningsins.

6.3.2. Stuðning við þjónusturáð vegna sameiginlegrar verkefna á svið stefnumótunar, eftirlits, gæðastjórnunar, árangursmats, upplýsingasöfnunar og skýrslugerðar.

6.3.3. Þjónustu við stjórn byggðasamlagsins og þjónusturáð, ásamt umsýslu rekstrarsjóðs þjónustusvæðisins.

6.4. Þjónustusvæðin geta gert samninga sín á milli eða við aðra aðila um frekari samvinnu eða samrekstur en samningur þessi kveður á um.

Í 6. gr. kemur skýrt fram að félagsþjónusta á hverju svæði annist daglegan rekstur þjónustunnar. Einnig kemur fram að Sveitarfélagið Árborg annist rekstur VISS sem er með útibú í Þorlákshöfn og á Flúðum með samningi þar um.

## Deildarstjóri félagsþjónustu Sveitarfélagsins Árborgar

Deildarstjórinn fer m.a. með málefni fatlaðs fólks í Sveitarfélaginu Árborg og situr í þjónusturáði. Hans næsti yfirmaður er sviðsstjóri fjölskyldusviðs. Undir deildarstjórann heyra þrír búseturkjarnar, skammtímavistun og VISS, vinnu- og hæfingarstöð. Auk þess heyrir undir deildarstjórann ráðgjafaþroskaþjálfi sem starfar á öllu starfssvæði Bergrisans. Gert er ráð fyrir að ráðgjafaþroskaþjálfi starfi í 90% starfshlutfalli í ráðgjöf vegna fötlunar innan starfsvæðis Bergrisans og 10% vegna þjónusturáðs og fagteymis en reyndin hefur frekar verið 80%-20%. Auk þess starfa ráðgjafaþroskaþjálfar í 2,4 stöðugildi við ráðgjöf fyrir fatlað fólk hjá félagsþjónustu Árborgar sem eingöngu starfar fyrir félagsþjónustu Sveitarfélagsins Árborgar. Þeir sinna ráðgjöf og málastjórn við fullorðna, börn og barnafjölskyldur. Fjölgað var um eitt stöðugildi í sumar í tengslum við aukinn íbúafjölda og ný lög um samþætta þjónustu við farsæld barna. Árborg hefur ekki innheimt gjald af Bergrisa vegna þessa.

Forstöðumaður VISS, vinnu- og hæfingarstöð, á Selfossi heyrir undir deildarstjórann. Rekin eru útibú í Þorlákshöfn, Flúðum og Hvolsvelli. Á hverjum stað er deildarstjóri yfir hverju útibúi.

Í framkvæmd hefur það verið þannig að rekstrarlega heyra deildarstjórarnir undir stjórnanda hjá viðkomandi sveitarfélagi en faglega undir forstöðumann VISS á Selfossi.

Fram kom í máli deildarstjóra félagsþjónustu Árborgar að hann hefði ekki með faglega þáttinn að gera í útibúunum.

Við afgreiðslu mála fara þau fyrst til umræðu í fagteymi, sem skipað er fagaðilum af hverju starfssvæði síðan þjónusturáð og svo til afgreiðslu í stjórn Bergrisans.

Deildarstjóri félagsþjónustunnar heldur reglulega fundi með forstöðumönnum hálfsmánaðarlega. Deildarstjórinn hefur ekki komið að rekstri heimilissjóða þeirra heimila sem undir hann heyra að hans sögn.

Vinna við fjárhagsáætlun fer þannig fram að fyrst vinna forstöðumenn hverrar rekstrareiningar áætlun fyrir viðkomandi einingu sem deildarstjórinn ásamt verkefnastjóra Bergrisans fara yfir áður en áætluninni er skilað til fjármálastjóra.

[9] Samningur hefur ekki verið gerður skv. upplýsingum frá verkefnastjóra.

### Félagsmálastjóri félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu er byggðasamlag um félags- og skólaþjónustu í viðkomandi fimm sveitarfélögum. Félagsmálastjóri heyrir undir stjórn byggðasamlagsins. Félagsmálastjórinn situr í þjónusturáðinu.

Á starfssvæði þjónustunnar er rekið útibú á Hvolsvelli frá VISS, Selfossi. Engin búsetukjarni er á starfssvæðinu. Fjórir einstaklingar eru á biðlista eftir búsetu. Einn af þeim er þegar í búsetu annar staðar en vill komast í heimabyggð.

Fram kom í máli félagsmálastjórans að það væri nokkuð óljóst hvort hann ætti að koma að rekstri útbús VISS á Hvolsvelli. Félagsmálastjórinn situr ekki reglulega fundi með deildarstjóra VISS á Hvolsvelli. Sveitarstjóri Rangárþings eystra hefur komið að rekstri  útibúsins. Í byrjun árs (2022) var ráðinn nýr deildarstjóri að útibúinu. Að ráðningunni komu sveitarstjórinn og forstöðumaður VISS á Selfossi. Enginn af þeim sem sækja VISS á Hvolsvelli er í sértæku húsnæði.

Ráðgjafandi þroskaþjálfi í málefnum fatlaðra sem kemur frá Árborg skv. samkomulagi þar um hefur aðsetur að jafnaði á skrifstofu félags- og skólaþjónustunnar þegar hann sinnir svæðinu.

Á vegum félagsþjónustunnar eru starfsmenn í stuðningsþjónustu sem eru á launaskrá hjá viðkomandi sveitarfélögum. Þessir starfsmenn sinna félagslegri heimaþjónustu allt að 15 klst. á viku, þ.e. þjónustu skv. lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Félags- og skólaþjónustan hafa ekki  innheimt gjald af Bergrisanum vegna starfa félagsmálastjórans fyrir Bergrisann.

Í gildi eru (mars 2022) tveir beingreiðslusamningar vegna notenda á starfsvæðinu. Bergrisinn greiðir fyrir þessa samninga en innheimtir gjald sem nemur kostnaði við allt að 60 klst. á viku af viðkomandi sveitarfélagi vegna stuðningsþjónustu.

Enginn starfsmaður er hjá sveitarfélögunum fimm sem sinnir félagsþjónustu. Hún er öll hjá félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Innan þjónustusvæðisins eru 14 fötluð börn og 21 fullorðnir fatlaðir einstaklingar.

### Forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings er byggðasamlag sem stofnað var af sjö sveitarfélögum í Árnessýslu. Í stofnsamþykktum byggðasamlagsins kemur fram að hlutverk þess sé að veita þverfaglega og samræmda velferðarþjónustu í sveitarfélögunum sjö.

Forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (SVÁ) heyrir undir stjórn; nefnd oddvita og sveitarstjóra (NOS).  Auk forstöðumannsins starfar hjá SVÁ verkefnastjóri í málefnum fatlaðra í 100% starfi.  SVÁ greiðir laun verkefnastjórans.

Á starfssvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings eru tveir búsetukjarnar. Annar í Sveitarfélaginu Ölfusi, Selvogsbraut 1, Þorlákshöfn, og hinn í Hveragerði, Birkimörk 21 til 27. Auk þess tilheyra Sólheimar og Skaftholt svæðinu en Bergrisi er með samninga við sjálfseignastofnanir sem reka þjónustuna við íbúa sem þar eru.

Auk þess er VISS Selfossi með útibúi í Þorlákshöfn og á Flúðum sem er á starfssvæði SVÁ.

Sveitarfélögin Ölfus og Hveragerðisbær reka jafnframt félagsþjónustu fyrir íbúana. Sveitarfélögin Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða – og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur og Bláskógabyggð reka félagsþjónustu að Laugarási.

Forstöðumaðurinn er í samskiptum við ráðgjafa þessara sveitarfélaga og á reglulega fundi með þeim. Í reynd er það þannig að fagleg ábyrgð hefur verið hjá byggðasamlaginu (SVÁ) vegna þess rekstrar sem fram fer á vegum Bergrisans í Hveragerði, Ölfusi og Uppsveitum og Flóa en rekstrarleg ábyrgð hjá sveitarfélögunum sjálfum.

Vegna þessa fyrirkomulags getur flækjustigið verið nokkuð við ákvörðunartöku. Sem dæmi má nefna að um sumum tilfella koma þrír aðilar að einni ákvörðunartöku, þ.e. forstöðumaður byggðasamlagsins, Bergrisi og svo bæjarstjóri/sveitarstjóri.

Fram kom í máli forstöðumanns SVÁ að hún væri faglegur yfirmaður framangreindra forstöðumanna en bæjarstjóri/sveitarstjórar viðkomandi sveitarfélags rekstrarlegir yfirmenn. Forstöðumenn búsetukjarna hafa haft samband við forstöðumann SVÁ vegna mannaráðninga sem hún hefur í raun ekki umboð til að taka ákvörðun um, vegna umboðsleysis að hennar mati. Ljóst er að mannaráðningar eru ekki einungis rekstrarlegs eðlis heldur einnig þarf að fara fram faglegt mat.
Forstöðumaður SVÁ hefur ekki komið að ráðningarmálum vegna framangreindra búsetukjarna. Stöðugildum hefur verið að fjölga á búsetukjörnunum og er forstöðumanni SVÁ ekki kunnugt um hvernig þær ákvarðanir hafa verið teknar.

Samkvæmt upplýsingum forstöðumanns búsetukjarnans Birkimörk í Hveragerði er forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþing faglegur yfirmaður hans en varðandi annað sem snýr að framkvæmdum, fjármálum eða öðru er varðar starfið/heimilið þá er það bæjarstjórinn í Hveragerðisbæ.

Samkvæmt upplýsingum frá forstöðumanni íbúðakjarnans að Selvogsbraut 1, Þorlákshöfn, er hans næsti yfirmaður bæjarritarinn í Sveitarfélaginu Ölfus.

Fram kom í máli forstöðumanns Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings að ýmis mál fari fyrst fyrir fagteymi. Síðan fyrir þjónusturáð og svo til lokaafgreiðslu hjá stjórn Bergrisans. Fundargerðir fagteymisins eru teknar fyrir hjá þjónusturáði.

Aðkoma Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings að VISS, Þorlákshöfn og á Flúðum er ekki mikil. Fram kom í máli forstöðumannsins að það flækti nokkuð faglega þáttinn varðandi rekstur VISS að deildarstjórinn heyri faglega undir forstöðumann VISS á Selfossi, sem heyrir undir deildarstjóra félagsþjónustu hjá Árborg. Þar af leiðandi er eins og áður hefur komið fram nokkuð óskýrt hvaða umboð forstöðumaður SVÁ hefur gagnvart VISS í Þorlákshöfn og á Flúðum.

## Samningur um sameiginleg verkefni þjónustusvæðisins sem Sveitarfélagið Árborg annast

Ekki lá fyrir hvort samningur samkvæmt b lið hafi legið fyrir þegar gengið var frá samþykktunum. Hins vegar liggur fyrir undirritaður samningur á milli Bergrisans og Sveitarfélagsins Árborgar skv. b. lið, dagsettur 21. mars 2016, sjá fylgiskjal 2. Fyrir liggja ný drög að samningi á milli Bergrisans og Sveitarfélagsins Árborgar, dags. 2019. Samningsdrögin hafa ekki verið undirrituð, sjá fylgiskjal 3.

Við samanburð á samningnum frá 2016 og óundirrituðum samningi frá 2019 eru þeir nokkuð áþekkir. Í óundirrituðum samningi frá 2019 er búið að bæta við ýmsum þáttum sem hafa bæst við þá þjónustu sem Árborg hefur tekið að sér og skerpt er á ákvæðum varðandi greiðslur því tengdum.

### Tafla 7: Rekstur sameiginlegra verkefna sem Árborg annast fyrir Bergrisann samkvæmt samningi

| | | | | | Hlutfallslegar breytingar | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2018-2019 | 2019-2020 | 2020-2021 | 2018-2021 |
| Endurgreiðslur frá sveitarfélagi | -23.949 | -26.378 | -35.271 | -31.917 | 10,1% | 33,7% | -9,5% | 33,3% |
| Önnur sala | | -22 | | | | -100,0% | | |
| **Tekjur samtals** | **-23.949** | **-26.400** | **-35.271** | **-31.917** | 10,2% | 33,6% | -9,5% | 33,3% |
| Mánaðarlaun | 5.247 | 6.662 | 13.281 | 16.962 | 27,0% | 99,3% | 27,7% | 223,3% |
| Yfirvinna | 789 | 655 | 479 | 503 | -17,0% | -26,9% | 5,1% | -36,2% |
| Veikindalaun | 652 | 259 | 488 | 603 | -60,3% | 88,7% | 23,6% | -7,5% |
| Ógreitt orlof | 34 | 21 | 1.115 | 149 | -38,1% | 5224,2% | -86,6% | 340,2% |
| Launatengd gjöld | 1.672 | 1.886 | 3.472 | 4.500 | 12,8% | 84,1% | 29,6% | 169,0% |
| Matarkostnaður | 80 | 84 | 211 | 310 | 4,2% | 151,5% | 47,4% | 286,1% |
| Bifreiðastyrkur og dagpeningar | 199 | 372 | 183 | 108 | 86,8% | -50,9% | -40,6% | -45,5% |
| Annar starfsmanna kostnaður | 92 | 122 | | 678 | 33,1% | -100,0% | | 639,7% |
| **Laun og launatengd gjöld** | **8.765** | **10.060** | **19.228** | **23.814** | **14,8%** | **91,1%** | **23,8%** | **171,7%** |
| Ritföng | 99 | | | | -100,0% | | | -100,0% |
| Verkfæri og áhöld | 12 | | 319 | 88 | -100,0% | | -72,3% | 637,2% |
| Önnur vörukaup | | | 21 | | | | -100,0% | |
| **Vörukaup samtals** | **111** | **0** | **339** | **88** | **-100,0%** | | **-74,0%** | **-20,5%** |
| Síma og netþjónusta | 104 | 105 | 142 | 190 | 1,4% | 34,9% | 34,5% | 83,8% |
| Risna og gjafir | 7 | 38 | | 59 | 445,2% | -100,0% | | 735,7% |
| Húsaleiga | | | | | | | | |
| Hlutdeild í rekstri skrifstofu o.fl. | 1.760 | 1.869 | 2.227 | 2.161 | 6,2% | 19,1% | -2,9% | 22,8% |
| Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði | 2.166 | 2.363 | 2.356 | 2.813 | 9,1% | -0,3% | 19,4% | 29,9% |
| Viðhald verkfæra, áhalda og skrifstofuvéla | | 60 | 340 | | | 467,3% | -100,0% | |
| Ábyrgðartryggingar | 16 | 13 | 13 | 38 | -20,5% | 3,3% | 185,4% | 134,5% |
| Námskeiðs- og skólagjöld | 34 | 16 | 36 | 37 | -53,3% | 127,7% | 2,1% | 8,5% |
| Framlög héraðsnefndar/sveitarfélaga | 5.549 | 6.457 | 8.018 | | 16,4% | 24,2% | -100,0% | -100,0% |
| Aðkeypt þjónusta | 5.166 | 5.193 | 2.500 | 2.500 | 0,5% | -51,9% | 0,0% | -51,6% |
| Ýmislegt | 277 | 227 | 71 | 216 | -18,3% | -68,5% | 202,7% | -22,1% |
| **Samtals þjónustugjöld** | **15.080** | **16.341** | **15.703** | **8.015** | **8,4%** | **-3,9%** | **-49,0%** | **-46,9%** |
| **Gjöld samtals** | **23.956** | **26.400** | **35.271** | **31.917** | **10,2%** | **33,6%** | **-9,5%** | **33,2%** |
| Gjöld samtals samkvæmt fjárhagsáætlun | 22.333 | 23.617 | 28.130 | 32.621 | | | | |
| Mismunur á áætlun og rauntölum, gjöld | -1.623 | -2.783 | -7.141 | 704 | | | | |
| Neiðkvæður mismunur sem hlutfall af áætlun | 7,3% | 11,8% | 25,4% | | | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 15,0% | 9,8% | 3,6% | 3,0% | | | | |
| Fjöldi stöðugilda | 0,9 | 0,9 | 0,9/1,9 | 2,0 | | | | |

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 7 sýnir rekstur sameiginlegra verkefna sem Árborg annast fyrir Bergrisann samkvæmt samningi.

Endurgreiðslur frá sveitarfélögum er greiðslur frá Bergrisanum til Árborgar vegna sameiginlegra verkefna sem Árborg annast fyrir Bergrisann. Rekstrarniðurstaðan hjá Árborg á þessum rekstrarlið er 0 þar sem Bergrisinn greiðir til Árborgar fyrir öll gjöldin.

Rétt er að fram komi að samkvæmt undirrituðum samningi frá 2016 og óundirrituðum frá 2019 eru tilgreindar greiðslur sem Bergrisinn á að greiða til Árborg árlega fyrir þessa þjónustu. Í hvorugum samningnum kemur fram að þessar greiðslur eigi að verðbætast.

Í framkvæmd hefur Bergrisinn að hluta til greitt samkvæmt útlögðum kostnaði Árborgar vegna þeirrar þjónustu sem tilgreind er í framangreindum samningum, þ.e. ekki greitt að öllu leyti í samræmi við ákvæði samningsins/samninganna.

Við lauslega skoðun kom í ljós að útlagður kostnaður Árborgar hefur verið lægri en það sem greiðslurnar hefðu átt að vera skv. framangreindum samningum. Þannig hefur ekki hallað á Bergrisann hvað þessar greiðslur varðar.

Launagreiðslur eru vegna þroskaþjálfa árin 2018 og 2019, sem var í 0,9 stöðugildi fyrir Bergrisann. Í apríl árið 2020 kom til starfa hjá Bergrisanum verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks í 100% stöðugildi. Fóru þá stöðugildin í 1,9. Árið 2021 fór þroskaþjálfinn í 100% stöðugildi og voru þau þá komin í 2,0.

Auk þessa var keypt þjónusta iðjuþjálfa af HSU sem samsvarar 0,2 stöðugildi, samkvæmt framangreindum samningi/samningum. Árborg hefur greitt fyrir Bergrisann útlagðan kostnað skv. reikningi frá HSU. Kostnaður vegna þess er færður undir liðinn „hlutdeild í sameiginlegum kostnaði.“

Hlutdeild í rekstri skrifstofu er samtals fyrir þjónustu tölvudeildar Árborgar og reiknuð þátttaka í skrifstofukostnaði.

Tafla 8: Hlutdeild í rekstri skrifstofu

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|
| Millifærð vinna tölvumanns | 109 | 139 | 118 | 139 |
| Reiknuð þátttaka í skrifstofukostnaði | 1.651 | 1.730 | 2.108 | 2.022 |
| Samtals | 1.760 | 1.869 | 2.227 | 2.161 |

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 8 sýnir hvernig kostnaður vegna hlutdeildar í rekstri skrifstofu skiptist.

Kostnaður vegna reiknaðrar þátttöku í skrifstofu hækkar nokkuð mikið á milli áranna 2019 og 2020, eða 19%, en lækkar á milli áranna 2020 og 2021. Rétt er að fram komi að í framangreindum samningi/samningum er ekki kveðið á um þóknun vegna hlutdeildar í rekstri skrifstofu.

Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði er annars vegar greiðslur til HSU vegna 10% starfs iðjuþjálfa og hins vegar kostnaður vegna notendaráðs.

Framlög héraðsnefnda/sveitarfélaga er greiðsla Árborgar til viðkomandi sveitarfélaga sem greiddu laun vegna starfsmanns við útbú frá VISS Selfossi. Árið 2021 var hætt að hafa þetta fyrirkomulag og innheimta viðkomandi sveitarfélög þetta beint af Bergrisanum.

Aðkeypt þjónusta er annars vegar vinna félagsmálastjóra Árborgar (á sínum tíma), fjármálastjóra og bæjarstjóra vegna vinnu við Bergrisann, samtals 5 millj. kr. og svo er um að ræða greiðslur upp á 166 þús. kr. til Fræðslunets vegna notendaráðs fatlaðs fólks. Eftir að verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks kom til starfa var talan lækkuð vegna þeirra verkefna sem félagsmálastjóri Árborgar sinnti en verkefnastjórinn tók yfir.

Á milli áranna 2018 og 2021 hækka rekstrargjöld vegna sameiginlegra verkefna sem Árborg sinnir fyrir Bergrisann um 33% sem skýrist að mestu vegna fjölgunar stöðugilda.

## Stjórnskipulag Bergrisans

Samkvæmt upplýsingum frá Bergrisanum bs. er stjórnskipulag Bergrisans þannig að starfandi er verkefnastjóri hjá Bergrisanum, sem er starfsmaður stjórnar. Hann vinnur náið með þjónusturáði og fagteymi Bergrisans bs. Hann er einnig í samskiptum við stjórnendur hjá aðildarsveitarfélögunum. Engin starfsmaður heyrir beint undir verkefnastjórann. Ekki er kveðið á um verkefnastjóra í samþykktum Bergrisans. Ekki liggur fyrir erindisbréf fyrir verkefnastjórann. Í ráðningarsamningi við verkefnastjóra segir eftirfarandi varðandi störf hans:

> Verkefnisstjóri Bergrisans stýrir vinnu við stefnumótun og aðgerðaáætlun í málefnum fatlaðs fólks á Suðurlandi, hefur eftirlit með faglegri þjónustu, fjárhag og rekstri þeirra úrræða sem heyra undir Bergrisann, vinnur að úrbótum á rekstri og framkvæmd þjónustunnar og leiðir þróun nýrra úrræða, auk annarra verkefna sem stjórn Bergrisans felur.

Samkvæmt ráðningarsamningnum  stýrir verkefnisstjóri Bergrisans vinnu við stefnumótun og aðgerðaáætlun í málefnum fatlaðs fólks á Suðurlandi, hefur eftirlit með faglegri þjónustu, fjárhag og rekstri þeirra úrræða sem heyra undir Bergrisann, vinnur að úrbótum á rekstri og framkvæmd þjónustunnar og leiðir þróun nýrra úrræða, auk annarra verkefna sem stjórn Bergrisans felur honum.

Sveitarfélagið Árborg heldur utan um alla skjalavörslu fyrir Bergrisann ásamt fjármálum og bókhaldsgögnum samkvæmt samningi þar um, sbr. hér að framan. Verkefnastjórinn er með skrifstofuaðstöðu á bæjarskrifstofu Árborgar og nýtur þjónustu bæjarskrifstofunnar. Hann er á launaskrá hjá Árborg.

### Verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks hjá Bergrisanum

Verkefnastjóri kemur að því að skipuleggja og undirbúa stjórnarfundi, sem hann situr ásamt þjónusturáði. Situr fundi þjónusturáðs en þroskaráðgjafi er starfsmaður þjónusturáðs. Hann heldur utan um erindi sem berast þjónusturáði og aðstoðar við að skoða þau mál sem berast þjónusturáði. Kemur að öllu varðandi reglur hjá Bergrisanum um notendur, þjónusturáð og starfsmenn við þjónustuna. Kemur að fjárhagsáætlunargerð með rekstraraðilum og leggur tillögu að fjárhagsáætlun fyrir stjórn Bergrisans ásamt fjármálastjóra Árborgar. Geri þjónustusvæðin samninga við notendur kemur verkefnastjórinn að samningagerðinni.

Komi fram ósk um fjölgun stöðugilda fjallar þjónusturáð um það og gefur álit til stjórnar Bergrisans sem tekur ákvörðun um stöðugildin.

Verkefnastjóri tekur þátt í viðræðum með stjórnarformanni Bergrisans við sjálfstætt starfandi rekstraraðila eins og Sólheima og Skaftholt.

Aðildarsveitarfélögin hafa stofnað húsnæðissjálfseignstofnun, Arnardrangur hses, til að standa að byggingu og rekstri sértæks húsnæðis fyrir fatlað fólk. Fram hefur farið alútboð á framkvæmd við byggingu íbúðakjarna með sex íbúðum á Selfossi. Standa nú (ágúst 2022) yfir samningaviðræður við væntanlegan verktaka. Verkefnastjóri hefur haldið utan um þetta verkefni og annast allan undirbúning þess. Í máli hans hefur komið fram að það væri bagalegt að geta ekki nýtt sér þjónustu umhverfissviða sveitarfélaganna vegna þessa og það færi betur á því að slíkt væri í þjónustusamningi við t.d. Árborg.

## Skipurit fyrir stjórnskipan Bergrisans

Ekki liggur fyrir stjórnskipurit fyrir Bergrisann. Eftirfarandi skipurit var tekið saman af skýrsluhöfundum.

### Mynd 10: Stjórnskipurit fyrir Bergrisann




Mynd 10 sýnir stjórnskipurit fyrir Bergrisann tekið saman af skýrsluhöfundum.

Eins og komið hefur fram hér að framan er ekki kveðið á um verkefnastjóra í málefnum fatlaðs fólks í samþykktum Bergrisans. Hann hefur ekki stöðu til að taka ákvarðanir  ekki heldur með mannahald að gera. Hins vegar er kveðið á um þjónusturáð, sem fjallað var um hér að framan, í samþykktum Bergrisans.

Þjónusturáð er skipað deildarstjóra félagsþjónustu Árborgar, félagsmálastjóra Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu og forstöðumanni Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Þjónusturáð fer með daglega yfirumsjón yfir þjónustunni fyrir stjórn Bergrisans. Hins vegar heyrir fagleg og rekstrarleg ábyrgð þjónustunnar undir sveitarfélögin og  Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu og Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Hjá Árborg er bæði fagleg og rekstrarleg ábyrgð þjónustunnar hjá deildarstjóra félagsþjónustu Árborgar. Undir hann heyra sjö forstöðumenn í þjónustu við fatlað fólk. Rekstur VISS á Hvolsvelli heyrir undir sveitarstjóra Rangárþings eystra, en sveitarstjóra Hrunamannahrepps vegna VISS á Flúðum og bæjarritara Ölfus vegna VISS á Þorlákshöfn. Faglega heyra þessar einingar undir forstöðumann VISS á Selfossi. Vegna þessa fyrirkomulags kemur félagsmálastjóri Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu ekki beint að faglega þættinum hjá þeim einingum sem eru innan hans svæðis.

Faglega heyra Birkimörk og Selvogsbraut undir forstöðumann Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings en rekstrarlega annars vegar undir bæjarstjórann í Hveragerði vegna Birkimarkar og hins vegar undir bæjarritarann í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Að mati skýrsluhöfunda færi betur á því að forstöðumenn heyrðu undir einn yfirmann í stað tveggja eins og hér er í sumum tilfella.

## Bergrisinn bs., rekstur samantekinn

Í kaflanum verður gerð grein fyrir samtölu rekstrar málaflokksins í heild hjá aðildarsveitarfélögunum og Bergrisanum. Varpað verður ljósi á samtölu einstakra útgjaldaliða starfseminnar sem mögulega er hægt að skipuleggja með öðrum hætti, þannig að kostnaður lækki og/eða hægt er að nýta fjármagnið með öðrum hætti en áður. Greiningar á einstökum kostnaðarstöðvum koma fram í öðrum köflum skýrslunnar.

Rekstrarreikningur Bergrisans bs. sýnir annars vegar tekjur Bergrisans og hins vegar útgjöld vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarnadi stuðningsþarfir.

Tekjurnar samanstanda af framlögum frá Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðs fólks, hlutdeild í útsvarsstofni aðildarsveitarfélaganna, 0,25%, viðbótarframlögum aðildarsveitarfélaganna vegna hallareksturs og styrkjum.

Gjöldin samanstanda af greiðslum (rekstrarframlögum) til aðildarsveitarfélaganna og annarra rekstraraðila vegna reksturs þjónustunnar, kostnaði vegna stuðningsfjölskyldna og öðrum rekstrarkostnaði.

Tafla 9: Rekstrarreikningar Bergrisans árin 2018 til 2021 í þúsundum króna

| | | | | | Breyting | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2018-2019 | 2019-2020 | 2020-2021 | 2018-2021 |
| Framlög jöfnunarsjóðs | 1.410.018 | 1.382.804 | 1.497.363 | 1.604.909 | -1,9% | 8,3% | 7,2% | 13,8% |
| Framlög aðildarsveitarfélaga, 0,25% hlutdeild í útsvari | 215.160 | 235.680 | 267.112 | 273.432 | 9,5% | 13,3% | 2,4% | 27,1% |
| Aðrar tekjur | 550 | | | 55.242 | -100,0% | | | 9944,0% |
| **Tekjur samtals** | **1.625.728** | **1.618.484** | **1.764.475** | **1.933.583** | **-0,4%** | **9,0%** | **9,6%** | **18,9%** |
| Búseta, aðildarsveitarfélögin | 380.956 | 407.149 | 486.333 | 552.604 | 6,9% | 19,4% | 13,6% | 45,1% |
| Búseta fyrir börn | 2.504 | 78.509 | 84.841 | 125.572 | 3035,3% | 8,1% | 48,0% | 4914,9% |
| Þjónustumiðstöð Álftarima | 150.326 | 198.834 | 223.532 | 99.387 | 32,3% | 12,4% | -55,5% | -33,9% |
| VISS, atvinna með stuðningi | 102.089 | 109.903 | 116.757 | 157.754 | 7,7% | 6,2% | 35,1% | 54,5% |
| Greiðslur vegna NPA og lengdrar viðveru | 17.301 | 39.284 | 76.613 | 243.907 | 127,1% | 95,0% | 218,4% | 1309,8% |
| Framlög vegna lengdrar viðveru | | | | 13.440 | | | | |
| Kópurinn | | | | 24.385 | | | | |
| Langtímaveikindi NPA | | | | 3.037 | | | | |
| Framlög vegna langtíma leigusamninga | | | | 493 | | | | |
| Sambýli | 122.714 | 95.019 | 84.864 | 21.216 | -22,6% | | -75,0% | -82,7% |
| Skaftholt, sjálfeignastofnun | 98.996 | 116.144 | 110.293 | 158.882 | 17,3% | -5,0% | 44,1% | 60,5% |
| Sólheimar ses | 507.339 | 528.360 | 542.790 | 630.988 | 4,1% | 2,7% | 16,2% | 24,4% |
| Hjúkrunarheimilið Fellsenda | | 6.224 | | | | -100,0% | | |
| Stuðningsfjölskyldur | 9.673 | 18.096 | 23.321 | 26.054 | 87,1% | 28,9% | 11,7% | 169,3% |
| Samningur við Árborg, umsýslukostnaður | 23.949 | 26.378 | 35.271 | 31.917 | 10,1% | 33,7% | -9,5% | 33,3% |
| Annar rekstrarkostnaður | 81.854 | 44.722 | 156.314 | 177.377 | -45,4% | 249,5% | 13,5% | 116,7% |
| **Samtals gjöld** | **1.497.701** | **1.668.622** | **1.940.929** | **2.267.013** | **11,4%** | **16,3%** | **16,8%** | **51,4%** |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld | 128.027 | -50.138 | -176.454 | -333.430 | -139,2% | 251,9% | 89,0% | -360,4% |
| Afskriftir | -1.246 | -2.219 | -2.219 | -2.219 | 78,1% | 0,0% | 0,0% | 78,1% |
| Fjármagnsliðir | 1.606 | 2.983 | 545 | 250 | 85,7% | -81,7% | -54,1% | -84,4% |
| **Afkoma ársins** | **128.387** | **-49.374** | **-178.128** | **-335.399** | -138,5% | 260,8% | 88,3% | -361,2% |
| Fjöldi notenda | 102 | 108 | 100 | 108 | | | | |

Heimild: Ársreikningar Bergrisans

Tafla 9 sýnir rekstrarreikning Bergrisans í þúsundum króna. Framsetningin er frábrugðin framsetningu í ársreikningi þannig að ekki eru taldar með umfram greiðslur frá sveitarfélögunum til Bergrisa umfram lögbundnar tekjur, þ.e. greiðslur umfram 0,25% hlutdeild af útsvarsstofni.

Afkoma ársins sýnir rekstrarniðurstöðu án viðbótarframlaga frá aðildarsveitarfélögunum.

Tekjur samtals aukast um 19% á milli áranna 2018 og 2021. Á sama tíma aukast gjöldin um 51%.

Rekstrarreikningurinn í ársreikningum er settur þannig upp að rekstrarniðurstaðan standi á 0. Það er gert þannig að ef um hallarekstur hafi verið að ræða er mismunurinn greiddur með viðbótarframlögum frá aðildarsveitarfélögunum.

Afgangur var af rekstinum árið 2018, sem nam 128 milljónum króna. Hins vegar var halli árin 2019 til og með 2021. Árið 2021 var hallinn 335 milljónir króna. Samanlögð rekstrarafkoma áranna 2018 til 2021 var neikvæð um 434,5 milljónir króna.

Tafla 10: Skipting framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Bergrisans vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

| Ár | Almenn framlög vegna málefna fatlaðs fólks | Breytinga-kostnaður | Viðbótar framlög | Framlög vegna lengdrar viðveru | Framlög vegna NPA | Framlög vegna lang-tímaleigusamninga | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2018 | 1.330.203 | 1.750 | 68.010 | 887 | 10.055 | 745 | 1.411.650 |
| 2019 | 1.295.909 | | 45.013 | 14.750 | 26.108 | 1.024 | 1.382.804 |
| 2020 | 1.422.906 | | 18.167 | 14.680 | 41.611 | 1.181 | 1.498.545 |
| 2021 | 1.524.209 | | 9.396 | 13.440 | 43.546 | | 1.590.591 |

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélga

Tafla 10 sýnir skiptingu framlaga til Bergrisans frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna þjónstu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir samkvæmt upplýsingum á vef Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Eins og fram kemur í töflunni fjórfaldast framlög vegna NPA samninga á tímabilinu sem er til skoðunar.

Aðrar tekjur árið 2021 er greiðsla Árborgar vegna þjónustu sem Bergrisinn greiddi fyrir en fellur ekki undir málefni fatlaðs fólks með langvarnadi stuðningsþarfir og endurgreiðsla frá Hveragerðsbæ vegna greiðslu sem Hveragerðisbær fékk á fyrra ári en átti ekki að fá.

Rekstrarframlög samanstanda af greiðslum Bergrisans til aðildarsveitarfélaganna og annarra sem sinnt hafa verkefnum á svæðinu vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðnignsþarfir.

Tafla 11: Samantekið yfirlit yfir rekstrareiningar sem aðildarsveitarfélögin reka varðandi þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | Breyting 2018-2021 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tekjur samtals** | **-33.857** | **-53.863** | **-91.879** | **-69.748** | **106,0%** |
| Mánaðarlaun | 280.840 | 336.885 | 378.279 | 495.075 | 76,3% |
| Yfirvinna | 58.339 | 63.782 | 82.494 | 84.022 | 44,0% |
| Álagsvinna, 25 mín. á vakt og stórhátíðarkaup | 69.923 | 86.772 | 103.046 | 119.293 | 70,6% |
| Veikindalaun | 20.422 | 24.342 | 26.631 | 27.681 | 35,5% |
| Ógreitt orlof | 5.964 | 8.749 | 6.174 | 9.951 | 66,8% |
| Launatengd gjöld | 100.383 | 118.219 | 137.420 | 171.532 | 70,9% |
| Matarkostnaður | 4.029 | 5.683 | 7.145 | 8.404 | 108,6% |
| Vinnufatnaður | 1.961 | 2.092 | 2.226 | 3.183 | 62,3% |
| Bifreiðastyrkur | 3.314 | 2.725 | 1.780 | 4.716 | 42,3% |
| Annar starfsmanna kostnaður | 171 | 59 | 89 | 2.930 | 1616,9% |
| **Laun og launatengd gjöld** | **545.345** | **649.309** | **745.284** | **926.788** | **69,9%** |
| Vörukaup samtals | 8.681 | 11.270 | 11.463 | 15.437 | 77,8% |
| Samtals þjónustugjöld | 119.587 | 199.258 | 262.373 | 84.345 | -29,5% |
| Annar rekstrarkostnaður | 31 | 31 | 115 | 47 | 49,4% |
| **Gjöld samtals** | **673.644** | **859.868** | **1.019.235** | **1.026.616** | **52,4%** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **639.787** | **806.005** | **927.356** | **956.869** | **49,6%** |
| Fjárhagsáæltun með viðauka | 595.360 | 725.232 | 899.827 | 893.357 | 50,1% |
| Mismunur á áætlu | -44.428 | -80.773 | -27.529 | -63.511 | |
| Mismunur sem hlutfall af áætlun | 7,5% | 11,1% | 3,1% | 7,1% | |
| Launagjöld sem hlutfall af gjöldum | 81,0% | 75,5% | 73,1% | 90,3% | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 20,8% | 18,9% | 21,8% | 17,0% | |
| Álagsvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 24,9% | 25,8% | 27,2% | 24,1% | |
| Veikindalaun sem hlutfall af mánaðarlaunum | 7,3% | 7,2% | 7,0% | 5,6% | |
| Fjöldi stöðugilda | 55,84 | 68,24 | 72,48 | 79,87 | 43,0% |
| Fjölgun stöðugilda á milli ára | | 12,40 | 4,24 | 7,39 | 24,03 |
| Meðallaunagjöld á stöðugildi | 12.064 | 12.601 | 14.062 | 12.854 | 6,5% |
| Fjöldi notenda | 53 | 57 | 47 | 55 | 2 |

Heimild: Viðkomandi aðildar sveitarfélög

Tafla 11 sýnir samatekið yfirlit yfir rekstur þeirra rekstrareininga sem aðildarsveitarfélögin reka vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarnadi stuðningsþarfir. Um er að ræða rekstur þjónustu við notendur í sértæku húsnæði á vegum aðildarsveitarfélaganna, rekstur skammtímadvalar, lengdrar viðveru og vinnu og hæfingu.

Vörukaup hækka um 77,8%. Á sama tíma hækkaði meðatals neysluvísitala um 10,7%. Ástæðan fyrir því að þjónustugjöld lækka á milli áranna er breytingar á færslu gjalda. M.a. voru gjöld og tekjur vegna NPA samninga færðar áður á þjónustumiðstöðina Álftarima ásamt öðrum gjöldum þeim rekstri óviðkomandi.

Það vekur athygli að öll árin fara rekstrareiningarnar samtals umfram fjárheimildir. Þrátt fyrir að fjárhagsáætlun með viðauka hafi hækkað um 50,1% á tímabilinu. Mest var umframkeyrslan árið 2019, eða sem nam 81 milljón króna.

Samtals fór reksturinn þessi ár, þ.e. árin 2018 til 2021, 216 milljónir króna umfram fjárheimildir, sem lætur nærri að vera helmingur af hallarekstri Bergrisans samtals árin 2018 til 2021 áður en viðbótarframlög komu frá sveitarfélögunum.

Yfirvinna var um 20% af mánaðarlaunum þessi ár. Álagsvinna var á bilinu 24 til 27% af mánaðarlaunum. Veikindalaun voru um 7% öll árin nema árið 2021 þegar þau voru 5,6%.

Stöðugildum fjölgar um 24,03, eða um 43%, á sama tíma fjölgar notendum um 2. Meðallaunagjöld á hvert stöðugildi árið 2021 voru 12.854 þúsund krónur. Miðað við það var kostnaður árið 2021 vegna fjölgunar stöðugilda á tímabilinu, um 24,03 stöðugildi, samtals 309 millj. krónur. Samanborið við að afkoma ársins var neikvæð um 335 milljónir króna.

Tafla 12 Samantekið yfirlit yfir rekstur þjónustu við notendur í sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk

| | 2018 | **2019** | 2020 | 2021 | Breyting 2021-2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tekjur samtals** | **-10.656** | **-12.098** | **-11.404** | **-10.516** | **-1,3%** |
| Mánaðarlaun | 168.960 | 187.274 | 218.374 | 271.031 | 60,4% |
| Yfirvinna | 43.137 | 45.749 | 54.778 | 48.800 | 13,1% |
| Álagsvinna, 25 mín. á vakt og stórhátíðarkaup | 54.955 | 60.034 | 69.286 | 82.870 | 50,8% |
| Veikindalaun | 16.379 | 18.346 | 16.526 | 17.494 | 6,8% |
| Ógreitt orlof | 2.537 | 1.495 | 4.419 | 2.186 | -13,8% |
| Launatengd gjöld | 64.453 | 71.407 | 84.165 | 98.249 | 52,4% |
| Matarkostnaður | 3.772 | 4.144 | 4.827 | 5.844 | 54,9% |
| Vinnufatnaður | 1.328 | 1.334 | 1.428 | 1.785 | 34,4% |
| Bifreiðastyrkur | 1.226 | 1.000 | 1.228 | 1.261 | 2,8% |
| Annar starfsmanna kostnaður | 154 | 43 | 50 | 6 | -95,9% |
| **Laun og launatengd gjöld** | **356.902** | **390.825** | **455.079** | **529.527** | **48,4%** |
| Vörukaup samtals | 642 | 1.016 | 1.929 | 2.133 | 232,2% |
| Samtals þjónustugjöld | 32.771 | 26.059 | 25.983 | 29.045 | -11,4% |
| Annar rekstrarkostnaður | 31 | 31 | 115 | 47 | 49,4% |
| **Gjöld samtals** | **390.347** | **417.930** | **483.105** | **560.752** | **43,7%** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **379.691** | **405.832** | **471.700** | **550.236** | **44,9%** |
| Fjárhagsáætlun með viðauka | 351.440 | 379.135 | 427.103 | 505.906 | 44,0% |
| Mismunur á áætlu | -28.251 | -26.698 | -44.597 | -44.330 | |
| Mismunur sem hlutfall af áætlun | -8,0% | 7,0% | 10,4% | 8,8% | |
| Launagjöld sem hlutfall af gjöldum | 91,4% | 93,5% | 94,2% | 94,4% | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 25,5% | 24,4% | 25,1% | 18,0% | |
| Álagsvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 32,5% | 32,1% | 31,7% | 30,6% | |
| Veikindalaun sem hlutfall af mánaðarlaunum | 9,7% | 9,8% | 7,6% | 6,5% | |
| Fjöldi stöðugilda | 35,54 | 38,07 | 39,77 | 44,08 | 24,0% |
| Fjölgun stöðugilda á milli ára | | 2,53 | 1,7 | 4,31 | 8,54 |
| Fjöldi notenda | 20 | 20 | 20 | 19 | -5,0% |

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 12 sýnir samantekið yfirlit yfir rekstur þjónstu við notendur í sértæku húsnæði. Um er að ræða rekstur þjónustu í Birkimörk í Hveragerðisbæ, Selvogsbraut í Ölfusi, Vallholt 9 og Vallholt 12 til 14 í Árborg.

Á tímabilinu hækka launagjöld um 48% og vörukaup um 232%. Eins og áður hefur færsla á þjónustugjöldum ekki verið sú sama öll árins sem skýrir lækkunina sem þar á sér stað á milli áranna 2018 og 2021.

Öll árin fara þessar rekstrareiningar fram úr fjárheimildum. Mest árin 2020 og 2021 eða 44.597 og 44.330 þúsund krónur hvort ár. Samtals var umframkeyrslan 144 milljónir króna árin 2018 til 2021.

Launagjöld sem hlutfall af gjöldum samtals voru rúm 90% öll árin. Árið 2021 var hlutfallið 94,4%.

Stöðugildum fjölgaði um 8,54 á tímabilinu. Fjöldi notenda var 20 árin 2018 til 2020 en 19 árið 2021.

Tafla 13: Almenn framlög og rekstrargjöld vegna þjónustu í sértæku húsnæði árið 2021

| | Samtals |
|---|---|
| Framlög á grunni SIS-mata o.fl. | 352.515 |
| Rekstrarkostnaður nettó | 675.808 |
| **Mismunur** | **-323.293** |
| Fjöldi notenda | 21 |
| Mismunur á hvern notanda | -15.395 |
| Meðal framlag á hvern notanda | 16.786 |
| Rekstrarkostnaður nettó á hvern notan | 32.181 |

Heimild: Sveitarfélögin og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Tafla 13 sýnir almenn framlög tengd notendum í viðkoamndi sérstæku húsnæði og rekstrargjöld.

Eins og fram kemur voru rekstrargjöld samtals 323 milljónum króna hærri er almenn framlög tengd viðkomandi notendum. Meðalframlið var 16,8 milljónir króna en rekstrarkonstður 32,2 milljónir króna á hvern notanda.

Tafla 14: Yfirlit yfir rekstur VISS, vinnu- og hæfingarstöðvar

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | Breyting 2018-2021 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tekjur samtals** | **-1.363** | **-1.319** | **-1.113** | **-2.039** | **49,6%** |
| Mánaðarlaun | 59.702 | 65.503 | 70.036 | 85.043 | 42,4% |
| Yfirvinna | 6.470 | 6.192 | 7.125 | 9.969 | 54,1% |
| Álagsvinna, 25 mín. á vakt og stórhátíðarkaup | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Veikindalaun | 2.151 | 3.280 | 4.106 | 2.910 | 35,3% |
| Ógreitt orlof | 1.252 | 897 | 1.284 | 1.117 | -10,8% |
| Launatengd gjöld | 16.140 | 17.682 | 19.606 | 23.049 | 42,8% |
| Matarkostnaður | 256 | 267 | 305 | 431 | 68,2% |
| Vinnufatnaður | 344 | 324 | 359 | 429 | 24,8% |
| Bifreiðastyrkur | 275 | 285 | 236 | 546 | 98,4% |
| Annar starfsmanna kostnaður | 9 | 8 | 14 | 2.874 | 31067,0% |
| **Laun og launatengd gjöld** | **86.599** | **94.438** | **103.072** | **126.368** | **45,9%** |
| Vörukaup samtals | 5.501 | 5.967 | 5.838 | 8.349 | 51,8% |
| Samtals þjónustugjöld | 16.681 | 18.063 | 16.194 | 24.611 | 47,5% |
| Annar rekstrarkostnaður | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| **Gjöld samtals** | **108.781** | **118.468** | **125.104** | **159.327** | **46,5%** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **107.418** | **117.150** | **123.992** | **157.289** | **46,4%** |
| Fjárhagsáætlun með viðauka | 107.408 | 114.488 | 122.350 | 155.000 | 44,3% |
| Mismunur á áætlu | -11 | -2.661 | -1.641 | -2.289 | |
| Mismunur sem hlutfall af áætlun | 0,010% | 2,3% | 1,3% | 1,5% | |
| Launagjöld sem hlutfall af gjöldum | 79,6% | 79,7% | 82,4% | 79,3% | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 10,8% | 9,5% | 10,2% | 11,7% | |
| Álagsvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | |
| Veikindalaun sem hlutfall af mánaðarlaunum | 3,6% | 5,0% | 5,9% | 3,4% | |
| Fjöldi stöðugilda | 12,25 | 12,17 | 12,46 | 13,94 | 13,8% |
| Fjölgun stöðugilda á milli ára | | -0,08 | 0,29 | 1,48 | 1,69 |
| Meðallaunagjöld á hvert stöðugildi | 7.069 | 7.760 | 8.272 | 9.065 | 28,2% |

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 14 sýnir samtals yfirlit yfir rekstur VISS, vinnu- og hæfingarstöðva. Rekin er VISS, vinnu- og hæfingarstöð á Selfossi, Þorlákshöfn og Flúðum öll árin. Rekstur hófs á VISS, Hvolsvelli, árið 2021.

Á milli áranna 2018 og 2021 hækka launagjöld um 45,9%, vörukaup um 51,8% og þjónustugjöld um 47,5%. Farið er fram úr fjárheimildum árin 2019 til og með 2021. Árið 2018 var rekstrarniðurstaðan nokkurn veginn á jöfnu við fjárheimildir. Umframkeyrslan var um og innan við 2% af fjárheimildum hin  árin.

Launagjöld voru um 80% af gjöldum samtals. Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum var um 10%. Stöðugildum fjölgaði um 1,69 á tímabilinu.

Tafla 15: Fjöldi stöðugilda í þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir hjá aðildarsveitarfélögunum og Bergrisanum og fjöldi notenda þjónustunnar

| | | | | | | Breyting | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2018-2022 | Hlutfallsleg |
| Heimili 1 | 9,45 | 9,66 | 10,42 | 10,74 | 11,9 | 2,45 | 26% |
| Heimili 2, | 8,70 | 10,02 | 10,16 | 12,91 | 12,57 | 3,87 | 44% |
| Heimili 3 | 8,99 | 9,99 | 9,99 | 11,23 | 11,23 | 2,24 | 25% |
| Heimili 4 | 8,4 | 8,4 | 9,2 | 9,2 | 10,48 | 2,08 | 25% |
| Heimili 5 | | 7,2 | 9,2 | 9,2 | 9,2 | 9,20 | 100% |
| Þjónustumiðstöð Álftarima 2 | 6,2 | 6,2 | 6,2 | 7,2 | 7,6 | 1,40 | 23% |
| Frístundaklúbburinn Kópurinn | | 2,75 | 2,75 | 3,25 | 3,35 | 3,35 | 100% |
| VISS, Selfossi | 9,83 | 9,8 | 9,3 | 9,3 | 9,63 | -0,20 | -2% |
| Viss, Hvolsvelli | | | | 1,07 | 1,07 | 1,07 | 100% |
| VISS, Þorlákshöfn | 2,42 | 2,37 | 2,46 | 2,37 | 1,65 | -0,77 | -32% |
| VISS, Flúðum | 0,75 | 0,75 | 0,7 | 1,2 | 1,2 | 0,45 | 60% |
| Þroskaþjálfi | 0,9 | 0,9 | 0,9 | 1,0 | 1,0 | 0,10 | 11% |
| Iðjuþjálfi, keypt þjónusta af HSU | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,00 | 0% |
| Verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks | | | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,00 | 100% |
| **Samtals** | **55,84** | **68,24** | **72,48** | **79,87** | **82,08** | **26,24** | 47% |
| Fjöldi notenda í þjónustu sveitarfélaganna | 53 | 57 | 47 | 55 | | | |
| Skaftholt | 8 | 8 | 8 | 8 | 8 | | |
| Sólheimar | 38 | 41 | 43 | 45 | 45 | | |
| Sambýlið Breiðabólstað | 3 | 2 | 2 | | | | |
| Fjöldi notenda samtals | 102 | 108 | 100 | 108 | | | |
| Breyting á fjölda stöðugilda á milli ára | | 12,4 | 4,24 | 7,39 | 2,21 | | |

Heimild: Aðildarsveitarfélög og Bergrisinn

Tafla 15 sýnir fjölda stöðugilda, sem vinna að þjónusta við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir hjá aðildarsveitarfélögunum og Bergrisanum.

Eins og fram kemur á töflunni hefur stöðugildum fjölgað um 26,24 á milli áranna 2018 og 2022. Á sama tíma fjölgaði notendum sem eru í þjónustu hjá aðildarsveitarfélögnum um tvo. Á milli áranna 2021 og 2022 fjölgaði stöðugildum um 2,21. Stöðugildum fjölgar á milli ára öll árin. Mest var fjölgunin á milli áranna 2018 og 2019, eða um 12,4 og síðan 7,39 á milli áranna 2020 og 2021.

Tafla 16: Samantekið yfirlit yfir stjórnunarkostnað hjá Bergrisanum í þúsundum króna

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|
| Birkimörk | 1.493 | 1.525 | 1.572 | 1.956 |
| Selvogsbraut | 485 | 510 | 540 | 560 |
| Vallholt 9 | 1.184 | 1.514 | 427 | 464 |
| Vallholt 12-14 | 1.230 | 1.560 | 396 | 576 |
| Vallholt 27 | | 1.214 | 166 | 776 |
| Þjónustumiðstöð Álftarima | 1.982 | 2.342 | 614 | 681 |
| Frístundaklúbburinn Kópurinn | 0 | 0 | 0 | 0 |
| VISS, Selfossi | 1.691 | 2.127 | 940 | 1.534 |
| VISS, Hvolsvelli | | | | 0 |
| VISS Þorlákshöfn | 200 | 220 | 230 | 240 |
| VISS Flúðum | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Samtals** | **8.265** | **11.012** | **4.885** | **6.787** |
| Samningur við Árborg, umsýslukostnaður | 23.949 | 26.378 | 35.271 | 31.917 |
| Þar af vegna þroskaþjálfa og iðjuþjálfa (HSU) | -10.855 | -12.402 | -12.005 | -13.594 |
| **Samtals** | **21.359** | **24.988** | **28.151** | **25.110** |

Heimild: Aðildarsveitarfélögin

Tafla 16 sýnir samantekið yfirlit yfir stjórnunarkostnað hjá Bergrisanum.

Aðildarsveitarfélögin gjaldfæra á rekstrarliði kostnað vegna reiknaðrar þátttöku í rekstri skrifstofu viðkomandi sveitarfélags. Svo virðist sem ekki sé verið að færa þennan kostnað á sams konar hátt hjá sveitarfélögunum.

Kostnaður vegna launagjalda þroskaþjálfa og greiðslna til HSU vegna iðjuþjálfa eru dregnar frá greiðslum til Árborgar samkvæmt framangreindum samningi þar sem ekki er um umsýslukostnað að ræða heldur kostnað vegna veittrar þjónustu.

## Sólheimar

Við yfirtöku sveitarfélaganna á þjónustu við fatlað fólk árið 2011 tóku sveitarfélögin á Suðurlandi yfir samninga um rekstur Sólheima við viðkomandi rekstraraðila. Þar hefur farið fram þjónusta við fatlað fólk þar sem notendur koma víða að af landinu.

Að beiðni skýrsluhöfunda tók framkvæmdastjóri Sólheima saman eftirfarandi lýsingu á þeirri starfsemi sem fram fer á Sólheimum.

> Sólheimar ses. hafa annast þjónustu við fatlað fólk frá árinu 1930. Frá þeim tíma hefur starfsemin vaxið og dafnað og íbúum fjölgað. Byggst hefur upp byggðarhverfi með fjölbreyttri starfsemi sem skapa möguleika á virkni og afþreyingu íbúa, sem og gera þeim lífið í sveitaþorpi fjölbreyttara og ánægjulegra.
>
> Í dag hvílir þjónustan á grundvelli tveggja samninga við Bergrisann. Markmið starfseminnar er að veita fötluðum íbúum Sólheima sem besta þjónustu á hverjum tíma til að mæta sértækum stuðningsþörfum þeirra og að þjónustan sé veitt í samræmi við ákvæði þeirra laga og reglna sem gilda á hverjum tíma. Þjónustan miðar að því að fatlaðir íbúar fái nauðsynlegan stuðning og þeim séu sköpuð skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum. Við

framkvæmd þjónustunnar er stuðst við einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir sem endurskoðaðar eru reglulega eftir þörfum hvers og eins, ekki sjaldnar en árlega.

Á Sólheimum er veitt þjónusta á öllum þjónustustigum, allt eftir þörfum hvers og eins þar sem þess er gætt, að tryggja húsnæði sem hentar þörfum viðkomandi og tryggja að uppfylltar séu kröfur laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og reglugerðar nr. 1054/2010, um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu.

Fatlaðir íbúar Sólheima eru 45 talsins, allt fullorðnir einstaklingar á aldursbilinu frá 22 ára og upp úr. Margir íbúar hafa búið á Sólheimum lengi og er nú fjórðungur íbúa 67 ára og eldri.

**Sjálfstæð búseta**. **,,Hlaupandi vakt".** Um helmingur íbúa eða 23, búa í sjálfstæðri búsetu, þ.e. í sér íbúð og fá aðstoð heima við athafnir daglegs lífs og stuðning eftir þörfum hvers og eins, eða samkvæmt einstaklingsbundinni þjónustuáætlun. Sú þjónusta er veitt frá morgni til kvölds og svo er þjónustuvaktsími um nætur ef þörf krefur.

**Vinnustofur Sólheima**, eða listasmiðjur eru fimm í tveimur húsum, **Ingustofu og Ólasmiðju**, þær eru opnar frá kl. 9:00 – 16:00, en hádegishlé er frá kl. 12:00 – 13:00. Starfsmenn mæta fyrr til að undirbúa starfsemina. Íbúar mæta ýmist fyrir eða eftir hádegi eftir getu og óskum hvers og eins, sumir allan daginn, eða bara hluta úr degi, ýmist alla virka daga eða nokkrum sinnum í viku.

**Ingustofa**, skiptist í þrjár listasmiðjur; leirgerð, listastofu og vefstofu.

**Ólasmiðja**, skiptist í smíðastofu og kertagerð, auk staðsetningar verkefnis í pökkun sýnaglasa í rekka fyrir Íslenska erfðagreiningu.

**Félagslíf og afþreying:**

**Tónlistar og leikjastofa.** Þar eru hljóðfæri, spil, o.fl. sem hægt er að grípa í.

**Íþróttaleikhús**. Sólheimar eiga Íþróttaleikhús, sem er í senn íþrótta- og leikhús. Þar er líkamsræktaraðstaða/tækjasalur á jarðhæð, sem allir hafa frjálsan aðgang að, bæði íbúar og starfsmenn.  í íþróttasalnum sem eru reglulega boccia æfingar og vikulega leikfimi, ,,tjútt og teygjur." Þá er líka aðstaða fyrir sjúkraþjálfara, nuddara og fótsnyrtir, en slíkir aðilar koma reglulega og bjóða uppá þjónustu. Árlega er sett upp metnaðarfull leiksýning, með frumsýningu á sumardaginn fyrsta og er mjög góð þátttaka hjá íbúum í því á hverju ári. Íþróttafélagið Gnýr er starfrækt á Sólheimum, það stendur fyrir boccia æfingum og íþróttaviðburðum.

**Sundlaug.** Sundlaug hefur verið rekin á Sólheimum frá því fyrir 1940, en hún hefur verið lokuð undanfarin 4 ár, þar sem aðstaðan stóðst ekki lengur kröfur heilbrigðiseftirlitsins. Nú stendur yfir bygging á nýju baðhúsi og búið að endurnýja dúkinn á sundlauginni, laga umgjörð alla og stefnt að opnun sundlaugarinnar í sumar (2022). Þar munu allir íbúar og starfsmenn hafa endurgjaldslausan aðgang eins og í íþróttahúsið.

**Skátafélag** er starfrækt á Sólheimum fyrir íbúa og þar eru nokkrir virkir þátttakendur.

**Sólheimakirkja,** Sólheimar eiga og reka sína eigin kirkju og reynt er að hafa messur reglulega. Þá er kirkjan notuð fyrir tónleikahald og er þar röð tónleika alla laugardaga yfir sumarið í tengslum við Menningarveislu Sólheima.

**Menningarveisla Sólheima**, stendur yfir frá byrjun júní fram í miðjan ágúst ár hvert. Við setningu Menningarveislu Sólheima er opnuð listsýning/sölusýning í listhúsinu við kaffihúsið Grænu könnuna, þar sem íbúar sýna rjómann af framleiðslu sinni eftir veturinn og fá þeir hluta af söluverði í sinn vasa.

**Útvarp og Margmiðlun – ÚPS og MARS** (Útvarp Sólheima og Margmiðlun Sólheima). Hvort um sig er starfrækt x 1 í viku. Úps útvarpar eftir hádegi á föstudögum og stýra íbúar dagskrá, velja lög, taka viðtöl og tala sjálfir og segja frá hinu og þessu. Þá eru Margmiðlun nýtt verkefni sem hófst í fyrra til að mæta áhugasviði yngri kynslóðar. Þar er verið að taka upp myndbönd o.fl. Einn starfsmaður sinnir þessu í verktöku (tveir dagar í viku).

**Bóka- og nytjamarkaður,** (var komið af stað 2020, til styrktar sundlaugarbyggingunni). Einn íbúi hefur þann starfa að sjá um markaðinn og afgreiða.

**Sólheimasetur ses.** Fyrir utan Sólheima ses. er atvinnusvið Sólheima, sem rekið er undir annarri sjálfseignarstofnun, Sólheimasetri ses. og er sá rekstur algjörlega sjálfstæður og þar vinna að jafnaði á bilinu 10-20 starfsmenn. Þar undir er rekstur gróðurhúsa, skógræktar, kaffihúss, verslunar, gistiheimila, vefverslunar, jurtastofu og umhverfissetur.  Í öllum þessum deildum geta fatlaðir íbúar tekið þátt með stuðningi, eftir óskum, áhuga og getu hvers og eins.

### Skipulag þjónustu

Lýsing á skipulagi þjónustu sem innifelur m.a. eftirfarandi upplýsingar:

- **Fjöldi starfsmanna sem sinna þjónustunni/verkefnum og fjöldi stöðugilda.**
  **Tveir forstöðumenn** (konur) eru yfir félagsþjónustunni, báðar í 100% starfi. Önnur yfir sjálfstæðu búsetunni og Brekkusambýlunum og hin yfir Bláskógum og Fögrubrekku.
  **Í Bláskógum og Fögrubrekku** vinna samtals 17 starfsmenn í 14 stg. fyrir utan forstöðumanninn.
  **Á Hlaupandi vakt** eru 9,5 starfsmenn í 9,5 stg. (þar af þrír þroskaþjálfar, tveir þjónustustjórar/vaktstjórar og 4,5 stuðningsfulltrúar)
  **Í Brekkusambýlunum**, eru  9,5 starfsmenn í 9,5 stg.
  **Í eldhúsi og mötuneyti Sólheima** (þar sem er heitur matur í hádeginu alla virka daga fyrir íbúa og starfsmenn) þar vinna 5 starfsmenn, í 4 stg.
  **Á vinnustofunum/listasmiðjunum,** eru 9 starfsmenn, þ.e. 1 forstöðumaður, 4 fagstjórar og 4 aðstoðarmenn.
  **Tómstundir, íþróttir og félagslíf**. 1 starfsmaður – tómstundarfulltrúi
  **Skrifstofa:** þar eru 3 starfsmenn í 3 stg.  Framkvæmdastjóri sem jafnframt er fjármálastjóri, umsjónarmaður bókhalds og rekstrar og mannauðs- og launafulltrúi.

- **Fjöldi þeirra sem fær þjónustu er 45 eins og áður er getið.**

### Rekstur Sólheima

Hér á eftir verður fjallað um rekstrareikning Sólheima árin 2018 til 2021.

Tafla 17: Rekstrarreikningur Sólheima sjálfseignastofnunar árin 2018 til 2021 í þúsundum króna

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | Breyting 2018-201 | 2019-2020 | 2020-2021 | 2018-2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlag samkvæmt þjónustusamningi | 510.586 | 528.360 | 537.980 | 585.469 | 3,5% | 1,8% | 8,8% | 14,7% |
| Framlag Jöfnunarsjóðs vegna fasteigna | 32.443 | | | | -100,0% | | | -100,0% |
| Innviðastyrkur | | 30.000 | 33.126 | 21.464 | | 10,4% | -35,2% | |
| Sala af vinnustofu | 6.538 | 4.164 | 8.136 | 5.024 | -36,3% | 95,4% | -38,2% | -23,2% |
| Sala mötuneyti | 12.825 | 17.588 | 19.364 | 22.228 | 37,1% | 10,1% | 14,8% | 73,3% |
| Aðrar tekjur og framlög | 816 | 8.438 | 6.269 | 71.492 | 934,1% | -25,7% | 1040,4% | 8661,3% |
| **Tekjur samtals** | **563.208** | **588.550** | **604.875** | **705.677** | **4,5%** | **2,8%** | **16,7%** | **25,3%** |
| Vörunotkun mötuneyti | 11.980 | 17.623 | 18.451 | 16.264 | 47,1% | 4,7% | -11,9% | 35,8% |
| Laun og launatengd gjöld | 375.184 | 414.412 | 462.578 | 559.988 | 10,5% | 11,6% | 21,1% | 49,3% |
| Annar rekstrarkostnaður | 114.351 | 103.092 | 77.973 | 83.746 | -9,8% | -24,4% | 7,4% | -26,8% |
| Húsaleiga | 32.443 | 32.443 | 34.376 | 34.552 | 0,0% | 6,0% | 0,5% | 6,5% |
| **Gjöld samtals** | **533.958** | **567.570** | **593.378** | **694.550** | **6,3%** | **4,5%** | **17,1%** | **30,1%** |
| **Rekstrarafgangur fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld/-tekjur** | **29.250** | **20.980** | **11.497** | **11.127** | -28,3% | -45,2% | -3,2% | -62,0% |
| Afskriftir | -6.716 | -6.800 | -6.067 | -5.160 | 1,3% | -10,8% | -14,9% | -23,2% |
| Fjármagnstekjur/-gjöld | -5.238 | -3.542 | -2.472 | -2.095 | -32,4% | -30,2% | -15,3% | -60,0% |
| **Afkoma Sólheima án fyrirtæja** | **17.296** | **10.638** | **2.958** | **3.872** | **-38,5%** | **-72,2%** | **30,9%** | **-77,6%** |
| Afkoma Hitaveitu Sólheima | 2.961 | 4.234 | -2.204 | 23 | 43,0% | -152,1% | -101,0% | -99,2% |
| Niðurfærsla krafna á tengt félag | -7.748 | | | | -100,0% | | | -100,0% |
| **Hagnaður ársins** | **12.509** | **14.872** | **754** | **3.895** | **18,9%** | **-94,9%** | **416,6%** | **-68,9%** |
| Launagjöld sem hlutfall af gjöldum samtals | 70,3% | 73,0% | 78,0% | 80,6% | | | | |

Heimild: Ársreikningar Sólheima sjálfseignastofnunar

Tafla 17 sýnir rekstrarreikning Sólheima sjálfseignastofnunar árin 2018 til 2021 í þúsundum króna.

Allar tekjur og öll gjöld vegna notendaþjónustu skv. lögum nr. 38/20218 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir á Sólheimum eru færðar á rekstrarreikning Sólheima sjálfseignastofnunar.

Í 9. gr. þjónustusamnings Bergrisans bs. og Sólheima ses. er kveðið á um hvernig greiðslum Bergrisans bs. til Sólheima ses. vegna þjónustunnar skuli háttað. Í 1. og 2. tölulið greinarinnar er kveðið á um hvernig samningsgreiðslur til Sólheima bs. skulu reiknaðar. Annars vegar er um að ræða hlutdeild í almennum framlögum og hins vegar í útsvarhluta sveitarfélaganna sem ætlaður er til að standa undir kostnaði við þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Í 4. tölulið 9. greinar kemur fram að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skuli annast framangreinda útreikninga.

Tafla 18: Skipting á greiðslum til Sólheima ses. árin 2018 til 2021 í þúsundum króna samkvæmt útreikningum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

| | 2018 | **2019** | **2020** | **2021** |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi einstaklinga í flokki 5 eða ofar: | | 41 | 41 | 43 |
| Fjárhæð vegna SIS mat einstaklinga (I.a): | | 358.670 | 386.945 | 411.816 |
| Fjárhæð vegna útsvarshluta Jöfnunarsjóðs (I.b): | | 32.704 | 35.009 | 34.298 |
| Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaganna | | 69.223 | 75.499 | 74.466 |
| Samtals framlag vegna einstaklinga í 4. flokki | | 37.857 | 45.338 | 6.911 |
| Viðbót vegna 7. liðar 9. greinar: | | 2.050 | | |
| Viðbótasamningur | | | | |
| **Samtals:** | | **500.504** | **542.791** | **527.491** |

Heimild: Bergrisinn

Tafla 18 sýnir útreikning á framlögum til Sólheima skv. samningum á milli Bergrisa og Sólheima.

Eins og þarna kemur fram er hlutdeild aðildarsveitarfélaganna í framlögum til Bergrisans hlutdeildin í útsvarstekjum skv. samningi við Sólheima. Sveitarfélögin hafa þessi ár ekki greitt til Sólheima umfram það.

Inniviðastyrkur eru sérstök framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til innviðauppbyggingar á Sólheimum. Styrknum hefur m.a. verið varið til að bæta aðgengi fatlaðra með lagningu upphitaðra göngustíga, bæta götulýsingu, endurbótum á sundlaug að hluta, endurnýjunar á rotþró, o.fl. Á móti styrknum hefur síðan kostnaður verið gjaldfærður vegna framangreindra úrbóta. Hér eru um tekjur og gjöld að ræða sem snýr að fasteignum á Sólheimum. Með hliðsjón af því er spurt hvort ekki færi betur á því að þessar tekjur og gjöld þeim tengdum fari í gegnum rekstrarreikning Styrktarsjóðs Sólheima, sem heldur utan um rekstur húsnæðisins. Þannig að rekstrareikningur Sólheima ses. sýni eingöngu tekjur og gjöld vegna þjónustunnar sem veitt er á Sólheimum skv. lögum nr. 38/2018.

Í mötuneytinu eru framreiddir á bilinu 60-90 matarskammtar í hádeginu alla virka daga. Þar borða allir notendur þjónustunnar á Sólheimum, 45 talsins (þeir sem treysta sér til að mæta en nokkrir fá matabakka sendan heim). Þá borða flest allir starfsmenn Sólheima og Sólheimaseturs í mötuneytinu einnig. Máltíðin kostar kr. 1.050 fyrir íbúa og starfsmenn og borga allir fyrir matinn sinn fyrir utan örfáa starfsmenn sem eru að aðstoða fatlaða í matartímanum. Allir eru með matarkort og er matargjaldið dreginn af launum starfsmanna. Sólheimar ses. (mötuneyti) sendir Sólheimasetri rukkun mánaðarlega fyrir þær máltíðir sem dregnar eru af launum starfsmanna Sólheimaseturs ses. Þá eru máltíðir sem seljast utanaðkomandi (það eru ekki margar máltíðir á dag), eru seldar á kr. 2.500. Eldhúsið sér einnig um að baka kökur og búa til tómatsúpu (úr Sólheimatómötum), sem seldar eru úr kaffihúsinu (Sólheimasetur) og er það einnig rukkað mánaðarlega.

Laun og launatengd gjöld hækka um 49% á milli áranna 2018 og 2021. Annar rekstrarkostnaður lækkar.

Rekstrargjöldin samtals hækka um 30% á milli áranna 2018 og 2021. Mikil hlutfallsleg hækkun var á rekstrargjöldum samtals á milli áranna 2020 og 2021, eða 17%. Á milli sömu ára hækkuðu launagjöldin um 21%.

Launagjöld sem hlutfall af gjöldum samtals voru 70,3% árið 2018. Fór hlutfallið síðan hækkandi á milli ára og var 80,6% árið 2021.

Afgangur var á rekstrinum öll árin.

Tafla 19: Fjöldi stöðugilda og notenda hjá Sólheimum ses

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | Breyting 2018 til 2022 | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Forstöðumenn: | | | | | | | |
| a) Sjálfstlæð búseta og Brekkusambýlin, | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 0,0 | 0,0% |
| b) Blágskógar og Fagrabrekka | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 0,0 | 0,0% |
| c) Atvinnu- og virknisvið | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 0,0 | 0,0% |
| Fagrabrekka | | | | 6,0 | 6,0 | 6,0 | 100,0% |
| Bláskógar | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 0,0 | 0,0% |
| Hlaupandi vakt | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 0,0 | 0,0% |
| Brekkusambýlin | 4,0 | 4,0 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 4,5 | 112,5% |
| Eldhús og mötuneyti Sólheima | 3,0 | 4,0 | 4,0 | 4,0 | 4,0 | 1,0 | 33,3% |
| Vinnustofa/listasmiðja | 5,0 | 5,0 | 7,0 | 7,0 | 7,0 | 2,0 | 40,0% |
| Tómstundafulltrúi, tómstundir, íþróttir og félagslíf | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 0,0 | 0,0% |
| Skrifstofa með framkvæmdastjóra | 2,0 | 3,0 | 3,0 | 3,0 | 3,0 | 1,0 | 50,0% |
| Tómasarsmiðja - jörð og umhverfi | 2,0 | 3,0 | 3,0 | 4,0 | 4,0 | 2,0 | 100,0% |
| Prestur - sinnti messuhaldi og félagsþj. | 1,0 | 1,0 | | | | -1,0 | -100,0% |
| Umsjón tæknimála | | | 0,5 | 0,5 | | 0,0 | |
| Ræsting | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 0,0 | 0,0% |
| **Samtals** | **38,0** | **41,0** | **46,5** | **54,0** | **53,5** | **15,5** | **40,8%** |
| Breyting á milli ára | | 3,0 | 5,5 | 7,5 | -0,5 | | |
| Notendur | 38 | 41 | 43 | 45 | 45 | 7 | 18,4% |

Heimild: Sólheimar ses

Tafla 19 sýnir fjölda stöðugilda hjá Sólheimum ses. ásamt fjölda notenda þjónustunnar árin 2018 til 2022.

Eins og fram kemur á töflunni fjölgaði stöðugildum um 41% á milli áranna 2018 og 2020, eða um 15,5 stöðugildi. Stöðugildunum fækkaði um 0,5 á milli áranna 2021 og 2022.

Á milli áranna 2018 og 2022 fjölgaði notendum um 18%, eða um sjö.

## Þjónustumiðstöðin Álftarima 2, Selfossi

Þjónustumiðstöð Álftarima 2 er með tvíþætta þjónustu. Annarsvegar skammtímadvöl, sem er þjónusta við fötluð börn og ungmenni með langvarandi stuðningsþarfir, sem eiga rétt á skammtímadvöl utan heimilis þegar þörf krefur. Hins vegar sértækur stuðningur (sjálfstæð búseta) sem gerir einstaklingum kleift að búa á eigin heimili, stunda vinnu og njóta menningar og félagslífs. Fellur rekstur (laun og launatengd gjöld) sértæks stuðnings alfarið á Sveitarfélagið Árborg. Um er að ræða félagsþjónustu sem fellur undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Sértækur stuðningur (sjálfstæð búseta) er að gera einstaklingum kleift að búa á eigin heimili, stunda vinnu og njóta menningar og félagslífs. Þjónustan er einstaklingsbundin, heildstæð og skal taka mið af óskum, aðstæðum og stuðning eins og kostur er. Skal hún veitt með það að markmiði að efla vald fólks yfir aðstæðum sínum og lífi, styrkja sjálfsmynd þess, sjálfstraust, félagslega stöðu, sjálfsvirðingu og lífsgæði.

Forstöðumaður ber ábyrgð á þjónustunni og að unnið sé í samræmi við lög og reglur um málefni fatlaðs fólks, starfsmannahaldi og sér um allan rekstur þjónustumiðstöðvar í Álftarima 2. Hefur

umsjón með faglegu starfi skammtímadvalar og einnig umsjón með sértækum stuðningi, sem er á vegum Sveitarfélagsins Árborgar.

Skammtímadvöl er ætluð börnum og ungmennum sem vegna mikillar umönnunarþarfa umfram jafnaldra þurfa á slíkri dvöl að halda skv. 17. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Skilyrði er að börnin séu í umönnunar flokki 1, 2 eða 3 eins og þeir eru skilgreindir í 5. gr. reglugerðar nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna. Foreldrar geta óskað eftir stuðningi inn á heimili sitt í stað dvalar á skammtímaheimili og skal það metið sérstaklega. Heimilt er að veita fullorðnu fötluðu fólki sem býr í foreldrahúsum skammtímadvöl meðan beðið er eftir annarri þjónustu, er það hugsað sem undirbúningur fyrir flutning að heiman,  þar sem unnið er markvisst að athöfnum daglegs lífs sem stuðla að sjálfstæði og auðvelda einstaklingnum að flytja að heiman þegar að því kemur.

Skipuleg skammtímadvöl er með þeim hætti að ákveðið er fyrir fram hvernig þjónustu er háttað á ákveðnum tímabilum. Tímabilin sem um ræðir eru: janúar til maí, júní til ágúst og september til desember. Skammtímadvöl getur verið þrenns konar:

a. Reglubundin dvöl samkvæmt fyrir fram gerðri áætlun.
b. Bráðadvöl samkvæmt ákvörðun sem tekin er hverju sinni til að létta álagi af fjölskyldum og er ávallt háð aðstæðum í skammtímadvöl hverju sinni. Bráðadvöl getur komið til vegna veikinda, andláts eða annarra erfiðra aðstæðna hjá fjölskyldunni. Ferðalög og leyfi eru ekki álitin tilefni til bráðadvalar. Slík dvöl á ekki að vara lengur en þrjár vikur, unnið skal að viðunandi úrræðum á tímabilinu.
c. Sumardvöl er mun blandaðri og foreldrar hafa getað valið sjálfir dvalartíma innan opnunarmarka.  Boðið er upp á fimm til sex dvalartímabil þar sem opið er fimm daga í einu, en þá er opið allan sólarhringinn.

Skammtímadvöl er lokuð í nokkrar vikur yfir sumartímann. Sumarlokanir skulu liggja fyrir við árslok árið á undan. Einnig er skammtímadvöl lokuð á lögbundnum frídögum.

Þjónustan er veitt yfir vetrartímann (lok ágúst til fyrstu viku í júní) frá kl.13:00 til 08:00 á virkum dögum. Þjónustunotendur þurfa að nýta öll dagtilboð sem þeim býðst og eiga að vera farnir út kl. 8:00. Hafa verið sveigjanleg til að koma til móts við þjónustunotendur vegna  t.d. stundatöflu í FSu. sem er breytileg, forstöðumaður hefur sinnt því. Opnun um helgar er frá kl. 13:00 á föstudegi til kl. 17:30 á sunnudegi. Þriðju hverja helgi er helgardvöl frá kl. 13:00 á föstudegi til kl. 08:00 á mánudagsmorgun. Um er að ræða helgi með fullorðnum hópi.

Fjöldi rýma í Skammtímadvöl eru sex en fer eftir einstaklingum hvað eru margir hverju sinni.   Mars 2022 voru 21 einstaklingur á aldrinum 9 til 45 ára, sextán karlkyns og fimm kvenkyns, sem koma frá sjö sveitarfélögum.  Nokkuð misjafnt er hvernig hver og einn nýtir sér þjónustuna.  Einstaklingarnir dvelja í Skammtímadvöl allt að fjórtán sólahringa í mánuði. Markmið starfseminnar er að auka lífsgæði, efla sjálfstæði og virkja sjálfsákvörðunarrétt þeirra sem þar dvelja.  Auk þess er lögð áhersla á afþreyingu og tilbreytingu.  Lögð er áhersla á eflingu athafna daglegs lífs, ásamt eflingu félagsþroska og að tómstundaiðkun sé sem fjölbreytilegust.

Starfsmenn Skammtímadvalarinnar skulu leitast við að eiga gott samstarf við þjónustunotendur, aðstandendur og samstarfsmenn.  Heiðarleiki og trúmennska eru undirstöðuatriði fyrir velferð þjónustunotenda, starfsmanna og stofnunarinnar. Telst skammtímadvöl vera  3. stigs þjónusta.

Við Skammtímadvölina starfa 12 starfsmenn í 7,2 stöðugildum, þar af er forstöðumaður í 50% stöðu.

Sértækur stuðningur (sjálfstæð búseta) er veittur á heimilum fólks frá kl. 9:00 til 22:00. Í mars 2022 voru 30 einstaklingar sem nýttu sér þessa þjónustu. Einstaklingar fá mismikinn og breytilegan stuðning, sumir daglega, aðrir nokkrum sinni í viku eða sjaldnar, ekki er gert ráð fyrir fastri viðveru starfsmanna inni á heimili.

**Sérstök verkefni**
Skammtímadvöl hefur tekið að sér þjónustu fyrir Hveragerðisbæ. Einstaklingur sem dvelur einn virkan dag í viku og eina helgi í mánuði, kemur inn í skammtímadvöl í frístund alla daga vikunnar frá kl.13:00 til 16:30. Ekki er greitt sérstaklega fyrir þessa þjónustu nema þegar eru starfsdagar í skólum og jólafrí og páskafrí, þá er greitt frá kl. 8:00 til 13:00, þar sem kalla þarf út starfsfólk. Annars fellur þetta inn í vaktakerfi skammtímadvalar. Fjóra daga vikunnar fylgjum við viðkomandi heim með akstursþjónustunni og er greitt fyrir það sérstaklega.

Skammtímadvöl hefur tekið að sér þjónustu vegna einstaklings frá Sveitarfélaginu Árborg þar sem viðkomandi kemur í bað 2x í viku, er þetta á vegum heimahjúkrunar HSu, starfsmaður frá heimahjúkrun kemur í skammtímadvöl og starfsmaður á vaktinni í skammtímadvöl aðstoðar. Ekki er greitt sérstaklega fyrir þetta verkefni.

**Sértækur stuðningur (sjálfstæð búseta)**
Við sértækan stuðning starfa sex starfsmenn í 4,7 stöðugildum og þar af er forstöðumaður í 50% stöðu.

Þjónustan fer fram á heimili fólks, því er Álftarimi 2 einungis starfsstöð fyrir starfsmenn sértæks stuðnings.

Þjónustan er veitt frá kl. 9:00 til 22:00 alla daga vikunnar allan ársins hring. Þrír deildarstjórar sinna hver sínum einstaklingi frá kl. 9:00 til kl. 16:00 alla virka dag og á kvöldin frá kl. 16:00 til kl. 22:00 er einn starfsmaður sem tekur kvöldvaktina.

**Húsnæðið Álftarimi 2**
Um er að ræða steinsteypt íbúðarhús sem byggt var 1993 undir starfsemi heimilis fyrir börn. Skammtímadvöl flytur í húsnæðið 2008 og hentar húsnæðið vel undir þess konar starfsemi að sögn forstöðumanns. Álftarimi 2 er á horni Álftarima og Tryggvagötu og er í góðri göngufjarlægð frá miðbænum og stutt í aðrar þjónustustofnanir, er í miðju íbúðarhverfi. Hverfið er rólegt og þægilegt, þó hefur umferð um Tryggvagötu aukist umtalsvert undanfarin ár. Skemmtilegar gönguleiðir eru í allar áttir. Húsið er í fínu ásigkomulagi og byggt með þarfir hreyfihamlaða í huga. Anddyri er bjart og ágætlega rúmgott. Svefnherbergi eru 5 og eru um 15m$^2$. Þegar eru sex þjónustunotendur í dvöl þá þurfa tveir að gista saman í herbergi. Góðar flóttaleiðir eru út úr öllum herbergjum út um dyr og glugga. Gangurinn er langur og rúmgóður, frá honum er gegnið inn í öll herbergi í húsinu, hann er bjartur þar sem loftgluggi gefur skemmtilega birtu á hann.

Gott afþreyingarherbergi er í húsinu. Eldhús er með staðlaðri innréttingu. Skrifstofa er lítil og þröng. Stofa og borðkrókur eru fín og með rennihurð út í garð.

Salerni eru þrjú talsins. Salerni 1 er í anddyri og er fyrir starfsmenn. Salerni 2 er fyrir þjónustunotendur, þar eru armstoðir beggja vegna salernis og með góðu athafnarými. Salerni 3 er fyrir þjónustunotendur, þar er einnig hæðarstillanlegur vaskur, venjulegt baðkar og lyfta í lofti, baðbekkur og upp hækkuð þvottavél og þurrkari.

Aðgengi að húsinu er gott og er hægt að koma bílum alveg að aðalinnganginum.

Sér merkt bílastæði er fyrir framan og snjóbræðslukerfi er við inngang. Hellulagt er í kringum húsið og lóðin er með grasflöt að hluta og einnig er möl þar sem vaxa nokkur reyni- og birkitré. Góð girðing er hringinn í kringum húsið og hægt er að loka garðinum. Það er skjólveggur út að Tryggvagötu sem veitir gott skjól fyrir vindi. Við húsið er heitur pottur sem hefur verið mikið notaður stóran hluta ársins. Einnig er á sólpallinum lokaður sandkassi sem er notaður fyrir yngstu börnin og róla er á lóðinni. Hægt er að ganga úr stofu um stóra rennihurð og einnig úr tveim herbergjunum eins og áður var komið inn á. Geymsluskúr er á lóðinni. Húseignin er í eigu Sveitarfélagsins Árborgar.

### Mynd 11: Fjöldi starfsmanna á vakt á hverjum tíma




Heimild: Álftarimi 2

Mynd 11 sýnir fjölda starfsmanna á vakt á hverjum tíma, sjá einnig fylgiskjal 9.

Ef notendur eru í húsi fyrir kl. 13:00 á virkum dögum tekur forstöðumaður þær vaktir. Með hliðsjón af því er forstöðumaður talinn með í vaktakerfinu hjá Álftarima sem er frábrugðið frá því sem gert er hér að framan. Þar af leiðandi er hann einnig talinn með þegar fjöldi er tilgreindur á vakt á tímabilinu frá kl. 13:00 til 16:00 á virkum dögum. Þannig að frá kl. 13:00 til 21:00 eru tveir til þrír starfsmenn í húsi á virkum dögum. Eftir það tekur kvöld- og næturvakt við sem er einn stafsmaður mánudaga til laugardaga nema á föstudögum, þá eru þrír starfsmenn til kl. 22:00 og laugardögum eru tveir starfsmenn til kl. 22:00. Mismunandi er hvernig starfsemi er um helgar.

Þriðju hverja helgi er helgardvöl frá kl. 13:00 á föstudegi til kl. 08:00 á mánudagsmorgnum. Um er að ræða helgi með fullorðnum hópi, sbr. hér að framan. Eins og hér að framan tekur forstöðumaður vaktina á föstudögum fram til kl. 14:00 en þá kemur starfsmaður inn.

### Mynd 12: Fjöldi notenda í skammtímadvöl á hverjum tíma




Heimild: Forstöðumaður Álftarima 2

Mynd 12 sýnir fjölda notenda í skammtímadvöl á hverjum tíma, sjá fylgiskjal 9.

Nokkra daga í viku á mismunandi tíma eru nokkrir notendur í húsi en á öðrum tíma er enginn til kl. 13:00. Eftir kl. 13:00 eru einn til fimm notendur í skammtímadvöl á virkum dögum.

Um helgar þegar eru fullorðinshelgar eru einn til fjórir í húsi frá kl. 8:00 til 16:00. Eftir það til kl. 8:30 á mánudagsmorgni eru fimm notendur í skammtímadvöl að jafnaði. Frá þeim tíma til kl. 10:30 eru tveir.

Mynd 13: Fjöldi notenda á hvert stöðugildi á vakt á hverjum tíma að meðtöldum forstöðumanni







Heimild: Forstöðumaður Álftarima 2

Mynd 13 sýnir fjölda notenda í skammtímadvöl á hvert stöðugildi á hverjum tíma, sjá fylgiskjal 9.

Eins og fram kemur er fjöldi notenda á hvert stöðugildi frá 0,5 upp í fimm. Á fullorðinshelgum eru að jafnaði 2,5 notendur á hvert starfsmann með nokkrum undantekningum.

Börn og ungmenni í skammtímadvöl eru á aldrinum frá 9 til 45 ára. Spurning er um þá sem eru komnir á fullorðins ár og eru á virkum dögum hvort þeir gætu ekki haft lengri viðveru í hæfingu.

## Tafla 20: Rekstrartekjur og -gjöld þjónustumiðstöðvarinnar Álftarima 2, Selfossi, árin 2018 til 2021 í þúsundum króna

| | | | | | Hlutfallslegar breytingar | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2018-2019 | 2019-2020 | 2020-2021 | 2018-2021 |
| Þjónustugjöld | -116 | -185 | -124 | -164 | 59% | -33% | 32% | 41% |
| Önnur húsaleiga | -5.031 | -5.217 | -4.870 | -5.743 | 4% | -7% | 18% | 14% |
| Endurgr. sveitarfél. | -1.344 | -2.684 | -1.344 | -2.759 | 100% | -50% | 105% | 105% |
| Endurgr. ríkisins | -11.376 | -28.449 | -39.754 | -493 | 150% | 40% | -99% | -96% |
| Reiknuð vinna til eigin nota | | | | -39.394 | | | | |
| Aðrar endurgreiðslur | -3.971 | -1.534 | | | -61% | -100% | | -100% |
| **Tekjur samtals** | **-21.838** | **-38.068** | **-46.092** | **-48.553** | **74%** | **21%** | **5%** | **122%** |
| Mánaðarlaun | 51.189 | 47.653 | 27.836 | 68.477 | -7% | -42% | 146% | 34% |
| Yfirvinna | 8.315 | 6.637 | 5.679 | 11.868 | -20% | -14% | 109% | 43% |
| Álagsvinna | 14.967 | 15.203 | 12.399 | 14.967 | | | | |
| Veikindalaun | 1.868 | 1.897 | 3.117 | 2.352 | 2% | 64% | -25% | 26% |
| Ógreitt orlof | 1.529 | 305 | -1.654 | 3.804 | -80% | -642% | -330% | 149% |
| Launatengd gjöld | 19.443 | 17.224 | 10.541 | 24.736 | -11% | -39% | 135% | 27% |
| Matarkostnaður | | | | | | | | |
| Vinnufatnaður | 289 | 255 | 139 | 418 | -12% | -46% | 201% | 44% |
| Bifreiðastyrkur | 1.779 | 1.051 | -444 | 2.093 | -41% | -142% | -572% | 18% |
| Annar starfsmanna kostnaður | 8 | 4 | 8 | 2 | -48% | 105% | -74% | -72% |
| **Laun og launatengd gjöld** | **99.388** | **90.229** | **57.622** | **128.717** | **-9%** | **-36%** | **123%** | **30%** |
| Ritföng, pappír, bréfabindi | 68 | 75 | 76 | 35 | 10% | 1% | -54% | -48% |
| Matvæli | 1.923 | 2.093 | 1.775 | 2.105 | 9% | -15% | 19% | 9% |
| Hreinlætisvörur | 94 | 62 | 113 | 128 | -35% | 84% | 13% | 36% |
| Rafmagn | 147 | 146 | 131 | 155 | -1% | -10% | 18% | 5% |
| Heitt vatn | 276 | 278 | 248 | 273 | 1% | -11% | 10% | -1% |
| Efniskaup - handavinnuefni | 5 | | 10 | 2 | -100% | | | -57% |
| Önnur vörukaup | 24 | 69 | 26 | 17 | 191% | -85% | 72% | -27% |
| **Vörukaup samtals** | **2.537** | **2.723** | **2.380** | **2.715** | **7%** | **-13%** | **14%** | **7%** |
| Síma og netþjónusta | 449 | 414 | 449 | 779 | -8% | 8% | 73% | 74% |
| Risna og gjafir | 14 | 18 | 68 | | 30% | 277% | -100% | -100% |
| Húsaleiga | 10.386 | 10.679 | 10.967 | 12.260 | 3% | 3% | 12% | 18% |
| Hlutdeild í rekstri skrifstofu o.fl. | 1.982 | 2.342 | 614 | 681 | 18% | -74% | 11% | -66% |
| Viðhald innanstokksmuna | 426 | 439 | 51 | 1.905 | 3% | -88% | 3620% | 347% |
| Viðhald verkfæra, áhalda og skrifstofuvéla | 437 | 193 | 141 | 52 | -56% | -27% | -63% | -88% |
| Annað viðhald | 37 | 31 | 46 | 33 | -18% | 48% | -28% | -12% |
| Ábyrgðartryggingar | 200 | 140 | 156 | 109 | -30% | 12% | -30% | -45% |
| Námskeiðs- og skólagjöld | 231 | | 87 | 43 | -100% | | -51% | -82% |
| Vöktunarþjónusta | 164 | 190 | 195 | 200 | 16% | 3% | 3% | 22% |
| Losun gáma stofnanna | 113 | 118 | 213 | 211 | 5% | 81% | -1% | 88% |
| Aðkeypt þjónusta | 84 | 21 | 8 | 23 | -74% | -61% | 169% | -73% |
| Framlög v/málefni fatlaðra | 55.431 | 129.269 | 196.594 | | | | | |
| Ýmislegt | 133 | 98 | 33 | 212 | -26% | -66% | 539% | 59% |
| **Samtals þjónustugjöld** | **70.086** | **143.952** | **209.623** | **16.508** | **105%** | **46%** | **-92%** | **-76%** |
| **Gjöld samtals** | **172.011** | **236.903** | **269.624** | **147.940** | **38%** | **14%** | **-45%** | **-14%** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **150.173** | **198.834** | **223.532** | **99.387** | **32%** | **12%** | **-56%** | **-34%** |
| Fjárhágsáæltun með viðaukum | 136.512 | 151.011 | 214.926 | 82.696 | 4% | 8% | -62% | -39% |
| Mismunur á áætlun og rauntölum | -13.661 | -47.824 | -8.606 | -16.691 | | | | |
| Mismunur sem hlutfall af áætlun | 10,0% | 31,7% | 4,0% | 20,2% | | | | |
| Launagjöld sem hlutfall af gjöldum | 85,3% | 83,8% | 78,9% | 87,0% | | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 16,2% | 13,9% | 20,4% | 17,3% | | | | |
| Álagsvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 29,2% | 31,9% | 44,5% | 21,9% | | | | |
| Veikindalaun sem hlutfall af | 3,6% | 4,0% | 11,2% | 3,4% | | | | |
| Fjöldi stöðugilda, skammtímadvöl | 6,2 | 6,2 | 6,2 | 7,2 | | | | |
| Fjöldi stöðugilda, sértækur stuðningur | | | | 4,7 | | | | |

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 20 sýnir rekstrartekjur og -gjöld fyrir þjónustumiðstöðina Álftarima. Á þennan rekstrarlið hafa verið færðar tekjur og gjöld sem eru skammtímadvölinni á Álftarima óviðkomandi og verður gerð frekari grein fyrir því.

Rétt er að fara yfir nokkra liði til frekari skýringa. Tekjuliðurinn þjónustugjöld eru tekjur sem notandi þjónustunnar greiðir vegna aksturs. Samkvæmt upplýsingum frá Sveitarfélaginu Árborg er ekki færður kostnaður vegna akstursþjónstu á þjónstumiðstöðina. Hér er um þjónstu að ræða sem fellur undir félagsþjónustu og ættu þessar tekjur að færast þar.

Önnur húsaleiga er greiðsla frá leigjendum að Eyrarvegi 46 og Birkihólum 16-18-20, sem eru þjónustumiðstöðinni óviðkomandi. Á móti er gjaldfærð leiga til Brynju, hússjóðs. Um er að ræða húsnæði sem ríkissjóður tók á leigu fyrir yfirtöku sveitarfélaga á málaflokknum. Við yfirtöku málaflokksins var ákveðið að sveitarfélögin fengju afnot af þessum húsum og greiddi leiguna. Samningssambandið er á milli ríkissjóðs og Brynju, hússjóðs. Vegna þessa hafa komið viðbótarframlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þeirra sveitarfélag sem hafa afnot af þessum húsum vegna þjónustu við fatlað fólk. Ljóst er að leigugjaldið er langt fyrir ofan markaðsleigu fyrir sambærilegar íbúðir.

Tafla 21: Leigutekjur og leigugjöld vegna Eyrarvegar 46 og Birkihólma 16 – 18

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|
| Húsaleiga leigjenda | -5.031 | -5.217 | -4.870 | -5.743 |
| Niðurgreiðsla á húsaleigu frá JS | -745 | -1.024 | -1.181 | -493 |
| Greidd leiga til Brynju, hússjóðs | 7.522 | 7.766 | 7.995 | 8.331 |
| **Leigugjöld umfram leigutekjur** | **1.746** | **1.526** | **1.944** | **2.096** |

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 21 sýnir leigutekjur og niðurgreiðslur á leigugjöldum og leigugjöld vegna Eyrarvegs 46 og Birkihólma 16 – 18 - 20.

Rétt er að fram komi að niðurgreiðslur á leigu frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hafa ekki verið færðar undir rekstrarlið þjónustumiðstöðvar Álftarima.

Eins og þarna kemur fram er mismunar á leigutekjum og leigugjöldum öll árin. Það er mat skýrsluhöfunda að þennan mismun beri að færa sem kostnað félagsþjónustunnar. Hins vegar er það einnig mat skýrsluhöfunda að þennan mismun eigi ríkissjóður að bera en ekki sveitarfélögin þar sem samningssambandið er á milli ríkissjóðs og Brynju, hússjóðs, en ekki viðkomandi sveitarfélaga.

Jafnframt ber að leggja áherslu á að leigutakar í báðum þessum húsum eru ekki að fá þjónustu skv. lögum nr. 38/2018. Af því verður að ætla að þessi leigugjöld og -tekjur eigi ekki að færast á málaflokk fatlaðs fólk skv. lögum nr. 38/2018 og er þeim rekstri óviðkomandi.

Endurgreiðslur sveitarfélaga eru vegna greiðslu frá viðkomandi sveitarfélögum, annars vegar vegna fylgdarmanns notenda og hins vegar hlutdeildar í félagslegri þjónustu vegna NPA samnings.

Endurgreiðslur ríkisins er 25% hlutdeild ríkisins í kostnaði við NPA samninga. Greiðslur vegna þeirra og beingreiðslusamninga voru gjaldfærðar undir liðnum framlög vegna fatlaðra á þjónustumiðstöðina árin 2018 til og með 2020.

Reiknuð vinna til eigin nota er vegna starfsmanna í sértækum stuðning sem Sveitarfélagið Árborg greiðir og gjaldfærist á félagsþjónustuna. Hér er um launagjöld að ræða fyrir 4,7 stöðugildi. Rétt er að vekja athygli á því að þessi tekjufærsla fór ekki fram vegna áranna 2018 til og með 2020.

Tafla 22: Rekstrargjöld Skammtímavistunar í þjónustumiðstöðinni Álftarima

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|
| Launagjöld | 99.388 | 90.229 | 57.622 | 128.717 |
| Endurgreiðsla frá Sv. Árborg | | | | -39.394 |
| **Launagjöld nettó** | **99.388** | **90.229** | **57.622** | **89.323** |
| Vörukaup | 2.537 | 2.723 | 2.380 | 2.715 |
| Þjónustukaup | 7.132 | 6.917 | 5.034 | 8.177 |
| **Samtals gjöld** | **109.057** | **99.868** | **65.035** | **100.215** |

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 22 sýnir rekstrargjöld vegna skammtímavistunar í þjónustumiðstöðinni Álftarima. Tekjur og gjöld sem færðar hafa verið undir þjónustumiðstöðina og eru rekstrinum óviðkomandi hafa hér verið dregin frá. Hafður er fyrirvari á þessari framsetningu þar sem ekki lágu fyrir nákvæmar upplýsingar um hvað væri rekstri skammtímadvalar óviðkomandi á rekstrarreikningi hennar. Mikilvægt er að halda þessum rekstri aðskildum, þ.e. rekstri skammtímadvalar og félagsþjónustu á vegum Árborgar.

## Frístundaklúbburinn Kópurinn

Kópurinn er frístundaklúbbur fyrir nemendur á sérnámsbraut Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi. Notendur eru á framhaldsskólaaldri, 16-20 ára, og þurfa sértækan stuðning.

Markmið frístundaklúbbsins er að efla félagslegan þroska þátttakenda og stuðla að virkni ungmenna í frístundum. Notast er við einstaklingsmiðaða þjónustu þar sem reynt er að vinna með styrkleika hvers og eins. Megináhersla er lögð á að skapa vettvang þar sem ungmenni geta hist og tekið þátt í öflugu frístundastarfi á jafningjagrundvelli og upplifi öryggi og vellíðan. Einnig er leitast við að byggja upp jákvæða sjálfsmynd og sjálfsöryggi þátttakenda sem og stuðla að virkni og þátttöku þeirra í sínum eigin frítíma. Kópurinn er þriðja stigs þjónusta, einstaklingsbundin og sérhæfð.

Þjónustan er starfrækt skv. 16. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Greinin hljóðar sem hér segir:

> Sveitarfélög skulu bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst, svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki. Þessi þjónusta tekur við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla. Þjónustan skal vera einstaklingsmiðuð og á því formi sem best hentar viðkomandi. Veita skal þjónustu vegna fötlunar samhliða almennum frístundatilboðum, eins og mögulegt er. Þessi þjónusta skal að jafnaði taka mið af metnum stuðningsþörfum og vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi barns eða ungmennis.

Notendur  mæta eftir skólatíma og varir þjónustan frá kl. 12:45 til 16:30. Fjöldi stöðugilda er 3,35 stöðugildi. Deildarstjóri í 0,85 stöðugildi og fimm frístundaleiðbeinendur (ófaglærðir) í 2,5 stöðugildum.

Deildarstjóri er í 85% stöðu en auk þess að sjá um Kópinn sinnir hann öðru verkefni innan Árborgar sem er Selurinn, tómstundar- og menningarklúbbur fatlaðra á Suðurlandi. Það starf fer fram tvisvar í viku frá kl 16:30 – 18:30. Notendum á öllu Bergrisasvæðinu er velkomið að nýta það starf og gera það margir. Deildarstjóri vinnur náið með notendum og starfsfólki á daginn og telur mikilvægt að

vera vel inni í daglegu starfi. Hann vinnur sín 50% á milli 12:00 og 16:00 alla daga vikunnar og dreifir svo hinum 35% utan þess tíma, oftast á morgnana en einnig eftir kl. 16:00. Sá tími er nýttur í undirbúning, viðtöl við foreldra, teymisfundi, skipulagsfundi, tölvuvinnu, fræðslu, skipulag á daglegu starfi o.fl. Næsti yfirmaður er frístundar- og forvarnarfulltrúi Árborgar.

Notendur eru 14 talsins (mars 2022) og eru af Suðurlandi, Árborg, Hvolsvelli, Hveragerði, Vík í Mýrdal, Reykholti og víðar. Um er að ræða fjölbreyttan hóp notenda með ólíkar þarfir.

Hefðbundinn dagur í Kópnum byrjar kl. 12:00. Frá kl. 12:00 til 12:45 nýta starfsmenn tímann í starfsmannafundi, undirbúning, skipulag og uppsetningu. Vegna þessa hefur ekki verið þörf á starfsmannafundum utan vinnutíma. Deildarstjóri og starfsmenn skiptast á upplýsingum og uppfæra hvert annað fyrir daginn. Notendum er þá deilt í umsjón starfsmanna eftir þörfum og fylgja starfsmenn sínum notendum þann daginn. Sumir notendur þurfa þó ekki eins mikinn stuðning og aðrir og eru sjálfstæðari í starfinu. Einn starfsmaður mætir alla daga kl. 13:30 og annar starfsmaður aðeins þrjá daga vikunnar. Notendur mæta í Kópinn eftir skóla, þeir fyrstu mæta kl. 12:45 og aðrir um kl. 14:00. Starfsmenn taka vel á móti notendum og hefst dagurinn þeirra oftast á spjalli um daginn og veginn á jafningjagrundvelli. Starfsmenn aðstoða notendur við að finna sér eitthvað skemmtilegt og uppbyggilegt að gera, ef þeir eiga í erfiðleikum með það sjálfir. Vinsælt er að spila, teikna, föndra, spila á leikjatölvur eða hvað sem starfsfólki og notendum dettur í hug hverju sinni. Á hverjum virkum degi er dagskrá sem starfsmenn skiptast á að sjá um. Þá er reynt að vinna með áhugasvið notenda sem og starfsmanna. Sú dagskrá hefst þegar flestir eru komnir þann daginn, vanalega um kl. 14:00 - 15:00. Eftir það er frjáls tími til kl. 16:00. Þeir sem þurfa bæði líkamlegan og félagslegan sérhæfðan stuðning eru með sérsniðna dagskrá. Þá er unnið markvisst með skynörvun, líkamsrækt, tónlist, ljós og liðkun. Einnig matargjafir og aðstoð við salernisferðir þar sem tveir starfsmenn hjálpast að. Auk þessa daglega skipulags er opinn tónlistartími, klúbbastarf og spilahópur einu sinni í viku. Einnig er farið í sund, íþróttasal, gönguferðir, bílferðir o.fl. Kl. 16:00 fara flestir heim en notendur (mars 2022), sem nota hjólastól, eru til kl. 16:30 ásamt einum starfsmanni. Það er vegna álags ferðaþjónustu á þessum tíma. Starfsmaður sem lokar þann daginn sinnir þessum notendum, undirbýr þá fyrir brottför, sér um frágang og mætir svo kl. 12:30 daginn eftir í stað kl. 12:00.

Þjónustan er veitt í Félagsmiðstöðinni Zelsíuz á Selfossi. Þar var útbúið rými árið 2020 sérstaklega hannað fyrir Kópinn. Þar inni er eitt alrými þar sem hægt er að spila með spil, tölvu, ipad o.fl., slökunarhorn, þar sem hægt er að vera í einrúmi og lesa myndasögur m.a. Auk þessa er eitt herbergi sem notað er í slökun, tónlistartíma, skynörvun og sérhæft starf. Kópurinn nýtir einnig aðstöðu Zelsíuz, s.s. eldhús, bíl, bíósal, spilaherbergi, billjardsal og annað opið rými. Þá aðstöðu þarf að panta fyrirfram. Aðstaða Kópsins hentar vel eins og er en gæti orðið of lítil ef notendum fjölgar mikið á næstu árum.

Kópurinn vinnur náið með öðrum stofnunum eins og FSU, Frístundaklúbbnum Kotinu, Frístundaklúbbnum Klettinum, Pakkhúsinu Ungmennahúsi og Félagsmiðstöðinni Zelsíuz. Stuðlað er að góðu upplýsingaflæði milli FSU og Kópsins með teymisfundum og öðru. Notendum í 10. bekk úr Klettinum og Kotinu, sem eru á leið í FSU, býðst að koma í Kópinn með starfsmanni á Vorönn einu sinni í viku. Ungmennahúsið hefur verið með sérstakar kvöldopnanir fyrir notendur Kópsins.

## Mynd 14: Fjöldi notenda á hvern leiðbeinanda

| Klukkan | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| 08:00 - 8:30 | | | 0 | | |
| 08:30 - 9:00 | | | 0 | | |
| 09:00 - 9:30 | | | 0 | | |
| 09:30 - 10:00 | | | 0 | | |
| 10:00 - 10:30 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| 10:30 - 11:00 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| 11:00 - 11:30 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 11:30 - 12:00 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 12:00 - 12:30 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 12:30 - 13:30 | 0,75 | 0,8 | 0,8 | 0,8 | 0,8 |
| 13:30 - 14:00 | 0,6 | 0,5 | 0,8 | 0,6 | 0,8 |
| 14:00 - 14:30 | 1 | 0,7 | 1,0 | 1,6 | 1,8 |
| 14:30 - 15:00 | 1,2 | 0,7 | 1,8 | 1,6 | 1,8 |
| 15:00 - 15:30 | 1,4 | 0,7 | 1,8 | 1,6 | 1,8 |
| 15:30 - 16:00 | 1,4 | 0,7 | 1,8 | 1,6 | 1,8 |
| 16:00 - 16:30 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| 16:30 - 17:00 | 0 | | | | |
| 17:00 - 17:30 | 0 | | | | |
| 17:30 - 18:00 | 0 | | | | |
| 18:00 - 18:30 | 0 | | | | |
| 18:30 - 19:00 | 0 | | | | |




Heimild: Frístundaklúbburinn Kópurinn

Mynd 14 sýnir fjölda notenda á hvern leiðbeinanda (starfsmann), sjá fylgiskjal 10.

Eins og fram kemur í töflunni og myndinni voru frá 0 upp í 2 notendur á hvern leiðbeinanda. Eingöngu frá kl. 16:00 til 16:30 eru tveir notendur á einn starfsmann. Þar sem kemur fram 0 í töflunni er einn starfsmaður, deildarstjóri, að störfum, en enginn notandi.

Á milli kl. 12:30 og 14:00 er vel innan við einn notandi á hvern starfsmann þetta er einnig svona svo til allan þriðjudaginn. Enginn notandi er á fjóra starfsmenn á milli kl. 12:00 og 12:30. Svona var fyrirkomulagið í mars 20022. Deildarstjóri er hér meðtalinn.

## Tafla 23: Rekstrargjöld og -tekjur Frístundaklúbbsins Kópsins árin 2018 til 2021 í þúsundum króna

| | | | | Breyting | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2020 | 2021 | 2019-2020 | 2020-2021 |
| Endurgreiðslur ríkisins | -487 | -4.180 | -3.500 | 758% | -16% |
| Styrkir og endurgreiðslu aðrar | -270 | -213 | | -21% | -100% |
| Þátttökugjöld | | -1.015 | -1.237 | | 22% |
| Seldur matur | | -105 | -100 | | -5% |
| **Tekjur samtals** | **-757** | **-5.513** | **-4.837** | **628%** | **-12%** |
| Mánaðarlaun | 2.844 | 12.226 | 15.310 | 330% | 25% |
| Yfirvinna | 474 | 4.807 | 2.352 | 913% | -51% |
| Álagsvinna | | | | | |
| Veikindalaun | 67 | 497 | 250 | 647% | -50% |
| Ógreitt orlof | 1.127 | 673 | 1.036 | -40% | 54% |
| Launatengd gjöld | 730 | 4.052 | 4.310 | 455% | 6% |
| Vinnufatnaður | | 62 | 95 | | 54% |
| Bifreiðastyrkur | | | 47 | | |
| Annar starfsmanna kostnaður | | | | | |
| **Laun og launatengd gjöld** | **5.242** | **22.316** | **23.402** | **326%** | **5%** |
| Ritföng, pappír, bréfabindi | 156 | 11 | 6 | -93% | -40% |
| Matvæli | | 450 | 795 | | 77% |
| Hreinlætisvörur | 4 | 19 | 28 | 430% | 50% |
| Rafmagn | | 5 | 73 | | 1259% |
| Heitt vatn | | 11 | 102 | | 831% |
| Efniskaup - handavinnuefni | | 106 | 83 | | -22% |
| Önnur vörukaup | 161 | | | -100% | |
| **Vörukaup samtals** | **321** | **602** | **1.088** | **87%** | **81%** |
| Síma og netþjónusta | 8 | 35 | 57 | 336% | 63% |
| Risna og gjafir | | 34 | 53 | | 56% |
| Ræstingaþjónusta | | 235 | 669 | | 184% |
| Húsaleiga | 450 | 2.227 | 3.193 | 395% | 43% |
| Hlutdeild í rekstri skrifstofu o.fl. | | | | | |
| Viðhald innanstokksmuna | 98 | 2.901 | 82 | 2872% | -97% |
| Viðhald verkfæra, áhalda og skrifstofuvéla | 252 | 373 | 293 | 48% | -22% |
| Annað viðhald | | 40 | 3 | | -92% |
| Rekstur bifreiða / án vsk. | | | | | |
| Ábyrgðartryggingar | | 37 | 58 | | 59% |
| Námskeiðs- og skólagjöld | | | 13 | | |
| Vöktunarþjónusta | | 4 | 32 | | 696% |
| Losun gáma stofnanna | | 46 | 96 | | 105% |
| Aðkeypt þjónusta | | 28 | 172 | | 506% |
| Ýmislegt | 65 | 19 | 12 | -71% | -36% |
| **Samtals þjónustugjöld** | **873** | **5.980** | **4.732** | **585%** | **-21%** |
| **Gjöld samtals** | **6.437** | **28.898** | **29.222** | **349%** | **1%** |
| Rekstrarniðurstaða | **5.680** | **23.385** | **24.385** | **312%** | **4%** |
| Fjárhagsáætlun með viðauka | 7.066 | 25.453 | 35.500 | 260% | 39% |
| Mismunur á áætlun og rekstrarniðurstöðu | 1.386 | 2.067 | 11.115 | | |
| Mismunur sem hlutfall af áætlun | | | | | |
| Launagjöld sem hlutfall af gjöldum samtals | 81,4% | 77,2% | 80,1% | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 16,7% | 39,3% | 15,4% | | |
| Álagsvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | | | | | |
| Veikindalaun sem hlutfall af mánaðarlaunum | 2,3% | 4,1% | 1,6% | | |
| Fjöldi stöðugilda | 2,75 | 2,75 | 3,25 | | |

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 23 sýnir rekstrargjöld hjá Frístundaklúbbnum Kópnum árin 2019 til 2021.

Reksturinn hófst árið 2019. Rekstur allt árið er fyrst árið 2020. Rétt er að benda á að það fjölgaði um hálft stöðugildi milli áranna 2019 og 2021. Það voru nokkrir útgjaldaliðir sem hækkuð nokkuð á milli þessara ára. Þar má nefna kostnað vegna matvæla, ræstingaþjónustu og húsaleigu. Leigan var 2.227 þúsund krónur árið 2020 en 3.193 þúsund krónur árið 2021.

Einnig er rétt að vekja athygli á mikilli hækkun á fjárheimildum á milli áranna 2020 og 2021 eða um 39%. Raunhækkun gjalda var síðan ekki nema 1%. Vara ber við að gerð sé áætlun sem heimilar svo mikla aukningu sem síðan ekki raungerist. Slík áætlunargerð getur leitt til aukinna útgjalda. Launagjöld hækka nokkuð á milli áranna 2019 og 2020 en síðan á milli áranna 2020 og 2021 um 5%.

Endurgreiðslur ríkisins eru vegna lengdrar viðveru og koma frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Styrkir og endurgreiðslur aðrar eru styrkir frá frjálsum félagasamtökum. Þáttökugjöld eru gjöld sem forráðamenn borga eins og við frístund hjá grunnskólunum.

Samkvæmt skv. 16. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, sbr. hér að framan, ber sveitarfélögum að veita þessa þjónustu. Í greininni segir m.a.: Þessi þjónusta skal að jafnaði taka mið af metnum stuðningsþörfum og vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi barns eða ungmennis.

Kostnaður vegna matvæla hækkar nokkuð á milli áranna 2020 og 2021. Var 450 þúsund og 795 þúsund krónur hvort ár. Á móti var innheimt 10 þúsund krónur árið 2020 og 100 þúsund krónur árið 2021.

Öll árin var reksturinn innan fjárheimildar.

## VISS, vinnu og hæfingarstöð Selfossi

VISS ,vinnu- og hæfingarstöð er atvinnutengt úrræði fyrir fólk með skerta starfsgetu og langvarandi stuðnings þarfir. VISS eru með fjórar starfstöðvar; á Selfossi, Flúðum, í Þorlákshöfn og á Hvolsvelli. Á VISS er fólk að koma í verndaða vinnu og í hæfingu (skilgreint samkvæmt lögum um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir) og starfsþjálfun.

Á VISS er veittur persónulegur og einstaklingsmiðaður stuðningur og sveigjanleg þjónusta sem miðar að þörfum og getu hvers og eins (enginn getur allt, en allir geta eitthvað). Markmið VISS er að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra íbúa sveitafélaganna er varðar atvinnu og atvinnutengd mál og félagslega þátttöku.

Á VISS er ráðgjöf og stuðningur og þjálfun fyrir þá sem stefna á að fara út á almennan vinnumarkað. VISS er í samstarfi og samtali við Vinnumálastofnun (atvinnu með stuðning), VIRK/Birtu starfsendurhæfingu og félagsþjónustu sveitafélaga. Í verndaðri vinnu er einnig þjálfun og stuðningur til að þróast áfram á VISS með verkefni við hæfi og getu hvers og eins eða út á almennan vinnumarkað. Unnið er eftir hugmyndafræði þjónandi leiðsagnar „sjálfstætt líf" og „valdeflingu".

Húsið (vinnustaðurinn) er um 750 fermetrar sem skiptist í fjórar starfsstöðvar; bast og leir, teloft og sölvapökkun. Meðal annars er unnið fyrir fyrirtæki sem koma með verkefnin inn á VISS og farið er einnig í fyrirtæki til að vinna þar. Yfir sumartímann tekur VISS að sér að slá garða hjá nokkrum starfseiningum sveitafélagsins. Með þessu er aflað sértekna. Af þessum sértekjum eru greidd laun til fatlaðra starfsmanna sem eru í verndaðri vinnu. Launin eru ekki samkvæmt almennum kjarasamningum.

Forstöðumaður VISS á Selfossi er forstöðuþroskaþjálfi. Hann er jafnframt miðlægur forstöðumaður VISS Þorlákshöfn, Flúðum og Hvolsvelli. Miðlægur forstöðumaður sér um samskipti við sveitafélögin m.a. varðandi fjárhagsáætlanir og starfsmannahald (leiðbeinenda), auglýsir stöður, tekur starfsviðtöl og ræður í stöður. Tekur við umsóknum fatlaðra starfsmann. Miðlægur forstöðumaður er fyrir hönd allra starfstöðvanna í teymisvinnu sem ráðgjafar sveitafélaganna eru í (fagteymið) ásamt ráðgjöfum Vinnumálastofnunar. Er með ábyrgð á faglegu starfi staðanna, heldur utan um fræðslu fyrir leiðbeinendur. Ráðgjöf og stuðningur til deildarstjóra sem er á hverjum stað. Vinnutími forstöðumanns er frá kl. 8:00 til 16:00. Hefur engan skilgreindan matatíma né kaffitíma.

Hjá VISS Selfossi starfa 13 leiðbeinendur í 9,8 stöðugildum, þar af forstöðumaður í 100%, yfirþroskaþjálfi í 70% og matráður í 60%. Frá 1. apríl 2022 fækkaði í leiðbeinendum í 12 og stöðugildin voru þá 9,2

Þeir sem fá þjónustu eru 44 einstaklingar og að auki þrír nemendur (mars 2022) á starfsnámsbraut hjá Fjölbrautarskóla Suðurlands sem komu þá önn í starfsnám. Fatlaðir starfsmenn eru fyrir eða eftir hádegi með undantekningum. Að jafnaði eru notendur þjónustunnar frá tveimur klukkustundum á dag í fjórar til fimm klukkustundir.

Á VISS Selfossi er framreiddur hádegismatur þar sem fatlaðir starfsmenn geta borðað áður en þeir fara heim eða þegar þeir koma sem eru eftir hádegi. Fyrir fimm árum síðan var gjaldið fyrir máltíðina ákveðið 350 kr. en var hækkað í 360 kr. um s.l. áramót (2021/2022).

Tafla 24: Kostnaður við kaup á matvælum og greiðslur frá notendum hjá VISS Selfossi í þús. króna

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Matvæli | 3.677 | 4.083 | 3.668 | 4.590 | 16.019 |
| Seldur matur | -1.282 | -1.319 | -1.013 | -1.448 | -5.061 |
| **Niðurgreiðsla Bergrisa** | **2.396** | **2.765** | **2.656** | **3.142** | **10.958** |

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 24 sýnir kostnað við kaup á matvælum og greiðslur frá notendum vegna matar.

Eins og fram kemur í töflunni er verið að greiða kostnaðinn við matvælin mikið niður. Árið 2020 var niðurgreiðslan 3.142 þúsund krónur. Eðlilegt verður að telja að notendur greiði að fullu fyrir kostnað við hráefniskaup. Þannig er það þegar þeir neita matar á sínum heimilum. Eðlilegt er að verðið taki mið af því að teknu tilliti til matarkostnaðar vegna starfsmanna, sem þeir greiða fyrir skv. kjarasamningum.

Leiðbeinendur taka ekki eiginlegan matartíma heldur borða þeir með notendum og aðstoða þá. Vegna þess hætta þeir hálfri klukkustund fyrr á daginn en reglulegur vinnu tími er. Einnig taka þeir ekki kaffitíma en fá greidda yfirvinnu vegna þess.

Mynd 15: Fjöldi notenda og leiðbeinenda á hverjum tíma




Heimild: VISS Selfossi

Mynd 15 sýnir fjölda notenda og leiðbeinenda á hverjum tíma, sjá einnig fylgiskjal xxxx.

Flestir eru notendur 27 en fæstir 12. Fjöldi starfsmanna á hverjum tíma er frá sjö upp í 11.

Mynd 16: Fjöldi notenda á hvern leiðbeinanda




Heimild: VISS Selfossi

Mynd 16 sýnir fjölda notenda á hvern leiðbeinanda.

Fæstir eru notendur á hvern leiðbeinanda 1,4 sem er á miðvikudögum. Þennan sama dag eru notendur flestir á hvern leiðbeinanda eða 2,8. Flestir eru notendur á hvern leiðbeinanda 3,1. Það vekur athygli þegar myndin er skoðun hversu mikill breytileiki er í fjölda notenda á hvern leiðbeinanda eftir dögum og innan hvers dags. Hér gæti mismunandi þjónustuþörf haft áhrif.

## Tafla 25: Rekstrargjöld og -tekjur VISS, Selfossi, árin 2018 til 2021 í þúsundum króna

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | Hlutfallslegar breytingar 2018-2019 | 2019-2020 | 2020-2021 | 2018-2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur | -15 | | -100 | -560 | -100% | | 460% | 3658% |
| Seldur matur | -1.282 | -1.319 | -1012,6 | -1.448 | 3% | -23% | 43% | 13% |
| Endurgr. ríkisins | -66 | | | -30 | -100% | | | -55% |
| **Tekjur samtals** | **-1.363** | **-1.319** | **-1.113** | **-2.039** | **-3%** | **-16%** | **83%** | **50%** |
| Mánaðarlaun | 44.244 | 49.052 | 51.865 | 55.234 | 11% | 6% | 6% | 25% |
| Yfirvinna | 4.874 | 4.823 | 5.603 | 6.847 | -1% | 16% | 22% | 40% |
| Álagsvinna | | | | | | | | |
| Veikindalaun | 2.066 | 3.108 | 3.136 | 1.977 | 50% | 1% | -37% | -4% |
| Ógreitt orlof | 454 | 332 | 279 | 2 | -27% | -16% | -99% | -100% |
| Launatengd gjöld | 11.944 | 13.292 | 14.471 | 14.893 | 11% | 9% | 3% | 25% |
| Matarkostnaður | | | | | | | | |
| Vinnufatnaður | 268 | 248 | 280 | 344 | -7% | 13% | 23% | 29% |
| Bifreiðastyrkur | 275 | 281 | 236 | 365 | 2% | -16% | 54% | 33% |
| Annar starfsmanna kostnaður | 9 | 8 | 14 | 2.856 | -13% | 78% | 20010% | 30872% |
| **Laun og launatengd gjöld** | **64.134** | **71.143** | **75.884** | **82.518** | **11%** | **7%** | **9%** | **29%** |
| Ritföng, pappír, bréfabindi | 110 | 51 | 22,519 | 153,12 | -53% | -56% | 580% | 40% |
| Matvæli | 3.677 | 4.083 | 3.668 | 4.590 | 11% | -10% | 25% | 25% |
| Hreinlætisvörur | 151 | 40 | 488 | 355 | -74% | 1133% | -27% | 135% |
| Rafmagn | 381 | 424 | 434 | 453 | 11% | 2% | 4% | 19% |
| Heitt vatn | 460 | 482 | 459 | 465 | 5% | -5% | 1% | 1% |
| Efniskaup - handavinnuefni | 192 | 380 | 257 | 367 | 98% | -32% | 43% | 92% |
| Önnur vörukaup | 12 | 30 | 49 | 19 | 139% | 67% | -61% | 56% |
| **Vörukaup samtals** | **4.982** | **5.490** | **5.378** | **6.403** | **10%** | **-2%** | **19%** | **29%** |
| Síma og netþjónusta | 88 | 72 | 56 | 116 | -18% | -23% | 108% | 32% |
| Risna og gjafir | 4 | 16 | 61 | | 260% | 284% | -100% | -100% |
| Ræstingaþjónusta | 3.175 | 4.065 | 3.246 | 3.378 | 28% | -20% | 4% | 6% |
| Húsaleiga | 5.215 | 5.304 | 5.412 | 7.155 | 2% | 2% | 32% | 37% |
| Hlutdeild í rekstri skrifstofu o.fl. | 1.691 | 2.127 | 940 | 1.534 | 26% | -56% | 63% | -9% |
| Viðhald innanstokksmuna | 157 | 253 | 173 | 198 | 61% | -32% | 15% | 26% |
| Viðhald verkfæra, áhalda og skrifstofuvéla | 133 | 240 | 55 | 253 | 81% | -77% | 358% | 90% |
| Annað viðhald | 137 | 265 | 38 | 155 | 93% | -86% | 304% | 13% |
| Rekstur bifreiða / án vsk. | 213 | 179 | 133 | 137 | -16% | -26% | 3% | -36% |
| Ábyrgðartryggingar | 192 | 134 | 152 | 212 | -30% | 13% | 39% | 10% |
| Námskeiðs- og skólagjöld | 269 | 25 | 116 | 66 | -91% | 366% | -44% | -75% |
| Vöktunarþjónusta | 61 | 72 | 63 | 101 | 18% | -13% | 61% | 64% |
| Losun gáma stofnanna | 179 | 262 | 293 | 340 | 46% | 12% | 16% | 90% |
| Aðkeypt þjónusta | 70 | 108 | 242 | 210 | 54% | 124% | -13% | 200% |
| Ýmislegt | 518 | 263 | 167 | 566 | -49% | -36% | 238% | 9% |
| **Samtals þjónustugjöld** | **12.102** | **13.386** | **11.147** | **14.420** | **11%** | **-17%** | **29%** | **19%** |
| **Gjöld samtals** | **81.219** | **90.020** | **92.410** | **103.340** | **11%** | **3%** | **12%** | **27%** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **79.856** | **88.701** | **91.297** | **101.301** | **11%** | **3%** | **11%** | **27%** |
| Fjárhágsáæltun með viðaukum | 82.364 | 85.624 | 92.595 | 106.003 | 4% | 8% | 14% | 29% |
| Mismunur á áætlun og rauntölum | 2.508 | -3.077 | 1.298 | 4.702 | | | | |
| Mismunur sem hlutfall af áætlun | | 3,6% | | | | | | |
| Launagjöld sem hlutfall af gjöldum | 79,0% | 79,0% | 82,1% | 79,9% | | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 11,0% | 9,8% | 10,8% | 12,4% | | | | |
| Álagsvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | | | | | | | | |
| Veikindalaun sem hlutfall af | 4,7% | 6,3% | 6,0% | 3,6% | | | | |
| Fjöldi stöðugilda | 9,83 | 9,8 | 9,3 | 9,3 | | | | |

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 25 sýnir rekstrargjöld og -tekjur fyrir VISS, Selfossi.

Laun og launatengd gjöld hækka um 29% á milli áranna 2018 og 2021 á verðlagi hvors árs. Hér að framan var fjallað um niðurgreiðslu á matvælum og er vísað til þess. Húsaleiga er að hækka nokkuð mikið á milli áranna 2020 og 2021. Fer úr 5.412 þúsund krónum í 7.155 þúsund krónur. Miðað við 750 $m^2$ stærð húsnæðisins samsvarar leigan á $m^2$ 795 kr. á mánuði. Einnig er rétt að skoða frekar hlutdeild í rekstri skrifstofu en þar er tekið saman millifærð vinna tölvumanns, tölvukostnaður í

áskrift og reiknuð þátttaka í skrifstofu. Árið 2021 er gjaldfærður kostnaður vegna tölvumála sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Tölvukostnaður áskrift | 544 |
| Millifærð vinna tölvumanns | 696 |
| **Samtals** | **1.240** |

Hér er gjaldfærður kostnaður vegna tölvumála fyrir 1.240 þúsund krónur sem vart getur talist eðlilegur kostnaður fyrir ekki umfangsmeiri rekstur en hér er um að ræða. Einnig undir liðnum „ýmislegt“ er útgjaldaliður árið 2021 sem er millifærð „eigin vinna“ að fjárhæð 417 þúsund krónur.

Launagjöld sem hlutfall af gjöldum samtals voru 79% til 82% á tímabilinu. Stöðugildin voru 9,3 árin 2019 og 2020.

Tafla 26: Launagjöld og tekjur vegna atvinnu með stuðningi í þúsundum króna

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur og fleira | -4.952 | -5.846 | -4.160 | -6.024 |
| Mánaðarlaun almenn | 4.322 | 4.160 | 4.017 | 5.338 |
| Yfirvinna almenn | 22 | | 20 | 6 |
| Launatengd gjöld | 826 | 789 | 754 | 983 |
| **Launagjöld samtals** | **5.170** | **4.948** | **4.791** | **6.327** |
| **Aðrar vátryggingar** | | **124** | **143** | **160** |
| **Rekstrargjöld samtals** | **5.170** | **5.072** | **4.934** | **6.487** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **-218** | **773** | **-774** | **-463** |

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 26 sýnir launagjöld og tekjur vegna atvinnu með stuðningi hjá VISS, Selfossi.

Eins og taflan sýnir var greitt með þessum rekstri öll árin nema 2019. Afgangurinn það ár samsvarar nokkurn veginn hallanum árið 2020. Leggja ber áherslu á að þessi rekstur sé í jafnvægi þannig að ekki komi til þess að þeir fjármunir, sem ætlaðir eru í þjónustu við fatlað fólk, fari í að greiða laun vegna atvinnu með stuðning. Ef það er ætlan sveitarfélagsins að gera það á að koma aukaframlag frá sveitarfélaginu til þess.

## VISS, vinnu og hæfingarstöð Hvolsvelli

Við VISS á Hvolsvelli eru tveir starfsmenn í 55% og 52% starfshlutfalli, deildarstjóri og þroskaþjálfi/leiðbeinandi, eða samtals 1,07 stöðugildi. Næsti yfirmaður deildarstjóra er forstöðumaður VISS á Selfossi að sögn deildarstjórans. Notendur sem sækja þjónustuna eru sex. Þjónustan fer fram frá kl. 8:00 til 12:00 á virkum dögum. Húsnæðið er að Dalsbakka 7 og er um 170 $m^2$ að stærð, skv. upplýsingum deildarstjóra.

Mynd 17: Fjöldi notenda á hvern leiðbeinanda




Heimild: VISS, Hvolsvelli

Mynd 17 sýnir fjölda notenda á hvern leiðbeinanda, sjá fylgiskjal 12.

Eins og fram kemur á myndinni eru 2,5 notendur á hvern leiðbeinanda alla daga vikunnar nema miðvikudaga, þá eru þeir þrír. Alla daga vikunnar eru fimm notendur nema á miðvikudögum eru þeir sex.

## Tafla 27: Rekstrargjöld og -tekjur VISS, Hvolsvelli, árið 2021 í þúsundum króna

| | 2021 |
|---|---|
| Seldar vörur | |
| Seldur matur | |
| Endurgr. ríkisins | |
| **Tekjur samtals** | |
| Mánaðarlaun | 7.281 |
| Yfirvinna | 769 |
| Álagsvinna | |
| Veikindalaun | 448 |
| Ógreitt orlof | |
| Launatengd gjöld | 1.890 |
| Matarkostnaður | |
| Vinnufatnaður | |
| Bifreiðastyrkur | 181 |
| Annar starfsmanna kostnaður | |
| **Laun og launatengd gjöld** | **10.569** |
| Ritföng, pappír, bréfabindi | 45 |
| Matvæli | 263 |
| Hreinlætisvörur | 20 |
| Rafmagn | |
| Heitt vatn | |
| Efniskaup - handavinnuefni | 43 |
| Önnur vörukaup | 445 |
| **Vörukaup samtals** | **815** |
| Síma og netþjónusta | 41 |
| Risna og gjafir | |
| Ræstingaþjónusta | |
| Húsaleiga | 2.400 |
| Hlutdeild í rekstri skrifstofu o.fl. | |
| Viðhald innanstokksmuna | 17 |
| Viðhald verkfæra, áhalda og skrifstofuvéla | |
| Annað viðhald | 977 |
| Rekstur bifreiða / án vsk. | |
| Ábyrgðartryggingar | |
| Námskeiðs- og skólagjöld | |
| Vöktunarþjónusta | |
| Losun gáma stofnanna | |
| Aðkeypt þjónusta | 368 |
| Ýmislegt | 369 |
| **Samtals þjónustugjöld** | **4.172** |
| **Gjöld samtals** | **15.555** |
| Rekstrarniðurstaða | **15.555** |
| Fjárhagsáætlun með viðauka | 11.872 |
| Mismunur á áætlun og rekstrarniðurstöðu | -3.684 |
| Mismunur sem hlutfall af áætlun | 31,0% |
| Launagjöld sem hlutfall af gjöldum samtals | 67,9% |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 10,6% |
| Álagsvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | |
| Veikindalaun sem hlutfall af mánaðarlaunum | 6,2% |
| Fjöldi stöðugilda | 1,07 |

Heimild: Rangárþing eystra

Tafla 27 sýnir rekstrargjöld hjá VISS á Hvolsvelli árið 2021.

Reksturinn hófst árið 2021. Tekið var húsnæði á leigu og gerðar á því endurbætur og breytingar. Árið 2020 nam kostnaður vegna þess samtals 3.817 þúsund krónur og var að mestu endurgreiddur af Bergrisa og þá greiddur af því fjármagni sem ætlað er til að standa undir kostnaði við þjónustuna. Leggja ber áherslu á að öllum kostnaði við endurbætur á húsnæði sé haldið aðgreindum frá kostnaði við þjónustu við fatlað fólk. Hins vegar á það að koma fram í rekstri Bergrisans í árlegu endurgjaldi fyrir húsnæðið.

Árið 2021 var einnig verið að gjaldfæra kostnað við húsnæðið vegna þjónustunnar, sem ætla verður að eigi að halda aðgreindum.

Launagjöld voru 68% af rekstrargjöldum samtals. Kostnaður fór 3.684 þúsund krónur umfram fjárheimild, eða 31%. Stöðugildi voru samtals 1,07.

Húsaleigan er 200 þúsund krónur á mánuði. Innifalið í húsaleigu eru dagleg þrif, internet og sími, hiti og rafmagn. Miðað við 170 $m^2$ gerir það í leigu á hvern $m^2$ 1.176 kr.

## VISS, vinnu og hæfingarstöð Þorlákshöfn

Við VISS á Þorlákshöfn eru þrír leiðbeinendur að meðtöldum deildarstjóra. Fram til 1. apríl 2022 var deildarstjóri í 78% starfshlutfalli og tveir leiðbeinendur í 75% starfshlutfalli hvor, eða samtals í 2,28 stöðugildum. Eftir 1. apríl 2022 varð breyting á starfseminni þannig að nú er deildarstjóri og tveir leiðbeinendur hver í 55% starfshlutfalli, eða samtals 1,65 stöðugildi.

Notendur sem sækja þjónustuna eru sjö. Þjónustan fór fram frá kl. 9:00 til 15:00 á virkum dögum fram til 1. apríl 2022. Þrír til fjórir notendur voru fyrir hádegi og tveir til þrír eftir hádegi. Eftir 1. apríl fer starfsemin fram frá kl. 9:00 til 13:00. Með því verði fleiri notendur á sama tíma, sem eykur líkurnar á jákvæðum starfsanda, starfsframleiðslu og gefur meira líf inn í húsið að sögn forstöðumanns. Með þessari breytingu verða fjórir til sjö notendur í húsi á hverjum tíma.

Starfsemin fer fram í leiguhúsnæði að Suðurvör 3 Þorlákshöfn og er 145 $m^2$ að stærð. Um er að ræða ágætlegan stóran vinnusal, þrjú salerni, þvottahús og matsal að sögn deildarstjóra.

Á VISS í Þorlákshöfn er unnið að eigin framleiðslu á listmunum og nytjavöru úr ýmsum endurunnum efnum. Gallerí er á staðnum þar sem framleiðslan er seld. Starfsemin er með saumavélar. Hafa verið að sauma innkaupapoka, svuntur, borðtuskur, servíettur, viskastykki og ýmislegt annað sem er selt. Auk þess hafa þau fengið ýmis konar skemmtileg utanaðkomandi verkefni frá íbúum bæjarins. Hafa framleitt ýmis konar trévörur.

Deildarstjóri sér um að halda utan um þessi verkefni og skilar uppgjöri vegna þeirra til forstöðuþroskaþjálfa á Selfossi sem sér um innheimtu og annast launagreiðslur til notenda samkvæmt tímaskýrslu sem deildarstjóri skilar til forstöðuþroskaþjálfans.

Mynd 18: Fjöldi notenda á hvern leiðbeinanda fram til 1. apríl 2022

| Klukkan | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| 09:00 - 9:30 | 1,0 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 1,0 |
| 09:30 - 10:00 | 1,0 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 1,0 |
| 10:00 - 10:30 | 1,3 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,3 |
| 10:30 - 11:00 | 1,3 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,3 |
| 11:00 - 11:30 | 1,7 | 1,3 | 1,3 | 1,3 | 1,7 |
| 11:30 - 12:00 | 1,7 | 1,3 | 1,3 | 1,3 | 1,7 |
| 12:00 - 12:30 | 1,3 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,3 |
| 12:30 - 13:30 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,3 | 1,0 |
| 13:30 - 14:00 | 1,0 | 1,5 | 1,0 | 1,3 | 1,0 |
| 14:00 - 14:30 | 1,0 | 1,5 | 1,0 | 1,3 | 1,0 |
| 14:30 - 15:00 | 1,0 | 1,5 | 1,0 | 1,3 | 1,0 |




Heimild: VISS, Þorlákshöfn

Mynd 18 sýnir fjölda notenda á hvern leiðbeinanda fram til 1. apríl 2022, sjá fylgiskjal 13.

Eins og fram kemur á töflunni og myndinni voru frá 0,7 upp í 1,7 notendur á hvern leiðbeinanda, sem skýrist af því að fjöldi starfsmanna er alltaf sá sami en fjöldi notenda er mismunandi. Frá og með 1. apríl var opnunartíminn styttur, sbr. hér að framan.

## Mynd 19: Fjöldi notenda á hvern leiðbeinanda frá og með 1. apríl 2022

| Klukkan | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| 09:00 - 9:30 | 2,5 | 1,3 | 1,3 | 1,7 | 1,3 |
| 09:30 - 10:00 | 1,7 | 1,3 | 1,3 | 1,7 | 1,3 |
| 10:00 - 10:30 | 2,0 | 1,7 | 1,7 | 2,0 | 1,7 |
| 10:30 - 11:00 | 2,0 | 1,7 | 1,7 | 2,0 | 1,7 |
| 11:00 - 11:30 | 2,0 | 2,0 | 1,7 | 2,3 | 1,7 |
| 11:30 - 12:00 | 2,0 | 2,0 | 1,7 | 2,3 | 1,7 |
| 12:00 - 12:30 | 1,7 | 1,7 | 1,3 | 2,0 | 1,3 |
| 12:30 - 13:00 | 0,7 | 1,0 | 0,7 | 1,0 | 0,7 |




Heimild: VISS, Þorlákshöfn

Mynd 19 sýnir fjölda notenda á hvern leiðbeinanda frá og með 1. apríl 2022, sjá fylgiskjal 13.

Eins og fram kemur á myndinni eru 0,7 til 2,5 notendur á hvern leiðbeinanda eftir þessa breytingu.

## Tafla 28: Rekstrargjöld og -tekjur VISS, Þorlákshöfn, árin 2018 til 2021 í þúsundum króna

| | | | | | Hlutfallsleg breyting | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2018-2019 | 2019-2020 | 2020-2021 | 2018-2021 |
| Mánaðarlaun | 11.504 | 11.813 | 12.706 | 14.090 | 2,7% | 7,6% | 10,9% | 22,5% |
| Yfirvinna | 1.596 | 1.370 | 1.246 | 1.524 | -14,2% | -9,0% | 22,3% | -4,5% |
| Álagsvinna | | | | | | | | |
| Veikindalaun | 85 | 171 | 970 | 485 | 101,0% | 466,8% | -50,0% | 469,4% |
| Ógreitt orlof | 299 | | 286 | -65 | -100,0% | | -122,6% | -121,6% |
| Launatengd gjöld | 3.100 | 3.136 | 3.584 | 3.779 | 1,2% | 14,3% | 5,4% | 21,9% |
| Matarkostnaður | 256 | 267 | 305 | 431 | 4,1% | 14,3% | 41,3% | 68,2% |
| Vinnufatnaður | 76 | 76 | 80 | 85 | 0,2% | 4,6% | 6,4% | 11,5% |
| Bifreiðastyrkur | | 4 | | | | | | |
| Annar starfsmanna kostnaður | | | | | | | | |
| **Laun og launatengd gjöld** | **16.916** | **16.837** | **19.178** | **20.329** | **-0,5%** | **13,9%** | **6,0%** | **20,2%** |
| Ritföng, pappír, bréfabindi | 25 | **9** | **17** | **53** | -66,1% | 101,7% | 209,9% | 112,0% |
| Matvæli | 206 | 276 | 211 | 271 | 33,7% | -23,5% | 28,6% | 31,5% |
| Hreinlætisvörur | 60 | 53 | 113 | 59 | -10,6% | 111,3% | -47,8% | -1,4% |
| Rafmagn | | 5 | | | | | | |
| Heitt vatn | | | | | | | | |
| Efniskaup - handavinnuefni | | | | | | | | |
| Önnur vörukaup | 228 | 135 | 119 | 237 | -40,9% | -11,7% | 98,8% | 3,8% |
| **Vörukaup samtals** | **519** | **477** | **460** | **620** | **-8,0%** | **-3,7%** | **34,8%** | **19,4%** |
| Síma og netþjónusta | 164 | 67 | 164 | 140 | -59,3% | 145,1% | -14,4% | -14,7% |
| Risna og gjafir | | | | | | | | |
| Ræstingaþjónusta | | | | | | | | |
| Húsaleiga | 4.060 | 4.170 | 4.281 | 4.461 | 2,7% | 2,6% | 4,2% | 9,9% |
| Hlutdeild í rekstri skrifstofu o.fl. | 200 | 220 | 230 | 240 | 10,0% | 4,5% | 4,3% | 20,0% |
| Viðhald innanstokksmuna | | 40 | 173 | | | 327,5% | -100,0% | |
| Viðhald verkfæra, áhalda og skrifstofuvéla | 10 | | | | -100,0% | | | -100,0% |
| Annað viðhald | | | | | | | | |
| Rekstur bifreiða / án vsk. | | | | | | | | |
| Ábyrgðartryggingar | 28 | **38** | **55** | **55** | 38,2% | 42,2% | 0,7% | 97,8% |
| Námskeiðs- og skólagjöld | | | | | | | | |
| Vöktunarþjónusta | | | | | | | | |
| Losun gáma stofnanna | | | | | | | | |
| Aðkeypt þjónusta | 60 | 68 | 28 | 38 | 13,6% | -59,5% | 38,3% | -36,3% |
| Ýmislegt | 56 | 73 | 118 | 71 | 28,9% | 62,9% | -39,8% | 26,3% |
| **Samtals þjónustugjöld** | **4.579** | **4.677** | **5.047** | **5.005** | **2,1%** | **7,9%** | **-0,8%** | **9,3%** |
| **Gjöld samtals** | **22.014** | **21.991** | **24.685** | **25.953** | -0,1% | 12,2% | 5,1% | 17,9% |
| Rekstrarniðurstaða | 22.014 | 21.991 | 24.685 | 25.953 | -0,1% | 12,2% | 5,1% | 17,9% |
| Fjárhagsáæltun með viðauka | 21.244 | 22.464 | 23.355 | 26.925 | 5,7% | 4,0% | 15,3% | 26,7% |
| Mismunur á áætlun og rekstrarniðurstöðu | -770 | 473 | -1.329 | 972 | | | | |
| Mismunur sem hlutfall af áætlun | 3,6% | | 5,7% | | | | | |
| Launagjöld sem hlutfall af gjöldum samtals | 76,8% | 77% | 77,7% | 78% | | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 14% | 12% | 10% | 11% | | | | |
| Álagsvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | | | | | | | | |
| Veikindalaun sem hlutfall af | 1% | 1% | 8% | 3% | | | | |
| Fjöldi stöðugilda | 2,42 | 2,37 | 2,46 | 2,37 | | | | |

Heimild: Sveitarfélagið Ölfus

Tafla 28 sýnir rekstrargjöld hjá VISS á Þorlákshöfn árin 2018 til 2021.

Launagjöld hækka nokkuð á milli áranna 2019 og 2020, en hækka samtals um 20% á tímabilinu frá 2018 til 2021. Vörukaup hækka um 19% á tímabilinu og þjónustukaup um 18%.

Húsaleiga var 4.461 þúsund krónur árið 2021, eða að meðaltali 371.715 krónur á mánuði. Miðað við uppgefna stærð húsnæðisins sem er 145 $m^2$ gerir þetta 2.564 krónur á hvern fermetra, sem verður að teljast nokkuð há húsaleiga. Einnig í samanburði við húsaleiguna t.d. á Hvolsvelli.

Tvö ár af þessum fjórum voru gjöldin hærri en fjárheimildir sögðu til um.

Launagjöld voru sem hlutfall af gjöldum samtals 77 til 78%. Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum var frá 10% upp í 14%. Veikindalaun sem hlutfall af mánaðarlaunum voru hæst 8% árið 2020 en hin árin 1% og 3%. Stöðugildi voru um 2,4 á tímabilinu.

## VISS, vinnu og hæfingarstöð Flúðum

VISS á Flúðum er með starfsemi í Heimalandi, sem er húsnæði eldri borgara í Hrunamannahreppi og er staðsett á Vesturbrún 20. Húsnæðið er í eigu Hrunamannahrepps og er 192,3 $m^2$ að stærð.

Opnunartíminn er mánudagar og miðvikudagar frá kl. 8:00 – 15:30 og föstudagar frá kl. 8:00 – 13:30. Í Heimalandi hefur VISS sér vinnurými sem eru þrjú misstór herbergi. Deila eldhúsi, salerni og matsal með eldri borgurum sem nota húsnæðið á þriðjudögum og fimmtudögum.

Að undanförnu hefur sveitarfélagið verið að taka húsnæðið í gegn. Einnig hefur aðgengi verið bætt með því að breikka dyr og taka hurðir í burtu. Fyrir utan húsnæðið hefur verið malbikað og þar er hiti til að koma í veg fyrir hálku og snjó.

Tveimur herbergjum hefur verið breytt með því að taka niður veggi og stækka rýmin. Aðstaðan er orðin betri hjá vinnustofunni en var fyrir framkvæmdirnar, en það vantar að bæta loftræstingu og bæta við glugga sem hægt er að opna þar sem smíðaherbergið er, til að fá betri loftgæði. Hafa breytt verkefnum aðeins til að fá meira vinnupláss og hafa t.d. valið að minnka eða jafnvel hætta með kertasmiðjuna til að skapa meira vinnupláss.

Starfseminni er hægt að skipta gróflega niður í eftirfarandi; smíðastofa, kertasmiðja, saumastofa, tæta pappír fyrir einstaklinga og fyrirtæki, tölvuvinna og útivinna þar sem týnt er upp rusl meðfram göngustígum á Flúðum. Einnig hafa verið verkefni við að líma á merkimiða fyrir garðyrkjustöðvar í nágrenninu. Auk ýmissa annarra verkefna.

Rekin er lítil verslun í vinnustofunni þar sem seldir eru ýmsir listmunir sem notendur hafa búið til.

Á VISS á Flúðum vinna tveir leiðbeinendur og fimm notendur. Deildarstjóri vinnur á mánudögum og miðvikudögum frá 8-15 en hinn leiðbeinandinn frá kl. 8:30 -15:30. Á föstudögum er deildarstjóri frá kl. 8:00-12:15 og hinn leiðbeinandinn frá 8:30 – 13:30. Þetta fyrirkomulag hefur hentað vel þar sem deildarstjórinn getur komið fyrst í hús til að undirbúa og skipuleggja vinnudaginn.

Notendur eru að mæta á milli klukkan 8:20 og 10:00 og fara heim á milli klukkan 14:45 og 15:20. Frá kl. 10:00 til 14:45 er því allt starfsfólk á staðnum.

## Mynd 20: Fjöldi notenda á hvern leiðbeinanda

**Fjöldi notenda á hvern leiðbeinanda**

| Klukkan | Mánudagur | Miðvikudagur | Föstudagur |
|---|---|---|---|
| 08:00 - 8:30 | 2 | 2 | 2 |
| 08:30 - 9:00 | 2 | 2 | 2,5 |
| 09:00 - 9:30 | 2 | 2 | 2,5 |
| 09:30 - 10:00 | 2 | 2 | 2,5 |
| 10:00 - 10:30 | 2,5 | 2,5 | 2,5 |
| 10:30 - 11:00 | 2,5 | 2,5 | 2,5 |
| 11:00 - 11:30 | 2,5 | 2,5 | 2,5 |
| 11:30 - 12:00 | 2,5 | 2,5 | 2,5 |
| 12:00 - 12:30 | 2,5 | 2,5 | 2 |
| 12:30 - 13:30 | 2 | 2 | 3 |
| 13:30 - 14:00 | 2 | 2 | |
| 14:00 - 14:30 | 2 | 2 | |
| 14:30 - 15:00 | 1 | 1 | |
| 15:00 - 15:30 | 2 | 2 | |




Heimild: VISS, Flúðum

Mynd 20 sýnir fjölda notenda á hvern leiðbeinanda, sjá fylgiskjal 14.

Eins og fram kemur á töflunni og myndinni voru frá 1 upp í 3 notendur á hvern leiðbeinanda, sem skýrist af því að fjöldi leiðbeinenda (starfsmanna) er alltaf sá sami en fjöldi notenda er mismunandi.

## Tafla 29: Rekstrargjöld VISS, Flúðum, árin 2018 til 2021 í þúsundum króna

| | | | | | Hlutfallsleg breyting | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2018-2019 | 2019-2020 | 2020-2021 | 2018-2021 |
| Mánaðarlaun | 3.954 | 4.638 | 5.465 | 8.439 | 17,3% | 17,8% | 54,4% | 113,4% |
| Yfirvinna | | | 276 | 828 | | | 200,0% | |
| Ógreitt orlof | 499 | 565 | 719 | 1.180 | 13,2% | | 64,1% | 136,5% |
| Launatengd gjöld | 1.096 | 1.254 | 1.550 | 2.488 | 14,4% | 23,6% | 60,5% | 127,0% |
| Annar starfsmanna kostnaður | | | | 18 | | | | |
| **Laun og launatengd gjöld** | **5.549** | **6.457** | **8.010** | **12.953** | **16,4%** | **24,1%** | **61,7%** | **133,4%** |
| Matvæli | | | | 167 | | | | |
| Önnur vörukaup | | | 8 | 344 | | | | |
| **Vörukaup samtals** | **0** | **0** | **8** | **511** | | | **6287,5%** | |
| Síma og netþjónusta | | | | 27 | | | | |
| Húsaleiga | | | | 960 | | | | |
| Ýmislegt | | | | 28 | | | | |
| **Samtals þjónustugjöld** | **0** | **0** | **0** | **1.015** | | | | |
| **Gjöld samtals** | **5.549** | **6.457** | **8.018** | **14.479** | 16,4% | 24,2% | 80,6% | 160,9% |
| Rekstrarniðurstaða | 5.549 | 6.457 | 8.018 | 14.479 | 16,4% | 24,2% | 80,6% | 160,9% |
| Fjárhagsáætlun með viðauka | 3.800 | 6.400 | 6.400 | 10.200 | 68,4% | 0,0% | 59,4% | 168,4% |
| Mismunur á áætlun og rekstrarniðurstöðu | -1.749 | -57 | -1.618 | -4.279 | | | | |
| Mismunur sem hlutfall af áætlun | 46,0% | 0,9% | 25,3% | 42,0% | | | | |
| Launagjöld sem hlutfall af gjöldum samtals | 100% | 100% | 100% | 89% | | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | | 0% | 5% | 10% | | | | |
| Álagsvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | | | | | | | | |
| Veikindalaun sem hlutfall af | | | | | | | | |
| Fjöldi stöðugilda | 0,75 | 0,75 | 1,2 | 1,2 | | | | |

Heimild: Hrunamannahreppur

Tafla 29 sýnir rekstrargjöld hjá VISS á Flúðum árin 2018 til 2021.

Launagjöld hækka nokkuð mikið á milli ára, en hækkuðu samtals um 133% á tímabilinu frá 2018 til 2021. Þetta gerist þrátt fyrir að stöðugildin hafi verið óbreytt árin 2018, 2019 og 2020 skv. upplýsingum frá Hrunamannahreppi.

Öll árin voru gjöld hærri en fjárheimild sagði til um. Mestu umfram útgjöldin voru árið 2018 eða 46% og 42% árið 2021.

Launagjöld voru sem hlutfall af gjöldum voru samtals 100% öll árin nema 2021 þegar þau voru 89%. Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum var 5% árið 2020 og 10% árið 2021. Engin yfirvinna var árin 2018 og 2019.

## Biðlisti eftir búsetu í sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk

Vallholt 9 er herbergjasambýli og búa þar fimm notendur. Á biðlista eftir sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk, og eru með almenn framlög, eru 13 notendur (september 2022). Jafnframt eru þrír sem eru í búsetu en óska eftir milliflutningi.

Stefna stjórnvalda er að leggja niður herbergjasambýli. Að teknu tilliti til þess er samtals 21 notandi í bið eftir einstaklingsíbúð í sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk. Ef gert er ráð fyrir að byggja íbúðakjarna með 6 til 7 íbúðum er um að ræða 3 til 4 íbúðakjarna sem þarf að byggja til að eyða biðlista notenda sem fylgja almenn framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Hér hefur ekki verið skoða hvort til greina komi að breyta búsetu notenda á Sólheimum og Skaftholti.

### Tafla 30: Staðan í búsetumálum fatlaðs fólks á landsvísu

| Þjónustusvæði um málefni fatlaðs fólks | Fjöldi fatlaðra í sértæku húsnæðisúrræði | Fjöldi íbúa í herbergjasambýlum | Fjöldi búsetukjarna | Fjöldi íbúa í búsetukjörnum | Fjöldi fatlaðs fólks á biðlista | Þar af á hjúkrunarheimili eða | Á biðlista en ekki með lögheimili í sveitarfélaginu | Í herbergjasambýli og á biðlista |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | 462 | 60 | 48 | 291 | 135 | | | |
| Seltjarnarneskaupstaður | 5 | 0 | 1 | 4 | 4 | | | |
| Kópavogsbær | 52 | 17 | 5 | 35 | 19 | | | |
| Garðabær | 19 | 13 | 1 | 6 | 19 | | | |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 65 | 20 | 7 | 44 | 39 | | | |
| Mosfellsbær og Kjósahreppur | 47 | 26 | 4 | 21 | 12 | | | |
| Reykjanesbær | 17 | 0 | 2 | 15 | 10 | | | |
| Grindavíkurbær | 6 | 0 | 1 | 6 | 1 | | | |
| Suðurnesjabær | 6 | 0 | 1 | 6 | 8 | | | |
| Akraneskaupstaður | 16 | 0 | 3 | 16 | 18 | | | |
| Hvalfjarðarsveit | 3 | 0 | 1 | 3 | 0 | | | |
| Borgarbyggð, Dalir og Skorradalur | 10 | 0 | 1 | 9 | 0 | | | |
| Snæfellsnes | 5 | 0 | 1 | 5 | 4 | | | |
| Vestfirðir | 10 | 0 | 3 | 10 | 0 | | | |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | 21 | 9 | 3 | 12 | 0 | | | |
| Norðurþing | 3 | 4 | 0 | 0 | 9 | | | |
| Fjallabyggð | 15 | 4 | 1 | 6 | 1 | | | |
| Dalvíkurbyggð | 11 | 0 | 3 | 11 | 2 | | | |
| Eyjafjörður | 77 | 14 | 11 | 63 | 18 | | | |
| Austurland | 23 | 0 | 6 | 23 | 0 | | | |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | | |
| Suðurland | 25 | 5 | 4 | 20 | 24 | | | |
| Vestmannaeyjarbær | 7 | 0 | 1 | 7 | 0 | | | |
| Skaftholt | 8 | 7 | | | | | | |
| Sólheimar | 45 | 14 | 3 | 8 | | | | |
| **Samtals** | **958** | **193** | **111** | **621** | **323** | **5** | **42** | **30** |

Heimild: Skýrsla starfshóps um heildarendurskoðun á lögum nr. 38/2018

Tafla 30 sýnir stöðu í búsetumálum fatlaðs fólks sem starfshópur, sem fyrrverandi félags- og barnamálaráðherra skipaði um heildarendurskoðun á lögum nr. 38/2018, tók saman og birtist í skýrslu starfshópsins. Staðan var tekin í september 2021.

Eins og fram kemur í töflunni var sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk samtals fyrir 958 notendur. Þar af voru 111 notendur í búsetukjörnum, þ.e. einstaklingsíbúðum. Af samtölunni í sértæku húsnæði voru 78 á þjónustusvæði Bergrisans, eða 8,1%, sem er nokkuð hátt hlutfall. Af þessum notendum voru 53 samtals á Sólheimum og Skaftholti.

Í herbergjasambýlum voru 193 notendur samtals. Þar af voru 26 á Suðurlandi, eða 13,5% af þeim notendum sem voru í herbergjasambýlum. Hér vega Sólheimar og Skaftholt nokkuð þungt þar sem voru á þessum tíma 21 í herbergjasambýlum.

Samkvæmt því sem fram kemur í töflunni voru samtals 24 á bið eftir sértæku húsnæði á þjónustusvæði Bergrisans í september 2021. Um er að ræða bæði þá sem eru með almenn framlög og þeir sem eru ekki með framlög.

# Tillögur

## 1. Stuðningsþjónusta

**Lagt er til að Bergrisinn beiti sér fyrir því við félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga að vinna markvisst að því að setja skýran ramma um framkvæmd stuðningsþjónustu skv. 7. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 1991/40.**

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sett af stað aðgerðaráætlun sem miðar að því að skilgreina með nákvæmari hætti hvaða kröfur eru settar á sveitarfélög þegar kemur að stuðningsþjónustu og hvaða viðmið eiga að liggja til grundvallar um þjónustu sem á að vera allt að 15 klst. á viku. Hér ber að leggja áherslu á fjármögnun  stuðningsþjónustu vegna einstaklinga sem fá þjónustu á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og eru með SIS mat í flokki 5 og hærra.

## 2. Fjármögnun stuðningsþjónustu

**Lagt er til að Bergrisinn beiti sér fyrir því að framkvæmt verði kostnaðarmat á stuðningsþjónustu sveitarfélaga með vísan til 7. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 1991/40, þegar niðurstaða liggur fyrir um ramma utan um framkvæmd á stuðningsþjónustu.**

Fram til þessa hefur meirihluti sveitarfélaga ekki veitt stuðningsþjónustu á vegum félagsþjónustu sveitarfélaganna (skv. lögum nr. 1991/40), þegar kemur að þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Um er að ræða einstaklinga sem fá sólarhringsþjónustu hjá sveitarfélögum og eru í SIS mats flokki 5 og yfir. Gerður var samningur milli ríkis og sveitarfélaga um að þjónusta við þá einstaklinga yrði fjármögnuð í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Önnur þjónusta, t.d. við einstaklinga sem flokkast í SIS flokk 3 (er í dag 4 flokkur og neðar) og neðar, átti m.a. að fjármagnast með 0,25% útsvari sveitarfélaganna.

Á undanförnum árum hefur þjónusta sem skylt er að veita skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga aukist. Framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna einstaklinga sem falla undir SIS flokk 4 miðast ekki lengur við þann flokk og ofar heldur 5 flokk og ofar. Fram hafa komið vísbendingar um auknar kröfur á hendur sveitarfélögunum um að veita stuðningsþjónustu, í samræmi við 26. gr. laga nr. 1991/40, vegna einstaklinga sem fá þjónustu á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Á sama tíma, þegar kröfur til félagsþjónustu sveitarfélagana vegna fatlaðs fólks hafa aukist, sbr. stuðningsþjónusta og 4 flokkur SIS mats, þá hefur útsvarshlutur sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks staðið óbreyttur í 0,25%.

## 3. Þjónustuáætlanir

**Lagt er til að einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir verði gerðar með hliðsjón af mati á þjónustuþörf skv. SIS mati viðkomandi einstaklinga.**

Hér er lagt til og lögð áhersla á að þjónustuáætlanir séu gerðar með hliðsjón af mati á þjónustuþörf skv. SIS mati viðkomandi og/eða þessar áætlanir bornar saman.

Í 7. gr. reglugerðar um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu, nr. 1054/2010 með síðari breytingum, er fjallað um einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir. Þar er m.a. lögð áhersla á að endurskoða

áætlanir með tilliti til þarfa viðkomandi. Lagt er til við endurskoðun þjónustuáætlana, að hafa þarf til hliðsjónar SIS mat viðkomandi. Leiði endurskoðun þjónustuáætlunar í ljós aukna þjónustuþörf en SIS mat segir til um er nauðsynlegt að endurskoða þjónustuáætlunina af t.d. næsta yfirmanni. Þetta verði einnig gert þegar um nýjan þjónustuþega er að ræða. Leiði sú niðurstaða til óbreyttrar áætlunar er mælst til þess að fá nýtt SIS mat fyrir viðkomandi. Einnig er lögð áhersla á, ef sá möguleiki er fyrir hendi, að bera saman þjónustuáætlanir þjónustuþega sem hafa sambærilega þjónustuþörf.

Jafnframt verði því fylgt eftir að endurmat á SIS mati fari fram með reglulegu millibili. Það verði ekki sjaldnar en á 8 til 12 ára millibili.

Framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga taka m.a. mið af SIS mati viðkomandi. Ef þjónustuáætlun byggir á meiri þjónustu en SIS mat gefur tilefni til aukast líkur á að framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga dugi ekki fyrir útgjöldum við þá þjónustu. Samhliða þessu verði fjöldi stöðugilda í búsetukjörnum/sambýlum tekinn til skoðunar.

## 4. Matsnefnd

**Lagt er til að athugað verði með að skipa starfshóp/-nefnd sem fjalli um þau tilfelli þar sem lagt er til að þjónusta verði meiri en SIS mat segir til um.**

Hér er lagt til og lögð áhersla á að þjónustuáætlanir séu gerðar með hliðsjón af SIS mati og þessar áætlanir bornar saman. Komi til þess að þjónustuáætlun geri ráð fyrir meiri þjónustu en SIS mat segir til um og ekki verði hjá því komist verði starfandi sérstakur starfshópur sem metur hvort veitt sé þjónusta umfram það sem SIS matið kveður á um, ef um það er að ræða og ekki fæst leiðrétting á SIS mati. Verði það niðurstaða starfshópsins að veita meiri þjónustu en SIS mat kveður á um verði fjallað um það í stjórn Bergrisans.

## 5. Skipulag þjónustu

**Lagt er til að uppbygging á búsetuþjónustu til framtíðar litið taki mið af álíka þjónustuþörfum þjónustuþega hvað búsetu varaðar.**

Dæmi eru um þjónustuþega í búsetuþjónustu þar sem t.d. sólarhringsþjónusta er veitt en viðkomandi hafa ekki SIS mat eða eru í SIS mats flokki þar sem ekki er gert ráð fyrir sólahringsþjónustu. Mikill munur er í sumum tilfellum á þjónustuþörf þeirra sem búa í sama/sömu búsetukjörnum sem leiðir til óhagkvæmni í rekstri starfseminnar. Þar af leiðandi eru auknar líkur á að þjónustuþegi fái meiri þjónustu en þörf er á og togstreita getur myndast milli þjónustuþega og starfsmanna er varðar það að sumir þjónustuþegar fá meiri stuðning en aðrir sem eru í lægri SIS flokki.

Hafa ber einnig í huga að eitt af markmiðum laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er að skapa viðkomandi skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum. Ætla má að mögulegt sé, ef einstaklingur fær þjónustu umfram það sem metið er að viðkomandi þurfi, geti það leitt til þess að hann verði háður þjónustunni, sem er þá ekki í samræmi við markmið framangreindra laga.

## 6. Húsaleiga

**Lagt er til að við útreikning á húsaleigu verði stuðst við 5. gr. reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016 með breytingum sem gerðar hafa verið.**

Með vísan til 5. gr. a og b liðar reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016 með breytingum sem gerðar hafa verið, verði gert ráð fyrir að leigjandi í búsetukjarna eða herbergjasambýli greiði leigu fyrir sitt sérrými og að auki hlutdeild í leigu fyrir sameiginlegt rými.

Dugi leigutekjur, sem eru undir markaðsleigu eða leigu á félagslegu húsnæði, ekki til að standa undir rekstri viðkomandi leiguhúsnæðis er það félagsþjónustu sveitarfélagsins að bera. Hins vegar falli kostnaður við rekstur þess hluta húsnæðis, sem ætlað er fyrir starfsmenn og til að veita sérhæfða þjónustu við íbúa, sem gjöld á málaflokk fatlaðs fólks.

Í a og b lið í 5. gr. reglugerðar varðandi húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016 segir eftirfarandi m.a.:

> Kostnaðarhlutdeild þjónustuaðila og íbúa vegna húsaleigu skiptist með eftirfarandi hætti:
>
> a. Sú leiga sem íbúi greiðir er fyrir afnot af einkarými og hlutdeild í sameiginlegu rými í hlutfalli við fjölda íbúa. Teljist starfsmannaaðstaða jafnframt til sameiginlegs rýmis skal leggja þann fjölda starfsmanna sem eru venjulega á vakt hverju sinni við fjölda íbúa þegar hlutfall er reiknað.
>
> b. Aukarými vegna fötlunar, svo sem starfsmannaaðstaða, og önnur aukin þörf á rými vegna sérstaks húsnæðisúrræðis, greiðist af þjónustuaðila, eftir atvikum samkvæmt sérstökum samningi við umráðaaðila húsnæðis.

Hér er lagt til að stuðst verði við framangreint reglugerðarákvæði við útreikning á húsaleigu vegna búsetuúrræðis fyrir fatlað fólk.

Eins og fram kemur hér að framan getur verið nokkur munur á því hvað notendur greiða í húsaleigu. Leggja ber áherslu á að stuðst sé við samræmdar reglur hvað þetta varðar.

## 7. Leiga og endurleiga á íbúðum/herbergjum

**Lagt er til að Bergrisinn fylgi þeirri stefnu að notendur sem leigjendur geri leigusamning við viðkomandi leigusala í stað þess að gjaldfæra og tekjufæra leiguna á viðkomandi rekstrarlið.**

Hér er lagt til að Bergrisinn fylgi þeirri stefnu að hver þjónustuþegi geri beint leigusamning við viðkomandi leigusala.

Með þessu fyrirkomulagi má ætla að með því dragi úr utanumhaldi vegna viðkomandi leigusamninga hjá Bergrisanum og einnig má ætla að aukinn kostnaður geti fylgt því að fara með leiguna sem tekju- og útgjaldalið í málaflokknum.

## 8. Húsaleigusamningar

**Lagt er til að við gerð húsaleigusamninga við notendur verði stuðst við ákvæði 5. gr. reglugerðar varðandi húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016 með síðar breytingum.**

Ákvæðið hljóðar sem hér segir:

> Þegar þjónustuaðili tryggir fötluðu fólki húsnæðisúrræði skal gerður húsaleigusamningur um afnotin. Húsaleigulög gilda um form og efni samningsins. Húsaleigusamningur skal jafnframt staðfestur af þjónustuaðila.

> Þegar húsaleigusamningur er gerður eða endurskoðaður skal fjárhæð leigu ákveðin í samræmi við reglur um félagslegt leiguhúsnæði í viðkomandi sveitarfélagi. Um breytingar á leigufjárhæð fer einnig samkvæmt þeim reglum nema sérstaklega sé kveðið á um aðra skipan í samningnum sjálfum eða í reglugerð þessari.

Kostnaður sem fellur til umfram þá leigu, sem innheimt er af þjónustuþega skv. framanrituðu, verði ekki gjaldfærður sem kostnaður vegna málefna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir.

## 9. Húsgögn og búnaður

**Lagt er til, þegar það á við, að leigjendur taki þátt í endurnýjun á húsgögnum og búnaði með vísan til 6. gr. reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016.**

Með vísan til 6. gr. reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016 skal öll endurnýjun á húsgögnum og búnaði, sem ekki telst hluti af fasteigninni sjálfri og ætluð er til sameiginlegra nota íbúa, greiðast af íbúunum sjálfum, enda greiði þeir ekki fyrir sambærilegan búnað eða tæki í sínu einkarými. Þetta á m.a. við húsgögn og búnað í sameiginlegu rými. Sem dæmi má nefna að ef íbúar nýta saman þvottavél og þurrkara þá deili þeir með sér kostnaði við endurnýjun slíkra tækja.

6. gr. reglugerðar nr. 370/2016 varðandi framanritað hljóðar sem hér segir:

> Stofnkostnaður vegna húsbúnaðar í sameiginlegu rými, þar sem við á, skal greiddur af þjónustuaðila svo og eðlilegt viðhald búnaðar í starfsmannaaðstöðu.
>
> Leigjandi skal greiða sinn hluta í endurnýjun húsbúnaðar og heimilistækja í sameiginlegu rými enda greiði hann ekki fyrir sambærilegan búnað eða tæki í sínu einkarými.

Af þessu má ljóst vera að ef sveitarfélag tekur ákvörðun um að innheimta ekki vegna endurnýjunar á búnaði skv. framanrituðu skal sá kostnaður ekki falla á málaflokk fatlaðs fólks. A.m.k. þegar málflokkurinn er gerður upp skulu þau útgjöld dregin frá.

## 10. Annar rekstrarkostnaður húsnæðis

**Lagt er til að stuðst verði við 6. gr. reglugerðar nr. 370/2016 við útreikning á hlutdeild leigjenda í öðrum rekstrarkostnaði húsnæðis.**

Hér er lagt til að lögð verði áhersla á að íbúar greiði hlutdeild í öðrum rekstrarkostnaði, svo sem vegna rafmagns og hita, þannig að þeir greiði í hlutfalli við stærð einkarýmis af heildarrými húsnæðis og af rými sem notast sameiginlega af íbúum í hlutfalli við fjölda íbúa og starfsmanna, þar sem það á við, svo sem ef starfsmannarými er hluti af sameiginlegu rými íbúa.

Á málaflokkinn falli kostnaður vegna starfsmannaaðstöðu og sérhæfðs þjónusturýmis í hlutfalli við heildarrými húsnæðis. Að auki falli kostnaður vegna aðstöðu fyrir starfsmenn á málaflokkinn. Ef aðstaðan er einnig sameiginlegt rými fyrir íbúa þá í hlutfalli við fjölda starfsmanna við vinnu af samanlögðum fjölda starfsmanna við vinnu og fjölda íbúa.

Varðandi viðhald hins leigða húsæðis gilda ákvæði húsnæðislaga. Viðhaldskostnaður húsnæðis á ekki að falla á málaflokk fatlaðs fólks.

## 11. Fæðiskostnaður

**Lagt er til að fylgt verði þeirri megin stefnu að starfsmaður borði ekki með notendum. Í þeim**

**tilfellum þar sem það er hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun, þá borði starfsmaður með notanda.**

Mikilvægt er að leggja áherslu á að starfsmaður borði ekki með notanda almennt nema það sé hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun og að það sé með samþykki notandans. Fyrir suma notendur er að elda og borða með einhverjum mikilvægur þáttur í þeirri þjónustu sem viðkomandi notandi fær. Því ber að fylgja eftir. Leggja ber áherslu á að notandinn beri ekki kostnað af matarkaupum vegna starfsmannsins.

## 12. Kostnaður vegna viðburða

**Lagt er til að Bergrisinn fylgi því eftir að tillögum[10] starfshóps fyrrverandi félags- og barnamálaráðherra um heildarendurskoðun á lögum nr. 38/2018 varðandi kostnað vegna fylgdarmanns á viðburði o.s.frv. nái fram að ganga. Jafnframt verði þeirri reglu fylgt hjá Bergrisanum að notandi beri ekki kostnað vegna fylgdarmanns.**

Hér er lagt til að Bergrisinn fylgi því eftir að tillögum starfshóps fyrrverandi félags- og banamálaráðherra varðandi kostnað vegna fylgdarmanna á viðburði o.s.frv. nái fram að ganga (sjá bls. 38 og 39 í skýrslu starfshópsins).

Jafnframt verði tryggt að notandi beri ekki kostnað vegna fylgdarmanns. Til að framfylgja því gefi Bergrisinn út ákveðna reglur um hvernig það verði í framkvæmd.

## 13. Óregluleg útgjöld, óvenjuleg útgjöld

**Lagt er til að þeirri megin reglu verði fylgt að falli til kostnaður sem rekja má til stjórnsýslu viðkomandi sveitarfélags verði hann ekki gjaldfærður á málaflokk fatlaðs fólks.**

Kostnaður sem fellur til vegna reksturs málaflokksins, svo sem bótagreiðslur, sem rekja má til stjórnsýslu viðkomandi sveitarfélags, á ekki að falla sem kostnaður á málaflokk fatlaðs fólks. Hins vegar má ætla að mál geti komið upp þar sem álitamál getur verið hvernig eigi að gjaldfæra. Fjalla þarf sérstaklega um þau mál.

## 14. Íbúasjóður

**Lagt er til að ákvæði 7. gr. reglugerðar nr. 370/2016 varðandi íbúasjóð verði fylgt í hvívetna.**

Lögð er áhersla á að ákvæði 7. gr. reglugerðar nr. 370/2016 varðandi íbúasjóð verði fylgt. Þar segir m.a. um uppgjör á íbúasjóði:

> Íbúasjóður skal gerður upp um hver áramót og íbúum endurgreitt sé rekstrarafgangur umfram 3% af þeirri heildarfjárhæð sem lögð hefur verið í sjóðinn á árinu. Framlög í íbúasjóð skulu endurskoðuð árlega með hliðsjón af rekstri sjóðsins. Þjónustuaðili ber ábyrgð á að haldið sé yfirlit yfir rekstur sjóðsins og ársreikningum skilað. Þjónustuaðili skal að minnsta kosti einu sinni á ári boða íbúa eða talsmenn þeirra til fundar til að gera grein fyrir stöðu sjóðsins og ákvörðunum sem taka þarf um sameiginlegan rekstur.

[10] https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/Sk%C3%BDrsla%20starfsh%C3%B3ps%20um%20heildarendursko%C3%B0un%2038-2018.pdf

Íbúar eða umboðsmenn þeirra skulu hafa eftirlit með rekstri sjóðsins og taka ákvörðun um framlög í sjóðinn ásamt þeim starfsmanni þjónustuaðila sem veitt hefur verið umboð við rekstur íbúasjóðsins.

Leitast verði við að koma upp samræmdu bókhaldskerfi vegna íbúasjóða og hússjóða. Settar verði reglur um hvernig með þessi mál verði farið hjá sveitarfélaginu. Endurskoðandi yfirfari allt bókhald vegna íbúasjóða og hússjóða.

Lögð skal áhersla á að íbúar eða umboðsmenn þeirra hafi eftirlit með rekstri þessara sjóða og taki ákvörðun um framlög í sjóðinn ásamt þeim starfsmanni þjónustuaðila sem veitt hefur verið umboð til að sjá um rekstur íbúasjóðsins

Telja verður eðlilegt að í þeim tilfellum, þar sem sveitarfélögin taka að sér fjármál notenda, að þá sé tekin þóknun fyrir þá þjónustu af viðkomandi.

## 15. Fjárheimild

**Lagt er til að lögð verði áhersla á að ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 hvað fjárhagsáætlanir og þá fjárheimildir varðar verði fylgt í hvívetna.**

Sveitarstjórnarlög eru alveg skýr um það að óheimilt er að víkja frá fjárheimild í fjárhagsáætlun nema liggi fyrir samþykktur viðauki af sveitarstjórn/sveitarstjórnum. Leggja ber áherslu á að virðist sem fjárheimild skv. fjárhagsáætlun dugi ekki til að standa undir gjöldum skal leita heimildar til aðildarsveitarfélaga Bergrisans áður en til útgjalda er stofnað, þ.e. lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun. Annað er hreinlega brot á sveitarstjórnarlögum. Lög verði rík áhersla á það við forstöðumenn að óheimilt er að stofna til útgjalda umfram fjárheimild skv. fjárhagsáætlun nema að viðauki hafi verið lagður fram og samþykktur.

## 16. Skjalavarsla

**Lagt er til að lögð verði áhersla á að efla skjalavörslu Bergrisans.**

Við vinnslu þessa verkefnis komi í ljós að oft á tíðum var erfitt að fá fram gögn sem tengdust verkefninu sem rekja má til þess að skjalavarsla hefur ekki verið eins og best verður á kosið. Mikilvægt er, í ljósi umfangs reksturs Bergrisa, að allar upplýsingar og ákvarðanir verði varðveittar með skilvirkum hætti til að tryggja gott aðgengi að þeim síðar meir.

## 17. Bókhaldsgögn

**Lagt er til að aðildarsveitarfélögin samræmi færslu bókahalds sem tengist rekstri Bergrisans.**

Við vinnslu verkefnisins var ljóst að nokkra vinnu þurfti að leggja í að samræma upplýsingar og kalla þær fram. Lagt er til að þetta verði skoðað og gert þannig að hægt sé að kalla fram upplýsingar úr bókhaldi sveitarfélaganna á auðveldan og skjótan hátt.

Benda má á þátt eins og t.d. yfirvinnu. Upplýsingar varðandi yfirvinnu voru veittar þannig að um var að ræða safnlið yfir unna yfirvinnu, fasta yfirvinnu, álagsgreiðslur o.s.frv.

## 18. Rafrænir reikningar

**Lagt er til að reikningagerð á Bergrisann verði rafræn og ekki verði tekið við reikningum á annan hátt.**

Mikil hagræðing fæst með því að taka við reikningum rafrænt og hætta að taka við reikningum á pappír. Slík fyrirkomulag, þ.e. að taka við reikningum á pappír, kallar á að það þarf að skanna viðkomandi reikning, slá inn dagsetningu, kennitölu kröfuhafa, upphæð samnings o.s.frv. Ef reikningar eru rafrænir þarf eingöngu að samþykkja viðkomandi reikning og skrá viðkomandi bókhaldslykil.

Hér er lagt til að Bergrisinn taki upp þetta fyrirkomulag.

## 19. Stöðugildi

**Lagt er til að nákvæm skrá verði haldin um fjölda stöðugilda á hverri starfsstöð.**

Við vinnslu verkefnisins kom í ljós að þetta hefur ekki verið gert þrátt fyrir að laun og launatengd gjöld voru um 90% af útgjöldum flestra starfsstöðva í málaflokknum. Þegar þessar upplýsingar liggja ekki fyrir er hætta á að stöðugildum fjölgi án þess að spurt sé af hverju þurfi að fjölga þeim. Lögð er áhersla á að þetta verði gert við vinnslu fjárhagsáætlunar á hverju ári. Í greinargerð með fjárhagsáætlun komi fram upplýsingar um fjölda stöðugilda t.d. síðustu fimm ár fyrir hverja starfsstöð.

## 20. Fjölgun stöðugilda

**Lagt er til að ef komi fram ósk um fjölgun stöðugilda þá verði lagður fram rökstuðningur fyrir því sem síðan mannauðsstjóri og fjármálastjóri Árborgar fari yfir og meti og geri tillögu um hvort fallist verði á óskina eða henni hafnað.**

Leggja ber áherslu á að fram fari skoðun á því hvort fallast eigi á fjölgun stöðugilda sé þess óskað. Lagður verði fram sérstakur rökstuðningur fyrir óskinni sem síðan mannauðsstjóri og fjármálastjóri Árborgar meti og geri tillögu um hvort fallist verði á óskina eða henni hafnað.

Þessi tillaga er hér m.a. sett fram með hliðsjón af því að á undanförnum árum hefur stöðugildum farið nokkuð fjölgandi hjá Bergrisanum.

Lögð er áhersla á að áður en erindið fer til framangreindra fjalli þjónusturáð um viðkomandi stöðugildi eins og nú er. Erindið fari síðan til endanlegrar afgreiðslu hjá stjórn Bergrisans.

## 21. Samþykktir Bergrisans

**Lagt er til að samþykktir Bergrisans verði uppfærðar miðað við þær breytingar sem orðið hafa frá því að þær voru samþykktir og lögin nr. 38/2018 tóku gildi.**

Mikilvægt er að gerðar séu breytingar á samþykktum á hverjum tíma með hliðsjón af breytingum sem gerðar hafa verið á stjórnsýslu Bergrisans. Má þar sem dæmi nefna að kveðið verði á um starf verkefnastjóra í samþykktum Bergrisans o.s.frv.

## 22. Erindisbréf Þjónusturáðs

**Lagt er til að erindisbréf þjónusturáðs verði samþykkt með vísan til samþykkta Bergrisans.**

Mikilvægt er að í gildi sé erindisbréf þjónusturáðs i samræmi við samþykktir Bergrisans.

## 23. Þjónustusamningar sveitarfélaga um málefni fatlaðs fólks

**Lagt er til að gengið verði frá þjónustusamningum aðildarsveitarfélaganna eins og kveðið er á um í 3. gr. a) í samþykktum Bergrisans.**

Eins og komið hefur fram hér að framan fundust þjónustusamningar aðildarsveitarfélaganna, skv. 3. gr. a) ekki þegar skýrsluhöfundar óskuðu eftir þeim. Hins vegar var sendur samningur á aðildarsveitarfélögin til samþykktar á árinu 2019. Samningurinn hefur ekki verið undirritaður, sjá fylgiskjal 1. Ekki lágu fyrir upplýsingar um hvort samningar skv. a lið hafi verið gerðir við stofnun Bergrisans eins og kveðið er á um í 3. gr.

## 24. Framkvæmdir

**Lagt er til að gert verði ráð fyrir því í samningum við aðildarsveitarfélögin að umhverfissvið þeirra komi til ráðgjafar þegar byggingarframkvæmdir eru í undirbúningi og á framkvæmdatíma hjá Bergrisanum eða sjálfseignastofnunum tengdum Bergrisanum.**

Mikilvægt er að verkefnastjóri geti leitað aðstoðar umhverfissviða aðildarsveitarfélaganna við undirbúning og á byggingartíma þegar framkvæmdir standa yfir tengdum Bergrisanum.

## 25. Stjórn Bergrisans

**Lagt er til að stjórn Bergrisans verði skipuð fimm fulltrúum í stað þriggja eins og nú er og jafnmörgum til vara.**

Hér er lagt til að fjölgað verði um tvo í stjórn Bergrisans. Þannig að stjórnin verði skipuð fimm fulltrúum. Er það gert með hliðsjón af því að hér er um að ræða umfangsmikla þjónustu af hálfu aðildarsveitarfélaganna og því mikilvægt að fjölmennustu sveitarfélögin, þ.e. Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus eigi einn fulltrúa hvert og síðan eigi sveitarfélögin í uppsveitum og Flóa og austan Þjórsár sinn fulltrúa hvort. Þessi skipan komi fram í samþykktum Bergrisans, þ.e. þrjú fjölmennustu sveitarfélögin eigi sinn fulltrúa hvert og sveitarfélögin í uppsveitum og Flóa og austan Þjórsá eigi sinn hvorn fulltrúann.

Með þessu verður reynt að tryggja að fleiri fulltrúar sveitarfélaganna komi að ákvörðunum og tillögugerða varðandi málefni þau sem Bergrisinn fer með fyrir hönd aðildarsveitarfélagamma.

## 26. Stjórnskipurit Bergrisans

**Lagt er til að verkefnastjóri hafi daglega yfirumsjón með rekstri og stjórnsýslu Bergrisans í umboði stjórnar. Skipurit fyrir Bergrisans verði eins og fram kemur á fylgiskjali 10.**



Samkvæmt þessari tillögur felur stjórn Bergrisans verkefnastjóra að annast framkvæmd ákvarðana stjórnar og verkefni Bergrisans. Hann hafi þjónusturáð til halds og traust við framkvæmdina.

Verkefnastjóri verði æðsti yfirmaður varðandi verkefni Bergrisans. Hann skal sjá um að stjórnsýsla Bergrisans samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum stjórnar.

Hver rekstrareining heyri undir viðkomandi forstöðumann hjá Sveitarfélaginu Árborg, Sveitarfélaginu Ölfus, Hveragerðisbæ, félagsmálastjóra Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu og viðkomandi forstöðumann hjá byggðasamlagi skóla- og velferðarþjónustu uppsveita og Flóa. Verkefnastjórinn er ekki næsti yfirmaður þessara stjórnenda. Þeir skulu hafa fullt samráð við verkefnastjórann varðandi rekstur og þjónustu þeirra rekstrareininga sem undir þá heyra varðandi þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Verkefnastjórinn skal gæta þess að samræmis gæti á milli rekstrareininga bæði hvað rekstur og þjónustu varðar.

Samskipti við rekstraraðila Sólheima og Skaftholts annist verkefnastjóri. Framangreindir forstöðumenn verða næstu yfirmenn forstöðumanna þeirra starfsstöðva sem undir þá heyra. Þeir sitji jafnframt í þjónusturáði ásamt verkefnastjóra.



Jafnframt er lagt til að skoðað verði hvort til greina komi að allar rekstareiningar og þá forstöðumenn þeirra heyri beint undir verkefnastjóra Bergrisans. Þannig að skipuritið verði eins og fram kemur á fylgiskjali 11.

## 27. Þjónusturáð

**Lagt er til að fjölgað verði um tvo fulltrúa í þjónusturáði. Þannig að þjónusturáð verði skipað fimm fulltrúum.**

Þessi tillaga er sett fram með hliðsjón af því stjórnskipulagi sem er að eiga sér stað á starfssvæði Bergrisans. Forstöðumenn yfir þjónustu við fatlað fólk í fjölmennustu sveitarfélögunum þremur sitji allir i þjónusturáð ásamt forstöðumönnum yfir þjónustunni hjá sveitarfélögum uppsveita og Flóa og austan Þjórsár. Þetta verði jafnframt skoðaða hvað varðar fagteymi, þ.e. hvort til greina komi að fjölga í því.

## 28. Samráðshópar

**Lagt er til að starfandi verði tveir samráðshópar annars vegar hópur skipaður forstöðumönnum í búsetukjörnum og skammtímadvöl og hins vegar hópur skipað forstöðumönnum á VISS.**

Lagt er til að starfandi verði tveir samráðshópar annars vegar hópur skipaður forstöðumönnum í búsetukjörnum og skammtímadvöl og hins vegar hópur forstöðumanna í VISS. Gert verið erindisbréf fyrir hvorn hóp fyrir sig.

Gert verði ráð fyrir að fagteymin geti einnig fundað saman.

### 29. Ársreikningur Bergrisans

**Lagt er til að ársreikningur Bergrisans verði settur þannig fram að fram komi skýrt á rekstraryfirliti hver afkoman var miðað við lögbundnar tekjur ásamt viðbótargreiðslum frá öðrum en aðildarsveitarfélögunum.**

Lögð er áhersla á að ársreikningur Bergrisans sýni skýrt hver rekstrarniðurstaðan var miðað við lögbundnar tekjur ásamt tekjum frá öðrum en aðildarsveitarfélögunum vegna málaflokksins. Sé rekstarafgangur komi það skýrt fram. Einnig ef rekstrarhalli er, að þá sé hann sýndur áður en viðbótarframlög frá aðildarsveitarfélögunum koma fram.

### 30. Vöru- og þjónustukaup

**Lagt er til að við fjárhagsáætlunargerð hækki vöru- og þjónustukaup ekki umfram verðlagshækkanir nema þá ítarleg rök liggi fyrir útgjaldaaukningu.**

Eins og komið hefur fram hér að framan hafa í sumum tilfella vöru- og þjónustukaup verið að hækka langt umfram verðlagshækkanir. Hér er lögð áhersla á að þessir útgjaldaliðir hækki almennt ekki umfram verðlagshækkanir nema fyrir liggi ítarleg rök fyrir því.

### 31. Gjaldfærsla á þátttöku í rekstri skrifstofu

**Lagt er til að sveitarfélögin samræmi þá reglu sem stuðst er við hjá aðildarsveitarfélögunum við gjaldfærslu á þátttöku í rekstri skrifstofu viðkomandi sveitarfélags.**

Eins og komið hefur fram hér að framan virðist sem sveitarfélögin séu að gjaldfæra á mismunandi hátt kostnað vegna þátttöku stofnana í rekstri skrifstofu viðkomandi sveitarfélags. Hér er lagt til að stuðst verið við sameiginlega reglu hvað þetta varðar þegar þessi kostnaður er gjaldfærður á stofnanir sem Bergrisinn greiðir fyrir hjá sveitarfélögunum.

### 32. Yfirvinna, gjaldfærsla

**Lagt er til að unnin yfirvinna og föst yfirvinna verði færð sértaklega. Öðrum greiðslum, eins og t.d. vaktaálagi, sé ekki blandað saman við yfirvinnugreiðslur.**

Hér er lögð áhersla á að öðrum launagjöldum sé ekki blandað við unna og fasta yfirvinnu. Þannig að skýrt komi fram hve mikil unnin yfirvinna og föst yfirvina sé.

### 33. Veikindi

**Lagt er til að fram fari markviss greining á ástæðum þess að fjöldi veikindadaga starfsmanna er jafn hár og raun ber vitni. Jafnframt verði sett fram aðgerðaráætlun til næstu ára til að draga úr fjölda veikindadaga hjá starfsmönnum.**

Markmiðið með greiningunni væri að leita frekari skýringa á svo miklum veikindum hjá starfsmönnum og leggja til leiðir til úrbóta. Í greiningar- og úrlausnarvinnunni verði lögð áhersla á vellíðan starfsmanna og gott starfsumhverfi þeirra. Mikilvægur hluti vinnunnar er mótun viðverustefnu þar sem m.a. komi fram verklag um tilkynningu veikinda, leiðbeiningar fyrir stjórnendur um fjarvistarsamtöl ef veikindafjarvistir eru yfir ákveðnu viðmiði á ákveðnu tímabili, áætlanir um endurkomu o.s.frv.

Veikindi sem hlutfall af mánaðarlaunum voru sem hér segir:

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|
| **Búseta:** | | | | |
| Veikindalaun sem hlutfall af mánaðarlaunum | 9,7% | 9,8% | 7,6% | 6,5% |
| **Allar rekstrareiningar:** | | | | |
| Veikindalaun sem hlutfall af mánaðarlaunum | 7,3% | 7,2% | 7,0% | 5,6% |

Gerð verði áætlun um hvert þetta hlutfall eigi að vera fyrir hvert ár næstu ár þar til lokamarkmiðinu er náð. Lokamarkmiðið ætti að vera að ná fjarvistun vegna veikinda niður fyrir a.m.k. 5% af heildarfjölda virkra vinnudaga.

### 34. Beingreiðslu- og NPA samningar

**Lagt er til að þegar gerðir eru beingreiðslusamningar og NPA samningar sé þjónustuáætlun sem gerð er vegna þeirra borin saman við þjónustuáætlun skv. SIS mati. Samningarnir verði lagðir fyrir stjórn Bergrisans til samþykktar. Jafnframt að þessir samningar hafi sér bókhaldslykil hvor.**

Lögð er áhersla á að einstaklingsbundin þjónustuáætlun sem NPA samningur og beingreiðslusamningur grundvallast á verði borin saman við þjónustuáætlun skv. SIS mati. Sé ósamræmi þarna á milli, þ.e. einstaklingsbundin þjónustuáætlun gerir ráð fyrir meiri þjónustu en þjónustumat skv. SIS mati gerir ráð fyrir, verði óskað eftir endurmati á SIS mati. Samningar verði ávallt lagðir fyrir stjórn Bergrisans til samþykktar. Þar verði m.a. gerð grein fyrir samanburði á framangreindum mötum og einnig hvaða framlög fylgi viðkomandi samningi samanborið við samningsupphæð o.s.frv. Lögð er áhersla á að þessir samningar hafi hvor sinn bókhaldslykilinn í bókhaldi viðkomandi sveitarfélags.

## Sólheimar og Skaftholt

### 35. Sólheimar og Skaftholt

**Lagt er til að skoðað verði hvort til greina komi að gerður verði samningur við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna Sólheima og Skaftholts varðandi umframgreiðslur frá Bergrisanum dugi samningsgreiðslur við rekstraraðilann ekki til vegna rekstursins.**

Fram til þessa hefur Jöfnunarsjóður veitt að mestu viðbótarframlög ef komið hefur til þess að fjárvöntun hafi komið upp hjá rekstraraðilum þessara rekstrareininga. Hér er lagt til að um þetta fyrirkomulag verði gert samkomulag á milli Bergrisans og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með vísan til þess að notendur á Sólheimum og í Skaftholti koma alls staðar að af landinu, þ.e. að þessar rekstrareiningar eru ekki ætlaðar eingöngu fyrir notendur af Suðurlandi. Með hliðsjón af því er ekki óeðlilegt að ætla að umfram rekstrarkostnaði sé mætt með framlagi úr sameiginlegum sjóði sveitarfélaganna.

## Þjónustumiðstöðin Álftarima 2

### 36. Rekstur þjónustumiðstöðvarinnar Álftarima

**Lagt er til að rekstur skammtímadvalar verði aðskilinn í bókhaldi frá öðrum rekstri sem er skammtímadvölinni óviðkomandi.**

Lögð er áhersla á að í bókhaldi verði rekstur skammtímadvalarinnar algjörlega haldið aðskildum frá öðrum rekstri sem er skammtímadvölinni óviðkomandi.

**VISS, vinnu og hæfingarstöð Selfossi**

### 37. Hæfing

**Lagt er til að skoðað verði hvort komi til greina að endurskipuleggja hvenær notendur fara í hæfingu með það að markmiði að draga úr mönnun á heimilum notenda á þeim tíma sem hæfing fer fram.**

Hér er lagt til að skoðað verði hvort til greina komi að notendur í hverjum búsetukjarna fari í hæfingu á sama tíma. Þannig að ekki þurfi að manna heimili notenda á þeim tíma sem þeir eru í hæfingu.

Sé þetta mögulegt gæti þetta leitt til kostnaðar lækkunar bæði hvað varðar mönnun á heimilum að hluta og einnig hvað varðar akstur til og frá heimili að hæfingarstöð. Væri t.d. hægt að koma því þannig fyrir að farin væri ein ferð fram og til baka á hvert heimili í stað tveggja myndi kostnaðurinn vegna þess geta lækkað um allt að 50%. Hér gæti verið um að umtalsverða upphæð að ræða ef akstur er alla virka daga allt árið. Á sama hátt ef hægt er að draga úr mannahaldi gæti einnig verið um nokkra kostnaðarlækkun að ræða þar sem meðal launagjöld á hvert stöðugildi árið 2020 voru um 12 milljónir króna vegna búsetu. Hafa ber í huga að þetta gæti leitt til þess að fjölga þurfi stöðugildum við hæfingu en gera má ráð fyrir að í heild leiði þetta fyrirkomulag til fækkunar stöðugilda.

### 38. Húsnæði VISS, Selfossi

**Lagt er til að skoðað verði hvort mögulegt sé að byggja við húsnæðið, ef ekki hvort til greina komi að byggja nýtt húsnæði. Starfsemin taki mið að því að þjónustuþegar séu á sama tíma í hæfingu t.d. a.m.k. sex klukkustundir á dag. Komi að morgni og fari heim síðdegis.**

Vegna fjölda þjónustuþega fá allir þjónustu hálfan daginn með nokkrum undantekningum.

Með hliðsjón af þessu er hér lagt til að skoðað verði hvort til greina komi að byggja við húsnæðið, ef ekki þá bygging nýs húsnæðis.

Mikilvægt er að þjónustu við fatlað fólk sé mætt á forsendum viðkomandi og eins og þörfin er á hverjum tíma. Ætla má að ekki sé verið að mæta þjónustuþega á hans forsendum ef hæfingin miðast við að viðkomandi geti einungis verið hálfan dag, ef honum væri betur mætt með því að vera allan daginn.

Skoðað verði til framtíðar litið hvort til greina komi að sem flestir þjónustuþegar séu á sama tíma í hæfingu sem gæti t.d. verið a.m.k. sex klukkustundir á dag. Þannig kæmu þjónustuþegar að morgni og færu heim síðdegis. Veittur verði matur.

Ávinningurinn af þessu væri ekki einungis að mæta þörfum viðkomandi þjónustuþega heldur væri einnig um að ræða mögulega lægri kostnað og betri þjónustu. Gera má ráð fyrir að þetta fyrirkomulag gæti einnig dregið úr kostnaði við akstur og fækkað stöðugildum á heimilum viðkomandi notenda en á móti yrði fjölgun stöðugilda við hæfinguna.

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga veitir framlag að 25% af kostnaði við nýbyggingu vegna hæfingar. Tillaga er um að hækka þetta í 50% framlag af kostnaðinum miðað við ákveðið fermetraverð.

## VISS, vinnu og hæfingarstöð Þorlákshöfn

### 39. Húsaleiga

**Lagt er til að skoðað verði hvort ekki sé hægt að semja um lækkun á húsleigu.**

Með vísan til þess hversu há húsleigan er, eða 371.715 krónur á mánuði, er lagt til að óskað verði eftir lækkun á leigunni við viðkomandi leigusala.

**Fasteignir og framtíðaruppbygging þjónustu**

### 40. Uppbygging þjónustu

**Lagt er til að farið verði í stefnumótunarvinnu um framtíðaruppbyggingu á húsnæði í málefnum fatlaðs fólks hjá Bergrisanum.**

Ljóst er að ráðast þarf í fjárfestingu á húsnæði í málefnum fatlaðs fólks hjá Bergrisanum. Markmiðið verði m.a. að færa alla starfsemi sem fram fer í herbergjasambýlum undir nýtt húsnæði sem samræmist lögum og reglugerð þar um og að eyða biðlistum eftir húsnæði. Á þetta bæði við um íbúðarhúsnæði og húsnæði fyrir atvinnu og hæfingu með stuðningi.

Við slíka uppbyggingu gefst tækifæri til að skipuleggja þjónustuna upp á nýtt. Það er því mikilvægt að gerð verði uppbyggingaráætlun fyrir búsetu- og atvinnuþjónustu til t.d. næstu 10 ára. Í þessu felst að meta þjónustuþörf eftir búsetuþjónustu og að skipulag á stærð og fjölda íbúða takið mið af því. Hafa ber í huga að stærð íbúða getur haft nokkur áhrif á rekstur þjónustunnar til langs tíma.

Með því að mynda heildræna stefnu í uppbyggingu þjónustu gefst aðildarsveitarfélögunum tækifæri á að skipuleggja þjónustuna með hagkvæmni og þjónustuþarfir notenda í huga. Hér ber að leggja áherslu á að þjónusta í búsetukjörnum taki mið af álíka þjónustuþörfum þjónustuþega. Þannig að í búsetukjörnum, þar sem veitt er sólarhringsþjónusta, búi eingöngu notendur sem þurfa á slíkri þjónustu að halda og hafi fengið mat í samræmi við það.

### 41. Sjálfseignastofnun um byggingu og rekstur íbúðakjarna fyrir fatlað fólk.

**Lagt er til að Bergrisinn fylgi áfram þeirri stefna að sjálfseignarstofnun samkvæmt lögum nr. 52/2016 annist byggingu og rekstur almennra leiguíbúða í íbúakjörnum fyrir fatlað fólk.**

Sjálfseignarstofnunin mun eiga fasteignina, annast rekstur hennar og fjármögnun. Fasteignirnar verði fjármagnaðar með stofnframlögum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) og sveitarfélaginu. Framlögin geta verið allt að 34% og þá 66% fjármögnuð með láni.

Lögð verði áhersla á að rekstur húsnæðisins verði sjálfbær og að leigutekjur standi undir rekstrar- og fjármagnskostnaði ásamt afborgun langtímalána.

# Lokaorð

Eins og fram kemur í skýrslunni hefur Bergrisinn nokkurn veginn haldið hlutdeild sinni í framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga frá árinu 2011 fram til dagsins í dag með nokkrum undantekningum.

Miðað við heildarframlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks var Bergrisinn að fá fjórða hæsta framlagið samtals á eftir Reykjavíkurborg, Akureyrarbæ og Hafnarfjarðarkaupstað fram til ársins 2020. Árið 2021 nam heildarframlagið til Bergrisans hærri upphæð en til Hafnarfjarðarkaupstaðar. Þannig að árið 2021 var Bergrisinn með þriðja hæsta framlagið á eftir Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ.

Afgangur var af rekstri Bergrisans árið 2018, sem nam 128 milljónum króna. Hins vegar var halli árin 2019 til og með 2021. Árið 2021 var hallinn 335 milljónir króna. Samanlögð rekstrarafkoma áranna 2018 til 2021 var neikvæð um 434,5 milljónir króna.

Miðað við upplýsingar sem fram koma í skýrslunni kemur Bergrisinn ágætlega út, í samanburði við a.m.k. nokkur önnur sveitarfélög varðandi rekstrarafkomu, í málefnum fatlaðs fólks. Engu að síður þar sem hallarekstur Bergrisans hefur farið vaxandi síðustu ár er nauðsynlegt að gripið verði til hagræðingar í rekstri Bergrisans með það að leiðarljósi að þær aðgerðir sem farið verður í komi ekki niður á þjónustunni heldur verði þvert á móti til að bæta hana.

Bergrisinn hefur borið óverulegan kostnað umfram lögbundin framlög vegna Sólheima og Skaftholts.

Eftir ítarlega yfirferð á rekstri málaflokksins og stjórnsýslu er það mat skýrsluhöfunda að ýmsir möguleikar séu til að bæta rekstrarafkomu og þjónustu málaflokksins enn frekar og gera góða þjónustu og rekstur enn betri.

